












# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa
25. september 2010
225. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Verður ekki þægur**

*Jóhanna Sigurðardóttir var í innsta hring í hruninu og ætti því að fara varlega í að útdeila ávirðingum.*

stjórnmál 22



**Selma í Chess**

*Stórsöngleikur settur upp í Hörpu.*

fólk 58

**Hver verður meistari?**

*Breiðablik, ÍBV eða FH geta orðið Íslandsmeistarar í fótbolta í dag.*

sport 52

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Menning | Allt | Allt atvinna





**Auglýsingasími**

**512 5050**




Allt sem þú þarft...




**LEIKUR SÉR Í ÖLDUNUM** Brimbrettakappar sýndu listir sínar í öldurótinu utan við Seltjarnarnes í gær og sést einn þeirra, Róbert Orri Stefánsson, hér á mikilli siglingu. Viðmælandi Fréttablaðsins segir nokkuð marga stunda þetta sport hér á landi. Aðstæður hafi verið hinar bestu í gær, milt veður, háar öldur og sjórinn í hlýrra lagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kaupþingsmenn una ekki boði um málalok

**Breska fjármálaeftirlitið telur stjórnendur Kaupþings ekki hafa gerst brotlega við lög í landinu, að sögn fyrrum forstjóra fyrirtækisins. Þeir hafi aðeins vanrækt upplýsingaskyldu og hljóti sekt fyrir vikið. Þeir gangast ekki við brotinu.**

**VIÐSKIPTI** Breska fjármálaeftirlitið (FSA) hefur lokið rannsókn sinni á starfsemi Kaupþings Singer & Friedlander í aðdraganda hrunsins, að því er fram kemur í bréfi sem Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hefur sent íslenskum yfirvöldum og ráðamönnum.

Hreiðar segir niðurstöðuna vera þá að ekki sé talið að hann eða aðrir stjórnendur bankans hafi gerst brotlegir við lög. Hins vegar hafi þeim borið skylda til að upplýsa FSA þremur dögum fyrr en gert var um versnandi lausafjárstöðu íslensku bankanna og þær þrengingar sem blöstu við eftir tilkynninguna um yfirtöku ríkisins á Glitni.

„Niðurstaða þessarar rannsóknar er því sú að sakargiftir séu óverulegar og er mér, sem forstjóra Kaupþings banka, boðið að ljúka málinu með greiðslu sektar að upphæð 35 þúsund pund,“ segir Hreiðar í bréfinu. Sektin jafngildir um sex og hálfri milljón og segir Hreiðar það einungis vera málamyndasekt miðað við fjárhæðir annarra sekta FSA.

> Niðurstaða þessarar rannsóknar er því sú að sakargiftir séu óverulegar og er mér, sem forstjóra Kaupþings banka, boðið að ljúka málinu með greiðslu sektar að upphæð 35 þúsund pund.
>
> **HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON**
> FYRRVERANDI FORSTJÓRI KAUPÞINGS

Hreiðar segist hins vegar ekki ætla að greiða sektina heldur muni hann leitast við að fá það afdráttarlaust viðurkennt að hann hafi ekki brotið af sér í störfum sínum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að aðrir stjórnendur bankans, þeirra á meðal stjórnarformaðurinn Sigurður Einarsson og bankastjórinn Ármann Þorvaldsson, hafi hlotið viðlíka sektir og ætli ekki heldur að una ákvörðuninni.

Fréttablaðið hafði samband við Breska fjármálaeftirlitið í gær til að freista þess að staðfesta frásögn Hreiðars. Þar fengust þær upplýsingar að ekkert væri gefið upp um rannsóknir embættisins.

Hreiðar gagnrýnir vinnubrögð íslenska Fjármálaeftirlitsins harðlega í bréfinu.

- sh / sjá síðu 10

Tjón vegna hrunsins:

## Tæplega 300 áttu samtals 103 milljarða

**FJÁRMÁL Einstaklingar töpuðu samtals 183 milljörðum króna í hlutabréfaeign við þrot almenningshlutafélaga í kjölfar bankahrunsins. 56 þúsund manns töpuðu samtals 80 milljörðum króna en þeir sem mest áttu, innan við 300 manns, töpuðu samtals 103 milljörðum króna. Þetta kemur fram í tölum sem Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lét taka saman í byrjun árs.**

**Tap fólksins var mismikið. Um fjórtíu þúsund manns töpuðu fjárhæðum upp að einni milljón króna, átta þúsund töpuðu frá einni til þremur milljónum og 3.400 manns töpuðu á bilinum þremur til sex milljónum.**

**„Þetta sýnir að næstum 60 þúsund manns sem áttu samtals um 80 milljarða og að meðaltali eina og hálfa milljón, töpuðu sínu,“ segir Pétur.**

-bþs / sjá síðu 4

## SPURNING DAGSINS



*Sigurbjörg, var verið að steypa bæjarskrifstofunum í glötun?*

„Nei, þetta er bara tóm steypa.“

Sigurbjörg Kr. Hannesdóttir er forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar þar sem bæjarstjórinn stöðvaði verktaka sem notaði steypu, sem ekki var keypt þar innanbæjar, til að endurnýja gangstétt við bæjarskrifstofurnar.

Ingibjörg Sólrún segist ekki hafa haldið upplýsingum frá Björgvin G. Sigurðssyni:

# Miðlaði upplýsingum áfram

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrverandi utanríkisráðherra neitar að hafa haldið upplýsingum frá Björgvin G. Sigurðssyni þáverandi viðskiptaráðherra um bága stöðu bankanna í aðdraganda bankahrunsins. Jafnframt að aldrei hafi verið rætt um bankaáhlaup á Landsbankann í Bretlandi á fundi sem hún sat með formanni bankaráðs Seðlabankans í forsætisráðuneytinu í apríl 2008.

Þetta kemur fram í bréfi sem Ingibjörg Sólrún sendi Alþingisnefnd í gær vegna þingsályktunartillögu þeirra Magnúsar Orra Schram og Oddnýjar Harðardóttur, fulltrúa Samfylkingar í þingmannanefnd. Þau hafa lagt til að Ingibjörg verði dregin fyrir Landsdóm í stað Björgvins.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN** Segist ekki hafa haldið upplýsingum frá þáverandi viðskiptaráðherra.

Í bréfinu fjallar hún um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið og ákúrur á hendur sér í forsætisráðherratíð Geirs H. Haarde.

Ingibjörg Sólrún segir í bréfinu ekki hafa haldið upplýsingum frá samflokksfélögum sínum í ríkisstjórninni í aðdraganda bankahrunsins. Þvert á móti hafi hún miðlað upplýsingum af fundum með Seðlabankanum til ráðherra Samfylkingarinnar og trúnaðarmanna á ýmsum fundum. **- jab**

Þingmaður gengur úr liði:

# Írska stjórnin stendur tæpt

**ÍRLAND, AP** Noel Graelish, óháður þingmaður á Írlandi, hefur hætt stuðningi við ríkisstjórn Brians Cowen vegna stefnu stjórnarinnar í fjármálum.

Hann sagði það óþolandi „þegar við erum með heilbrigðiskerfi sem er að falli komið,“ að stjórnin skuli verja tugum milljarða punda til þess að styrkja skuldum hlaðna banka.

Með brotthvarfi Graelish stendur stjórnin tæpt og líkur þykja hafa aukist á því að kosningar verði strax á næsta ári. **- gb**

Bráðabirgðaskýrsla frá SÞ.:

# Hundruðum var nauðgað

**KONGÓ** Að minnsta kosti þrjú hundruð manns var nauðgað í austanverðu Kongó í júlí og ágúst, að því er fram kemur í bráðabirgðaskýrslu Sameinuðu þjóðanna um atburðina.

Vopnaðir hópar manna, sem sumir voru hermenn, gerðu fjölmargar árásir á fólk. Nærri þúsund heimili voru lögð í rúst og að minnsta kosti 235 konum, 52 stúlkum, þrettán körlum og þremur drengjum var nauðgað í þessum árásum, sumum oft.

Sameinuðu þjóðirnar höfðu áður viðurkennt að friðargæsluliðar hafi í sumum tilvikum brugðist þessu fólki. **- gb**

Frakkar mótmæla:

# Milljón manns á götunum

**FRAKKLAND, AP Um milljón manns hélt út á götur í helstu borgum Frakklands í gær til að mótmæla hækkun eftirlaunaaldurs um tvö ár.**

**Verkföll trufluðu einnig starfsemi á flugvöllum, lestarstöðvum og í skólum.**

**Nicolas Sarkozy forseti ákvað að hækka eftirlaunaaldur upp í 62 ár til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs í kjölfar heimskreppunnar. - gb**

## HVERAGERÐI

### Systur taka árbakka í fóstur

Systurnar Kolbrún og Auður Ingimarsdætur, sem áður hafa, til minningar um foreldra sína, gefið Hveragerðisbæ 150 þúsund krónur til ræktunarstarfs á bökkum Varmár, hafa nú fengið leyfi til að taka í fóstur árbakkann frá Lystigarðinum að gistiheimilinu Frosti og funa. Þar hyggjast systurnar planta ýmsum trjátegundum öllum til yndisauka.

# Þriðjungur Íslendinga mjög andvígur mosku

**Tæplega 42 prósent landsmanna eru andvíg því að múslimar fái að reisa mosku í Reykjavík. Um 37 prósent eru því hlynnt. Stuðningsmenn Samfylkingar og Vinstri grænna eru jákvæðari en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins.**

**KÖNNUN** Skiptar skoðanir eru á því meðal landsmanna hvort byggja eigi mosku í Reykjavík. Samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins eru 41,8 prósent andvíg byggingu mosku en 36,6 prósent eru hlynnt því að moskan rísi.

Alls sögðust 17,2 prósent mjög fylgjandi því að múslimar fái að byggja mosku í Reykjavík, og 19,4 prósent sögðust því frekar fylgjandi. Þá sögðust 21,6 prósent hlutlaus í afstöðu sinni til byggingar mosku. Um 13,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku voru frekar andvíg því að múslimar fái að reisa mosku í Reykjavík, og 28,3 prósent voru því mjög andvíg.

Talsverður munur er hins vegar á afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það myndi kjósa yrði gengið til kosninga nú.

Stuðningsmenn Vinstri grænna eru hlynntastir byggingu mosku, 52,9 prósent sögðust fylgjandi byggingu mosku en 25,9 prósent sögðust henni andvíg.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar voru einnig jákvæðir gagnvart byggingu mosku, 46,8 prósent sögðust því fylgjandi en 29,9 prósent sögðust því andvíg.

Á meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins var mun minni stuðningur við byggingu mosku. Alls sögðust 26,7 prósent því hlynnt en 48,1 prósent andvígt.

Alls sögðust 37,5 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins fylgjandi því að múslimar fái að reisa mosku, en 45,8 prósent voru því andvíg.

Ekki reyndist tölfræðilega marktækt að reikna afstöðu stuðningsmanna annarra flokka til spurningarinnar.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 23. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að múslimar fái að reisa mosku í Reykjavík? Alls tóku 97,1 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins

**Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að múslimar fái að reisa mosku í Reykjavík?**
Hægt er að sjá afstöðu fólks til byggingar mosku með því að raða henni á skala á bilinu núll til tíu, þar sem tíu er mjög fylgjandi, fimm er hlutlaus og núll er mjög andvígur.




Allsherjarnefnd skilar áliti:

# Telur mannréttindi ekki brotin

**ALÞINGI** Þingsályktunartillögur um að fyrrverandi ráðherrar verði ákærðir fyrir landsdómi eru í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð.



**RÓBERT MARSHALL**

Þetta er niðurstaða meirihluta allsherjarnefndar Alþingis sem skilaði Atlanefndinni áliti sínu á málinu síðdegis í gær.

Minnihluti Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd er ósammála.

Róbert Marshall, formaður allsherjarnefndar, segir í samtali við Fréttablaðið að niðurstaðan hafi verið sú að þar sem eiginleg málsmeðferð hefjist ekki fyrr en landsdómur taki til starfa, hafi ekkert brot átt sér stað. „Í raun hefur því ekki enn komið til kasta 70. greinar stjórnarskrár,“ sagði Róbert.

Atlanefndin fundar í dag og er búist við að hún afgreiði málið. **- þj**

Bretadrottning fékk synjun:

# Bað um styrk til húshitunar

**BRETLAND, AP Starfsfólk bresku konungsfjölskyldunnar fór þess á leit við opinberan sjóð, sem á að styrkja fátæklinga til að standa straum af húshitun, að greitt yrði úr sjóðnum til húshitunar fyrir konungsfjölskylduna.**

**Svar barst, þar sem þessari málaleitan var kurteislega hafnað.**

**Reikningar fyrir húshitun, rafmagn og gas til bresku konungsfjölskyldunnar höfðu hækkað um helming og námu rúmlega milljón pundum árið 2004, þegar bréfið var skrifað. - gb**


Samfylkingin

**Stjórn kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi boðar til aðalfundar kjördæmisráðsins í Skjólbrekku Mývatnssveit laugardaginn 9. október 2010. Léttar veitingar í boði kl 12-13.**

**Þinghald hefst kl 13.00.**

**Dagskrá**
a. Skýrsla stjórnar og reikningar.
b. Kjör stjórnarmanna skv. lögum kjördæmisráðsins
c. Lagabreytingar
d. Ávörp gesta
e. Almennar stjórnmálaumræður
f. Ályktanir
g. Önnur mál

Rétt til setu á kjördæmisþingi eiga allir formenn aðildarfélaga og einn fulltrúi fyrir hverja 10 félagsmenn í aðildarfélögum kjördæmisráðsins. Þátttöku á kjördæmisþing skal tilkynnt til formanna aðildarfélaga.

Stjórn kjördæmisráðs.


Unnið að úrbótum til að lágmarka áhættu ríkissjóðs eftir stórfelld skattsvik:

# Herða reglur um virðisaukaskatt

**LÖGREGLUMÁL** Fjármálaráðuneytið og embætti ríkisskattstjóra vinna nú að úrbótum við að lágmarka áhættu ríkissjóðs eftir að 270 milljónir voru sviknar út vegna endurgreidds virðisaukaskatts.

Hrundið verður af stað víðtækri endurskoðun á stjórnun, verklagi, ferlum og meðferð gagna er tengjast virðisaukaskattsinnheimtu. Ráðist verður strax í þá endurskoðun og hún unnin eins hratt og kostur er.

Áhættumat og áhættustjórnun verður hert, endurbætur verða gerðar á innri og ytri ferlum, svo sem aðkomu starfsfólks, afgreiðsluhraða og krafna til stofnenda og stjórnenda fyrirtækja. Lagt verður sérstakt mat á verklag meðal annars með hliðsjón af fjárhæðum til endurgreiðslu. Endurskoðaðir verða starfshættir við samanburð gagna, skráningu upplýsinga og innra eftirlit og loks er lagt mat á hvort ástæða sé til að breyta lögum eða reglugerðum, og þá í hverju slíkar breytingar ættu að felast.

Gæsluvarðhald yfir einum af þeim sex, sem sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á fjársvikamálinu, var í gær framlengt til 8. október. Um er að ræða starfsmann ríkisskattstjóra.Lögregla vinnur að rannsókn málsins. **- jss**



**FYRIR DÓMARA** Einn hinna sex sem sæta gæsluvarðhaldi vegna fjársvikamálsins var leiddur fyrir dómara í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**ÚTSÖLULOK**
**40-50%**
AF ÖLLUM POTTAPLÖNTUM

# ÚTSÖLULOK
## í Blómavali




**MAGNTILBOÐ**
HAUSTLAUKAR
TÚLIPANAR 50 stk
KRÓKUSAR 50 stk
PÁSKALILJUR 20 stk
**1199kr**
~~1499~~



**TILBOÐSSTANDUR**
**Allir laukar á**
**299kr**



5 stk
**LILJUR**
**1990kr**



**KERTA-MARKAÐUR**
**Í SKÚTUVOGI**
**50%**
**AFSLÁTTUR**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 24.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,71 | 115,25 |
| Sterlingspund | 180,25 | 181,13 |
| Evra | 153,8 | 154,66 |
| Dönsk króna | 20,641 | 20,761 |
| Norsk króna | 19,346 | 19,46 |
| Sænsk króna | 16,711 | 16,809 |
| Japanskt jen | 1,3589 | 1,3669 |
| SDR | 176,76 | 177,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
196,1047

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hagsmunasamtök heimilanna kynna tillögur um breytingar á lánum:

# Lánakerfinu verði breytt

**EFNAHAGSMÁL** Hagsmunasamtök heimilanna vilja að húsnæðislánakerfinu á Íslandi verði breytt verulega og varanlega, að því er fram kemur í fréttatilkynningu samtakanna.

Samtökin leggja til að sett verði fjögurra prósenta þak á verðbætur verðtryggðra húsnæðislána, sem lækki í þrepum þar til hætt verði að nota verðtryggð lán. Á óverðtryggð húsnæðislán verði svo sett fimm til sex prósenta þak á vexti og þeir verði ákvarðaðir til þriggja til fimm ára í senn.

Þá leggja samtökin til að gengistryggðum húsnæðislánum, húsnæðislánum í erlendri mynt og erlendum húsnæðislánum verði breytt í verðtryggð krónulán miðað við stöðu þeirra um áramótin 2007. Einnig vilja þau að höfuðstóll verðtryggðra lána miðist við árslok 2007.

Samtökin segja tillögurnar sjálfsagt virka róttækar en þær myndi góða, sanngjarna og framkvæmanlega heild. Tillögurnar kalla samtökin grunn að þjóðarsátt. **- þeb**



**FUNDURINN** Andrea J. Ólafsdóttir, Friðrik Ó. Friðriksson og Marinó G. Njálsson kynntu hugmyndir samtakanna.

Kröfu kúrda hafnað:

# Engin kennsla á kúrdnesku

**TYRKLAND, AP Tyrkneska stjórnin vill ekki leyfa kennslu á kúrdnesku í skólum landsins.**

**Kúrdar í Tyrklandi hafa áratugum saman barist fyrir auknum réttindum og jafnvel stofnun sjálfstæðs ríkis. Ein helsta krafa kúrda hefur verið sú að kúrdnesk börn fái að stunda nám á móðurmáli sínu.**

**Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra hefur sagst staðráðinn í að leysa deilu stjórnvalda við kúrda, en átök út af henni hafa kostað tugi þúsunda lífið undanfarna tvo áratugi. - gb**



**EVRÓPUFÁNINN** Lissabon-sáttmálinn kveður meðal annars á um að ESB hlutist ekki til um málefni sem aðildarríki getur sjálft leyst úr. MYND/ÚR SAFNI

Verklok í byrjun næsta árs:

# Lissabon-sáttmálinn þýddur

**EVRÓPUMÁL** Fyrr í þessum mánuði hófst vinna hjá þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytis við að þýða Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins yfir á íslensku.

Gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið í byrjun næsta árs.

Kostnað af þessu ber ráðuneytið og er hann á fjárlögum. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu er viðbúið að ESB taki kostnaðinn á sig, verði landið hluti af ESB.

Téð skjal var samþykkt 2009 og stundum kallað umbótasáttmáli. Því er ætlað að auka skilvirkni og lýðræði í ESB. **- kóp**

## Tap hlutabréfaeigenda í kjölfar hrunsins

Þeir sem töpuðu innan við 50 m. kr. verðmæti:

| | Einstaklingar fæddir fyrir 1944 | Einstaklingar fæddir 1944 og síðar | Allir einstaklingar |
|---|---|---|---|
| Fjöldi | 12.751 | 42.808 | 55.559 |
| Heildarupphæð | 29.464.217.950 | 50.297.965.324 | 79.762.183.274 |
| Meðalupphæð | 2.310.738 | 1.174.966 | 1.435.630 |

Þeir sem töpuðu meira en 50 m. kr. verðmæti:

| | Einstaklingar fæddir fyrir 1944 | Einstaklingar fæddir 1944 og síðar | Allir einstaklingar |
|---|---|---|---|
| Fjöldi | 96 | 190 | 286 |
| Heildarupphæð | 15.140.965.543 | 88.054.150.026 | 103.195.115.569 |
| Meðalupphæð | 157.718.391 | 463.442.895 | 360.822.082 |






# Almenningur tapaði 80 milljörðum króna

**Einstaklingar töpuðu samtals 183 milljarða króna hlutabréfaeign við þrot almenningshlutafélaga í kjölfar bankahrunsins. Tæplega 300 áttu samtals 103 milljarða en 56 þúsund einstaklingar og heimili töpuðu samtals 80 milljörðum.**

**FJÁRMÁL** Tap 56 þúsund einstaklinga vegna glataðrar hlutabréfaeignar í bönkunum og nokkrum öðrum almenningshlutafélögum sem fóru í þrot í framhaldi bankahrunsins nam samtals 183 milljörðum króna.

Tap fólks var mismikið. Langflestir, um fjörutíu þúsund, töpuðu fjárhæðum upp að einni milljón króna. Tæplega átta þúsund töpuðu frá einni til þremur milljónum og 3.400 manns töpuðu á bilinu þremur til sex milljónum.

Þessar upplýsingar er að finna í gögnum sem Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lét taka saman í byrjun ársins.

Í þeim er greint á milli þeirra sem áttu meira eða minna en 50 milljónir í hlutabréfum. Fram kemur að 286 einstaklingar áttu samtals 103 milljarða króna í hlutabréfum. 96 þeirra eru fæddir fyrir 1944. Heildarupphæð eignar þeirra nam rúmum 15 milljörðum. Hinir 190 áttu samtals 88 milljarða í hlutabréfum.

Pétur Blöndal segist hafa látið taka þessar upplýsingar saman til að sýna fram á að fjármagnseigendur hefðu, öfugt við það sem oft er haldið fram, tapað miklu í hruninu. „Þetta sýnir að næstum 60 þúsund manns sem, áttu samtals um 80 milljarða og að meðaltali eina og hálfa milljón, töpuðu sínu.“

Pétur setur þessa fjárhæð í samhengi við umræðuna um gengislánin. Þau hafi hækkað um ámóta upphæð frá gengisfalli krónunnar. „Þetta tap slagar vel upp í þessar auknu byrðar lántakenda sem mikið hefur verið fjallað um. Þetta er því mikið áfall en enginn talar um það.“

Fyrirtækin sem hlutabréfaeignin náði til eru Glitnir, Kaupþing, Landsbankinn, Straumur, Atorka, Avion, Bakkavör, Exista og TM. Verðbréfaskráning Íslands annaðist útreikningana. Frá því að útreikningarinar voru gerðir hafa hluta- og stofnbréf í fleiri fyrirtækjum orðið verðlaus og fjárhæðir því hækkað. **bjorn@frettabladid.is**



**HVALVEIÐAR** Síðustu langreyðarnar voru flensaðar í Hvalfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvalveiðivertíðinni lokið:

# Hafa veitt 148 langreyðar

**VEIÐAR** Hvalveiðum á þessu ári lauk í gær þegar síðustu langreyðarnar voru flensaðar í Hvalfirði. 148 dýr hafa verið veidd, en kvóti ársins var 150 dýr auk ónýtts kvóta frá því í fyrra. Ákveðið var þó að hætta veiðum nú þar sem veðurspá er slæm og birtutími orðinn stuttur. Stefnt er að því að hefja hvalveiðar á ný snemma næsta sumar. **-þeb**

Ofbeldismaður ákærður:

# Höfuðkúpubraut mann

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir stórfellda líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa stórslasað annan mann.**

**Maðurinn er ákærður fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. apríl 2009 slegið annan mann einu hnefahöggi í andlitið þannig að fórnarlambið féll og skall með höfuðið í akbraut. Af þessu hlaut sá sem ráðist var á mar á höfði og andliti, höfuðkúpubrot, mar á heila, nefbrot og heyrnartap.**

**Árásin átti sér stað við leigubílastöð gegnt Stjórnarráðinu við Lækjargötu í Reykjavík. Fórnarlambið krefst rúmlega tveggja milljóna í skaðabætur. - jss**

## MANNRÉTTINDAMÁL

### Kúbufeðgarnir komnir heim

Kúbversku feðgarnir sem flúðu land fyrr í mánuðinum eru komnir aftur heim til Íslands. Þeir yfirgáfu landið sökum mikilla kynþáttafordóma og miklar skemmdir voru unnar á heimili þeirra.

## LEIÐRÉTTING

Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur er ekki sérfræðingur í ungum afbrotamönnum og netfíkn, eins og Fréttablaðið sagði í byrjun mánaðarins.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÓSPENNANDI VEÐUR** um helgina um sunnan og vestanvert landið en búast má við stífri suðaustanátt og úrhelli sunnanlands í dag og síðan aftur annað kvöld. Mun skaplegra veður verður norðaustan til þar sem úrkoma verður lítil og það hlýnar heldur í veðri.




Á MORGUN
13-18 m/s S- og V-til, annars víða 8-13.

MÁNUDAGUR
3-8 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 14° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 29° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 8° |
| París | 15° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Í tilefni frumsýningar Auris HSD verða sölumenn Toyota í hátíðarskapi og ætla að gefa öllum sem koma tækifæri til að eignast nýja Toyota bifreið á miklu betra verði.

TOYOTA

# FRUMSÝNING Á AURIS HSD



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 51698 09/10

Í DAG MILLI KL. 12 OG 16

## Nýr Auris með Hybrid Synergy Drive®
## Finndu orkuna – aftur

Í dag frumsýnir Toyota Auris Hybrid Synergy Drive. Í Auris HSD mætast tveir orkugjafar, bensínvél og rafmótor en með þessari byltingarkenndu tækni eyðir Auris HSD minna en 4 lítrum á hundraðið án þess að fórna afli og mengar mun minna en aðrir sambærilegir bílar.

Komdu við í Toyota Kópavogi, Akureyri, Selfossi eða Reykjanesbæ á laugardaginn á milli 12 og 16 og upplifðu Auris HSD, einn merkilegasta bíl ársins 2010.

HYBRID SYNERGY DRIVE

ENDURNÝTIR ORKU | 136 DIN HÖ VINNUR VEL | 89 g MENGAR MINNA | 3.8 L SPARAR BENSÍN

www.toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Today Tomorrow Toyota

**KJÖRKASSINN**




*Hefurðu keypt þýfi, þér vitanlega?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 55,8% |
| NEI | 44,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að sjá myndir á RIFF?*

Segðu skoðun þína á Visir.is.

Maður á þrítugsaldri ógnaði háskólanemendum á Hvanneyri með kjöthnífi:

# Einn var fluttur á sjúkrahús

**LÖGREGLUMÁL** Liðlega tvítugur maður var handtekinn á heimavist Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um klukkan þrjú aðfaranótt föstudags vegna ógnandi tilburða við samnemendur sína.

Maðurinn deildi húsi með þremur öðrum nemendum skólans og var teiti í húsinu, sem mun hafa farið úr böndunum. Maðurinn brá kjöthnífi á loft og hafði í hótunum við fólkið. Það flúði undan honum inn í herbergi og læsti að sér. Þegar maðurinn gerði tilraun til að brjóta sér leið inn í herbergið hringdi fólkið í lögreglu.

Fólkið var komið út úr herberginu þegar lögreglu bar að garði. Engin meiðsl urðu á fólki en flytja varð stúlku á sjúkrahús og þurfti hún á áfallahjálp að halda, samkvæmt lögreglunni í Borgarnesi.

Lögreglan yfirheyrði manninn í gær eftir að hann komst í viðræðuhæft ástand. Honum var sleppt lausum að því loknu. Beðið er niðurstöðu blóðrannsóknar sem leiða mun í ljós hversu mikið áfengismagn var í blóði hans. Sambýlisfólk mannsins hefur kært hann vegna málsins.

„Við lítum þetta mál mjög alvarlegum augum, höfum vikið honum úr skólanum og úr húsinu,“ segir Ágúst Sigurðsson, rektor háskólans. **- jab**


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**REKTOR HÁSKÓLANS** Ofbeldi er ekki liðið í Landbúnaðarháskólanum, að sögn Ágústs Sigurðssonar rektors.

Umfangsmiklar framkvæmdir:

# Góður gangur í viðræðunum

**FRAMKVÆMDIR** Viðræðum ríkisvaldsins og lífeyrissjóðanna um aðkomu sjóðanna að fjármögnun vegaframkvæmda miðar vel, að sögn Kristjáns Möller, þingmanns Samfylkingarinnar, sem stýrir þeim fyrir hönd ríkisins.

Undir eru tvöföldun Reykjanesbrautarinnar suður fyrir Straumsvík, tvöföldun Suðurlandsvegar suður fyrir Selfoss, tvöföldun á hluta Vesturlandsvegar og Vaðlaheiðargöng. Áætlaður kostnaður við verkefnin fjögur er um 38 milljarðar króna. **- bþs**





Mjólk er góð!

Holl mjólk
hraustir krakkar

Á alþjóðlega skólamjólkurdeginum, 29. september, býður Mjólkursamsalan öllum 70.000 grunn- og leikskólabörnum landsins upp á mjólk í skólunum. Með deginum vill íslenskur mjólkuriðnaður vekja athygli barna, foreldra og starfsfólks skólanna á mikilvægi mjólkur í fæði barnanna.


# Hægt að finna lausn í sjávarútvegsmálum

**Fyrrum sjávarútvegsstjóri ESB segir mikilvægt að almenningur sé upplýstur um kosti og galla aðildar. Maltverjar fengu mörg sérákvæði í ESB-viðræðum. Segir framkvæmdastjórn jafnan jákvæða fyrir sjónarmiðum umsóknarþjóða.**

**EVRÓPUMÁL** Ísland þarf ekki að óttast viðræður við Evrópusambandið (ESB), segir Joe Borg, fyrrum utanríkisráðherra Möltu, formaður samninganefndar landsins í ESB-viðræðum á sínum tíma og síðar sjávarútvegsstjóri sambandsins. Borg er staddur hér á landi á vegum samtakanna Sterkara Íslands, sem vinna að ESB-aðild Íslands. Hann heldur erindi í Háskólanum í Reykjavík í dag undir yfirskriftinni: Hvað má læra af reynslu Möltu? Titillinn vísar til þess að margt sé líkt með reynslu Maltverja og stöðu Íslendinga í dag.

Maltverjar gengu í Evrópusambandið árið 2004 og eru nú fámennasta ríki sambandsins með 400 þúsund íbúa. Eftir harða kosningabaráttu þar sem aðild var samþykkt með 53 prósentum atkvæða hafa Maltverjar almennt verið ánægðir með aðildina í skoðanakönnunum.

Í samtali við Fréttablaðið segir Borg að þrennt hafi skipt sköpum við að afla aðild fylgis á Möltu.

„Í fyrsta lagi var mikilvægt að allir hagsmunaaðilar komu að viðræðuferlinu og höfðu sitt að segja. Í öðru lagi fórum við af stað með yfirgripsmikið upplýsingaátak þar sem við útlistuðum nákvæmlega hvað aðild að sambandinu hefði í för með sér fyrir einstaklinginn, bæði kosti og galla, svo hann gæti tekið upplýsta ákvörðun byggða á staðreyndum en ekki upphrópunum eða röngum upplýsingum.

Loks vorum við með afar sterka samninganefnd sem náði fram hagstæðum samningi þar sem við fengum meðal annars í gegn 76 tímabundin sérákvæði.“

Maltverjar fengu einnig í gegn varanleg ákvæði, meðal annars varðandi fiskveiðar. „Til að koma í veg fyrir ofveiði, fengum við að takmarka fjölda veiðileyfa innan 25 mílna. Þannig fengu þeir sem þegar stunduðu veiðar innan svæðisins leyfi og aðrir sem síðar koma eru háðir hámarksfjölda.“

Borg segist loks ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að Íslendingar nái viðunandi samningum í sjávar-útvegsmálum.

„Í viðræðunum er gott að vera ekki of óbilgjarn til að byrja með. Varðandi mál sem eru Íslendingum sérstaklega hugleikin, mun framkvæmdastjórnin gera hvað hún getur til að finna lausn sem er viðunandi fyrir Ísland svo lengi sem það gengur ekki gegn grundvallarlögum sambandsins. Hins vegar er ég viss um að með útsjónarsemi og góðum vilja er hægt að finna lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við.“

**thorgils@frettabladid.is**



**JOE BORG** Þessi fyrrum sjávarútvegsstjóri ESB segir Íslendinga eiga að geta náð hagstæðum samningum í viðræðum við ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


KJARARÁÐSTEFNA VM

Taktu þátt í að móta kröfur VM fyrir næstu kjarasamninga!

Vegna komandi kjarasamninga efnir VM til kjararáðstefnu laugardaginn 2. október kl. 10–14, í VM húsinu að Stórhöfða 25, 4. hæð.

Á ráðstefnunni verða kröfur VM í komandi kjaraviðræðum mótaðar í vinnuhópum.

Ráðstefnan er opin öllum fullgildum félagsmönnum VM.

Þeir sem hafa áhuga á að vera með þurfa að láta skrá sig fyrir 30. september í síma **575 9800.**

Félag vélstjóra og málmtæknimanna
- örugg með okkur

VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ 110 Reykjavík ▸ sími 575 9800 ▸ www.vm.is


Skattahópur fjármálaráðuneytis telur ólíklegt að auðugir færi eignir úr landi:

# Ætla að ná í ellefu milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Lagt er til í skattatillögum starfshóps á vegum fjármálaráðuneytis að erfðafjárskattur verði hækkaður um fimmtíu prósent, fjármagnstekjuskattur um ellefu prósent, undanþágur fríhafnarinnar frá vörugjaldi og virðisaukaskatti á áfengi og tóbaki verði felldar niður og tekinn verði upp sérstakur bankaskattur líkt og í Svíþjóð og Bretlandi.

Starfshópurinn var settur á laggirnar í apríl við mótun hugmynda að skattabreytingum til að ná fram þeim áformum ríkisstjórnarinnar að auka tekjur ríkisins um ellefu milljarða króna á næsta ári. Fyrstu áfangaskýrslunni var skilað til fjármálaráðherra í vikunni.

Í skattatillögunum er jafnframt lagt til að skoðað verði að hækka auðlegðarskatt, sem tekinn var upp í fyrra. Í rökstuðningi starfshópsins er tekið fram að skattlagningin kunni að leiða til þess að efnafólk komi fé sínu fyrir erlendis eða flytji úr landi. Engin trygging sé fyrir lægri skattgreiðslum í öðru landi þar sem fjármagnstekjur séu víðast hvar hærri en hér. **- jab**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytis reynir að ná inn ellefu milljörðum króna í ríkiskassann með sjö tillögum að hærri sköttum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Auglýsingasími

512 50 50




Allt sem þú þarft...

FJÁR*mál*

# Fræðsla fyrir *þig*

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is



## Næstu *fræðslufundir*

**Reykjavík** – 29. sept.
**Fjármál heimilanna**
Borgartún 19
**Fyrirlesari**
**Breki Karlsson**

**Borgarnes** – 13. okt.
**Lífeyrismál á mannamáli**
Útibú Arion banka
**Fyrirlesari**
**Theódór Friðbertsson**

**Mosfellsbær** – 30. sept.
**Fjármál heimilanna**
Útibú Arion banka
**Fyrirlesari**
**Breki Karlsson**

**Reykjavík** – 20. okt.
**Greiðslur úr lífeyrissparnaði, hvað ber að hafa í huga?***
Borgartún 19
**Fyrirlesari**
**Arnaldur Loftsson**

**Reykjavík** – 5. okt.
**Verðtrygging og sparnaður**
Borgartún 19
**Fyrirlesari**
**Breki Karlsson**

**Selfoss** – 27. okt.
**Verðtrygging og sparnaður**
Hótel Selfoss
**Fyrirlesari**
**Breki Karlsson**

**Reykjavík** – 6. okt.
**Lífeyrismál á mannamáli**
Borgartún 19
**Fyrirlesari**
**Theódór Friðbertsson**

**Akureyri** – 28. okt.
**Verðtrygging og sparnaður**
Hótel Kea
**Fyrirlesari**
**Breki Karlsson**

***Skráðu þig í tíma, síðast komust færri að en vildu**

Boðið er upp á táknmálstúlkun

FJÁRmál eru fyrirlestraröð og fræðsluátak á vegum Arion banka. Tilgangurinn er að koma til móts við þarfir viðskiptavina fyrir haldgóðar upplýsingar og örugga leiðsögn í nýju efnahagsumhverfi. Arion banki er bakhjarl Stofnunar um fjármálalæsi.

Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík



**Breki Karlsson**
Forstöðumaður stofnunar um fjármálalæsi

**Skráðu þig á arionbanki.is.** Allir velkomnir - **Ókeypis aðgangur.**
**Fundirnir hefjast kl. 17:30 og standa yfir í 90 mínútur.**

Komdu og njóttu góðra veitinga í bland við fróðleik sem kemur sér vel.

Nánari upplýsingar veita þjónusturáðgjafar í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

Arion banki

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvar á landinu er undirbúin myndataka fyrir National Geographic?*
2. *Hvað eykst framleiðslugeta álversins í Straumsvík mikið eftir straumhækkun?*
3. *Hvaða dag ársins hafa flestir látist síðastliðin 14 ár?*

**SVÖR**

*1. Í Þríhnúkagíg. 2. Um fimmtung. 3. 3. janúar.*

Formaður Sjálfstæðisflokksins segir matsákvæði landsdómslaga varhugaverð:

# Bjarni Ben bendir á fáránleika málsins

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, varar við því að matsákvæði séu notuð í málum ráðherranna fyrrverandi sem meirihluti þingmannanefndar leggur til að verði ákærðir fyrir landsdómi. Þingið sé komið í algerar ógöngur verði farið að tillögunum.

Í grein í Morgunblaðinu í gær bendir Bjarni á að ef sækja eigi málin á grundvelli mats, megi að sama skapi sækja ráðherra í sitjandi ríkisstjórn til saka fyrir viðbragðaleysi þegar hæstaréttardómurinn í gengislánamálinu féll í sumar. Þá hafi nefnd um fjármálalegan stöðugleika komið saman og metið það svo að vissar líkur væru á að bankakerfið myndi hrynja að nýju, sagði Bjarni í greininni.

Engu að síður hafi ríkisstjórnin ekki látið vinna greiningu á þeirri fjárhagslegu áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir.

Í tillögu þingmannanefndarinnar er ráðherrunum fjórum gefið að sök að hafa ekki látið vinna slíka greiningu í aðdraganda hruns bankanna. Segir Bjarni málin sambærileg í öllum mikilvægum atriðum.

Í samtali við Fréttablaðið kvaðst Bjarni vera að benda á fáránleika málsins. „Ef byggt er á matskenndum atriðum er auðvelt að heimfæra þau upp á verk þessarar ríkisstjórnar. Ég er talsmaður þess að menn fari ekki inn á þessa braut. Hins vegar kunna að koma upp mál þar sem þingið verður að grípa inn í. Það eru mál þar sem ráðherra mátti vera ljóst að hann væri að fremja brot. Það á ekki við í þessum málum.“ - bþs



**BJARNI BENEDIKTSSON**
Formaður Sjálfstæðisflokksins.









Fulltrúar minnihlutans gagnrýna háan kostnað við nýja sundlaug á Blönduósi:

# Sundlaugin sögð vera óráðsía

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar minnihluta S-lista Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Blönduóss segja meirihluta L-listans leggja „blessun sína yfir stórfellda eyðslu umfram fjárheimildir“ með endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010.

„Fulltrúar S-lista mótmæla þessari óráðsíu með skattfé íbúa sveitarfélagsins harðlega“, segir í bókun S-listans. „Framúrkeyrsla á einum framkvæmdalið um 130 milljónir króna (87 prósent) á átta mánuðum er algerlega ólíðandi og ætti að kalla á sérstaka rannsókn á þeim embættisfærslum sem að baki liggja,“ segja S-listafulltrúarnir. Er þar vísað til þess að á þessu ári hafi átt að verja 150 milljónum króna til að ljúka byggingu sundlaugar. Talan hafi endað í 280 milljónum.

„Þessi óráðsía, óvönduðu vinnubrögð og jafnvel í einhverjum tilvikum lögbrot í ráðstöfun fjármuna sveitarfélagsins lýsa virðingarleysi meirihlutans fyrir íbúum þess,“ segir S-listinn.



**SUNDLAUGIN Á BLÖNDUÓSI** Heildarkostnaður við nýja sundlaug á Blönduósi verður um hálfur milljarður króna. MYND/GUÐMUNDUR HARALDSSON

Ágúst Þór Bragason, fulltrúi L-listans, segir að við gerð fjárhagsáætlunar í fyrrahaust hafi menn ekki haft yfirsýn yfir kostnaðinn, meðal annars þar sem verið var að byggja við eldra hús og hönnunarvinnu ólokið. Talan 150 milljónir hafi þó verið sett í áætlunina.

„Síðan fjallaði bæjarstjórn um þetta á fundum á fyrri hluta ársins og tók ákvarðanir um búnað og annað sem var keypt.“ Ágúst minnir á að núverandi meirihluti hafi ekki tekið við fyrr en daginn áður en sundlaugin var opnuð um miðjan júní. Fyrri bæjarstjórn hafi staðið einhuga að framkvæmdunum. „Svo á að hengja nýkjörna fulltrúa. Mér finnst það ódýr málflutningur.“

Að sögn Ágústs gerði kostnaðaráætlun á árinu 2008 ráð fyrir því að sundlaugin myndi í heild kosta 340 milljónir króna. Framreiknuð til dagsins í dag sé sú upphæð um 420 milljónir. Nú líti út fyrir að heildarkostnaður verði 490 til 500 milljónir. „Frávikið er 15 til 20 prósent frá því fyrir hrun. Það kalla ég ekki stórt frávik á svona stórri framkvæmd,“ segir Ágúst. - gar


ÍSLENSKA/SIA.IS/LAE 51329 09/10

# Í hjarta Reykjavíkur

**101 SKUGGAHVERFI HEFUR EFTIRFARANDI FASTEIGNIR TIL SÖLU, Í HEILD EÐA AÐ HLUTA:**

**VATNSSTÍG 16-18**, 40 íbúðir, 5.665 birtir m²
**VATNSSTÍG 14**, 8 íbúðir, 1.007 birtir m²
**LINDARGÖTU 37**, 31 íbúð, 3.755 birtir m²

Fasteignirnar afhendast á ólíkum byggingarstigum.

Auk þess er til sölu byggingarréttur fyrir:
**LINDARGÖTU 39**, 3.789 birtir m²
**VATNSSTÍG 20-22**, 5.822 birtir m²




*101 Skuggahverfi er þyrping íbúðabygginga í miðborg Reykjavíkur á einum fegursta útsýnisstað borgarinnar þar sem íbúarnir njóta nálægðar við iðandi mannlíf og þjónustu sem miðborgin hefur upp á að bjóða.* ***Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Hátúni 2B í síma 594-4210/660-4210, netfang: thorsteinn@101skuggi.is***

101 Skuggahverfi

101 Skuggahverfi | Hátúni 2b | 105 Reykjavík
Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | www.101skuggi.is

LANDEY

Landey ehf. er dótturfélag Arion banka og fer með eignarhald bankans á nýbyggingum og fasteignarþróunarverkefnum sem bankinn hefur tekið yfir.

# RISA TAX FREE DAGAR

# AFNEMUM VSK

## 23.-26. september

## ALLT Í EINNI FERÐ...

SNYRTIVÖRUR...FATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
BÚSÁHÖLD...GARN...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
KERTI...SERVÍETTUR

## ...ÁN VIRÐISAUKASKATTS

DAGANA 23. - 26. SEPT.

*Frábært úrval af snyrtivörum fyrir alla fjölskylduna!*

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*



*Búsáhöld fyrir heimilið!*

*Leikföng fyrir káta krakka!*

# TAX FREE DAGAR

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 26. september 2010.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




# Vonar að niðurstaðan gagnist í samningum

**Í bréfi til stjórnvalda segist Hreiðar Már Sigurðsson vona að jákvæð niðurstaða í rannsókn á Kaupþingi Singer & Friedlander geti nýst í samningaviðræðum um uppgjör hrunsins. Hann gagnrýnir FME harðlega og kallar eftir aðgerðum.**

**VIÐSKIPTI** Hreiðar Már Sigurðsson vonar að niðurstaðan úr rannsókn Breska fjármálaeftirlitsins (FSA) á starfsemi Kaupþings Singer & Friedlander í aðdraganda hrunsins geti nýst í samningaviðræðum stjórnvalda um uppgjör hrunsins.

Þetta kemur fram í bréfi sem Hreiðar Már Sigurðsson hefur sent til ráðamanna hérlendis í tilefni þess að rannsókninni er lokið. Bréfið var póstlagt á þriðjudag í Lúxemborg og er stílað á forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, forstjóra Fjármálaeftirlitsins og sérstakan saksóknara.

Í bréfinu nefnir Hreiðar að ákvarðanir breskra stjórnvalda um að bjarga ekki bankanum frá hruni í október 2008 hafi haft „bein og mikil áhrif á þróun mála hér á landi.“ Haldið hafi verið fram, meðal annars af Gordon Brown í samtali við Geir H. Haarde, að miklir fjármunir, 500 til 1.500 milljónir punda, hefðu verið fluttir úr bankanum til Íslands dagana fyrir hrun.

Hreiðar segir þá spurningu áleitna hvort bankinn hafi þurft að fara í þrot og af hverju hann fékk ekki aðstoð breska ríkisins. Rannsókn FSA leiði í ljós að ástæðuna sé ekki að finna í lögbrotum eða misferli stjórnenda bankans. Von hans sé því að sú niðurstaða geti nýst stjórnvöldum í samningaviðræðum um uppgjör hrunsins.

Hreiðar Már gagnrýnir íslenska Fjármálaeftirlitið (FME) harðlega í bréfi sínu og furðar sig á því að enginn starfsmaður þess hafi rætt við hann svo mikið sem einu sinni frá falli Kaupþings. Til samanburðar hafi FSA tekið fjölda skýrslna af öllum helstu stjórnendum Kaupþings Singer & Friedlander. Það gefi ástæðu til að ætla að niðurstöður þess séu vel ígrundaðar og faglegar, á meðan svo virðist sem ályktanir FME um meinta glæpi stjórnenda Kaupþings séu alrangar og að eftirlitið verði aldrei trúverðugt.

Þá hafi ekkert lekið út um rannsókn FSA, ólíkt því sem verið hefur hjá FME. Til dæmis hafi einungis liðið nokkrir klukkutímar frá því að FME fékk lánabók Kaupþings og FIH í hendur á rafrænu formi þar til hún var komin á vefinn Wikileaks.

Hreiðar segist vona að þessi ábending hans veki íslensk stjórnvöld til umhugsunar og aðgerða í þessum efnum.

Kaupþing er þó enn til rannsóknar á Bretlandseyjum. Serious Fraud Office, sem rannsakar glæpi í bankakerfinu, skoðar enn þátt Kaupþings í meintri svikafléttu með hluti í íþróttavörukeðjunni JJB Sports, auk þess sem starfsmenn embættisins hafa verið sérstökum saksóknara til aðstoðar við hans rannsóknir.

stigur@frettabladid.is




**ÍSLENSKA FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ** Hreiðar Már furðar sig á að starfsmenn þess hafi ekki rætt við sig eftir fall Kaupþings.

**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON** Breska fjármálaeftirlitið hefur sektað forstjóra Kaupþings um 35 þúsund pund. Kaupþingsforstjórinn fyrrverandi neitar að greiða sektina.

Samningaviðræður Íslands við ESB

# Hvað má læra af reynslu Möltu?

**Joe Borg** var utanríkisráðherra Möltu 1999 - 2004 og leiddi aðildarviðræður Möltu við ESB. Um leið og Malta varð aðili að ESB 2004 tók hann sæti í framkvæmdastjórn ESB og gengdi starfi sjávarútvegsstjóra þess þar til í byrjun þessa árs.

Joe Borg heldur erindi í **Háskólanum í Reykjavík, Öskjuhlíð, laugardaginn 25. september kl. 11 í salnum Bellatrix**. Fundurinn er öllum opinn.





Eftir erindið verða fyrirspurnir og umræður.
**Fundarstjóri er Svanborg Sigmarsdóttir**, stjórnmálafræðingur.

Nánari upplýsingar á
**www.sterkaraisland.is**

STERKARA ÍSLAND
– þjóð meðal þjóða

Borgin mætir samdrætti í atvinnumálum:

# Leitað að verkefnum sem hægt er að flýta



**JÓN GNARR** Borgarstjórinn í Reykjavík lagði til að viðhaldsverkefni yrðu færð fram í tíma.

**REYKJAVÍKURBORG** Borgarráð hefur samþykkt að fela framkvæmda- og eignasviði að undirbúa tillögur um að flýta brýnum endurbyggingar- og endurbótaverkefnum mannvirkja sem annars hefðu komið til framkvæmda 2013-2015. „Miða skal við að þau verði unnin þegar mestur samdráttur er í atvinnumálum eða á árunum 2011-2012. Að sama skapi yrði dregið samsvarandi úr framkvæmdum þegar atvinnuástand hefur færst í eðlilegra horf," segir í tillögu sem sett var fram af Jóni Gnarr borgarstjóra. - gar

LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is
Flux flúormunnskol
– fyrir alla fjölskylduna

Flux fluormunnskol 500 ml
~~Verð: 1.209 kr.~~ Verð nú: 967 kr.
Flux junior munnskol fyrir börn 250 ml
~~Verð: 829 kr.~~ Verð: 663 kr.
20% afsláttur*
*gildir til 15 okt.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 51319 09/10



**STARFSFÓLK GÓÐA HIRÐISINS** Níu aðilar í húsnæðinu fengu styrki frá Sorpu.

Sorpa veitir milljóna styrki:

## 22,5 milljónir gefnar á árinu

**FÉLAGSMÁL** Sorpa hefur varið alls 22,5 milljónum króna til góðgerðarmála á þessu ári. Í gær fengu níu aðilar í húsnæði Góða hirðisins styrk að heildarupphæð 14,6 milljónir króna og fyrr á árinu veitti Sorpa styrki til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna Reykjadals upp á 7,5 milljónir króna og 400 þúsund krónur til Traðar vegna verkefnisins Forvarnir í hestamennsku fyrir unglinga.

Markmið Sorpu er meðal annars að auka meðvitund fólks um endurvinnslu og stuðla að endurnýtingu úrgangs. - sv

Gæsluvarðhald framlengt:

## Banamaður áfram inni

**DÓMSMÁL Gunnar Rúnar Sigurþórsson, sem játað hefur að hafa orðið Hannesi Þór Helgasyni að bana í Hafnarfirði þann 15. ágúst síðastliðinn, var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 22. október að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Er það gert á grundvelli almannahagsmuna.**

**Málið telst í meginatriðum vera upplýst, að sögn lögreglu. Enn er þó beðið niðurstöðu lífsýna frá Svíþjóð.**

**Lögð var fram krafa um fjögurra vikna áframhaldandi gæsluvarðhald og á hana var fallist í héraðsdómi. Maðurinn unir niðurstöðunni.** -jss

Stórfelld líkamsárás:

## Árás leiddi til heilablæðingar

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega þrítugan karlmann fyrir stórfellda líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 13. desember 2009, að Hafnargötu 36, Reykjanesbæ, slegið annan mann í andlitið, með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig og skall í gólfið. Hlaut fórnarlambið skurð á vör, kúlu og mar á hnakka, blæðingu inn á heila og heilamar.

Sá sem ráðist var á gerir kröfu um tveggja milljóna króna skaðabætur úr hendi árásarmannsins. - jss

Lausnir fyrir heimili

Landsbankinn ætlar sér stóran hlut í uppbyggingu íslensks efnahagslífs og mun þjónusta einstaklinga og fyrirtæki í greiðsluvanda af enn meiri krafti en áður. Bankinn setti nýverið á stofn Ráðgjafastofu einstaklinga sem sinnir þjónustu við þá sem standa frammi fyrir greiðsluerfiðleikum. Úrræði Landsbankans til að takast á við greiðsluvanda einstaklinga eru fjölmörg, t.d.:

ENDURÚTREIKNINGUR ERLENDRA FASTEIGNALÁNA
Einstaklingar með fasteignalán í erlendri mynt geta nú óskað eftir endurútreikningi lána sinna. Lánin verða endurreiknuð miðað við verðtryggða eða óverðtryggða vexti sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum nýrra almennra útlána hjá lánastofnunum. Úrræðið verður í boði um leið og endurútreikningi lána er lokið. Þeirri vinnu verður hraðað eins og hægt er.

5000 KR. AF HVERRI MILLJÓN Á MÁNUÐI
Einstaklingar með fasteignalán í erlendri mynt eiga kost á að greiða 5000 kr. af hverri milljón af upprunalegum höfuðstól lánsins þar til endurútreikningur liggur fyrir. Greiðsla af láni sem var upphaflega 10 milljónir króna verður 50.000 krónur á mánuði.

25% HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN LÁNA
Viðskiptavinir með lán í erlendri mynt eiga kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum.

110% AÐLÖGUN ÍBÚÐALÁNA
Einstaklingar með íbúðalán hjá Landsbankanum, hvort sem er í erlendri mynt eða íslenskum krónum, geta sótt um að lánið sé fært niður í 110% veðhlutfall af markaðsvirði eignar. Eftirstöðvar áhvílandi láns, umfram 110% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis, eru felldar niður.

Lausnirnar eru háðar nánari skilmálum.

Viðskiptavinir sem nýta sér úrræði bankans fyrirgera ekki rétti sínum leiði dómar eða lagasetning til betri niðurstöðu.

Hafið samband við þjónustufulltrúa í næsta útibú.
Við tökum vel á móti þér um land allt.

Nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**



LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000
Landsbankinn
NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM43702

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bændur fljóta sofandi að feigðarósi ESB-aðildar.

## Siðlausar aðréttur

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, skrifar skeleggan leiðara í Bændablaðið, þar sem hann afþakkar fyrir hönd bænda hvers konar styrki sem Evrópusambandið býður upp á vegna aðildarviðræðna Íslands við sambandið. „Bændasamtökin hafa verið hvött til að leita eftir slíkum fjármunum til ýmissa verkefna. Þeir gætu bæði haft áhrif á afstöðu bænda og undirbúið okkur fyrir aðild. Taka skal fram að Bændasamtökin hafa ekki í hyggju að leita eftir né þiggja slíkar aðréttur,“ skrifar Haraldur. „Algjörlega er siðlaust af íslenskum stjórnvöldum að þiggja slíka fjármuni frá ESB áður en þjóðin gerir upp hug sinn til aðildar.“

Þetta er skarplega athugað hjá Haraldi. Auðvitað er auðvelt að kaupa bændur til að styðja ESB-aðild og torvelda þeim að mynda sér sjálfstæða skoðun. Þeir gera rétt í að hafna slíkum „aðréttum“.

Haraldur skilgreinir vandann hins vegar ekki nógu vítt. Á undanförnum sautján árum, eða frá því að Ísland gerðist aðili að EES-samningnum, hafa milljarða ofan runnið til Íslands úr sjóðum Evrópusambandsins, mest í tengslum við alls konar samstarfsáætlanir sem Ísland er aðili að. Þar hefur landbúnaðurinn fengið drjúgan skerf.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sem dæmi má nefna glænýtt verkefni þar sem Þróunarfélag Austurlands og fleiri samtök í landshlutanum fá 30 milljóna króna styrk frá ESB til að byggja upp atvinnu á sviði vöruhönnunar og handverks í fjórðungnum. Markmiðið er meðal annars að vinna betur úr íslenzku ullinni, skógarafurðum og hreindýraleðri. Þetta gæti verið varasamt, enda bændur þátttakendur í öllu saman.

Í gegnum rannsóknaáætlanir ESB hafa rannsókna- og þjónustustofnanir landbúnaðarins fengið tugi eða hundruð milljóna til verkefna, sem nýtast landbúnaðinum. Einhverjir þátttakendur í þessum verkefnum gætu hafa orðið hlynntir ESB-aðild.

Sama má segja um verkefnið „Sheep skills“, sem Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri stýrir og styrkt er af ESB. Það gengur meðal annars út á þjálfun smala með þátttöku danskra, þýzkra og tyrkneskra samstarfsaðila. Það er alveg afleitt ef Evrópusinnaðir smalar hafa verið á ferð í göngum og réttum að undanförnu.

Íslenzkir bændur hafa líka, svo dæmi sé nefnt, verið þátttakendur í verkefninu „Byggjum brýr“, sem gengur út á að efla atvinnuþátttöku kvenna í landbúnaði. Verkefnið er styrkt af ESB og augljós hætta á að þátttakendum gæti farið að finnast sambandið sniðugt.

Evrópusambandið hefur styrkt fjöldann allan af verkefnum sem koma fólki á landsbyggðinni til góða, meðal annars sjálfboðaliðastarf ungmenna undir merkjum samstarfsverkefnisins Ungs fólks í Evrópu. Þannig voru það samtök á ESB-styrk, sem hjálpuðu til við 17. júní-hátíðahöldin á Hrafnseyri við Arnarfjörð í sumar. Ætli Unnur Brá viti af þessu?

Allt ber þetta að sama brunni. Evrópusambandið hefur ausið peningum í alls konar áróðursstarfsemi á Íslandi undanfarin sautján ár og við tekið á móti þeim, án þess að þjóðin hafi gert upp hug sinn til aðildar. Stöðug aðlögun að regluverki ESB hefur átt sér stað á sama tíma, líka í landbúnaðinum. Íslenzkir bændur hafa tekið þátt í öllu saman og flotið sofandi að feigðarósi – á ESB-styrk. Hvernig ætlar Haraldur Benediktsson að laga það?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Ráðherraábyrgð og lýðræði

Einn af þingmönnum VG, Lilja Mósesdóttir, sagði á dögunum að landsdómsákærurnar fælu í sér uppgjör við pólitíska hugmyndafræði. Af þeim ummælum er þó ekki unnt að draga þá ályktun að allir sem vilja ákæra geri það á sömu forsendu.

Ummælin segja aðeins þá sögu að þetta er ein af þeim forsendum sem liggja til grundvallar þegar atkvæði falla. Á hinn bóginn draga þau athygli að þeirri staðreynd að ákærurnar snúast um það hvernig þeir sem hlut áttu að máli mátu aðstæður frá febrúar fram til október 2008.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Eðlilegt er að á því álitaefni hafi menn ólíkar skoðanir. Þær skoðanir geta skipst eftir flokkslínum.

Þær kunna líka að vera ólíkar eftir mismunandi mati hagfræðinnar á markaðsviðbrögðum við tilteknar aðstæður.

Stóra spurningin er: Hvenær er réttlætanlegt að dæma ráðherra til refsingar vegna skoðana eða vegna mats á áhrifum aðgerða á peningamarkaði? Eða: Er það yfir höfuð réttlætanlegt? Þessar spurningar snúa að kjarna lýðræðisins. Enginn ágreiningur er um að þau rök sem þingmaðurinn Lilja Mósesdóttir nefndi fyrir ákærum stríða gegn lýðræðisskipulaginu.

Hver er þá munurinn á því að leyfa ekki refsingar vegna skoðana en leyfa þær vegna mismunandi mats á áhrifum aðgerða á sviði peningamála? Stóru mistök meirihluta þingmannanefndarinnar eru þau að rökstyðja ekki hvar markalínan liggur þar á milli.

## Hvað átti að gera?

Hvað gat þingmannanefndin gert til þess að draga þessa markalínu? Í raun var það aðeins unnt með því að tilgreina ákveðnar ráðstafanir og sýna með rökum fram á með því að beita þeim hefði mátt koma í veg fyrir hrun krónunnar og fall bankanna. Skaði almennings var fyrst og fremst vegna hruns krónunnar.

Hvers vegna var þetta ekki gert? Sennilega vegna þess að það var ómögulegt. Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið unnt að koma í veg fyrir fall bankanna eftir 2006.

Þegar Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra var spurð að því til hvaða ráða sakborningarnir hefðu átt að grípa féllst hún á að þeirri spurningu þyrfti að svara og nefndi gjaldeyrisvarasjóð og fjárlög. Það er rétt að þetta eru þau stjórntæki sem ríkisstjórnin gat helst beitt.

Einar Oddur Kristjánsson gagnrýndi á sínum tíma eigin ríkisstjórn fyrir of lítinn afgang á fjárlögum. VG lagði þá til að auka útgjöldin og eyða afganginum með öllu. Hverjir höfðu mest rangt fyrir sér í þessu tilviki? Samræmist það síðan leikreglum lýðræðisins að ákæra ráðherra vegna fjárlaga sem Alþingi samþykkti?

Margir eru þeirrar skoðunar að svo miklir atburðir hafi gerst að almenn ráðherraábyrgð fullnægi ekki réttlætisvitund fólks. Það er um margt skiljanlegt. Þær tilfinningar mega hins vegar ekki reka þingmenn til þess að ákæra fyrir skoðanir eða mat á mismunandi áhrifum aðgerða á peningamarkaði.

Fari svo eru undirstöður lýðræðisins í hættu.

## Matsatriðin

Árið 2008 þurfti að meta hvort verjandi væri að hjálpa Landsbankanum með því að setja peninga skattborgaranna að veði til þess að koma ábyrgðinni á Icesave úr landi. Þetta var ekki gert og telst því vera athafnaleysi.

Hér þarf hins vegar að spyrja: Hefur verið sýnt fram á að slík athöfn hefði örugglega verið hagstæðari fyrir skattborgarana? Þann rökstuðning er ekki að finna í ákæruskjölunum. Er athafnaleysið þá refsivert?

Einn af sérfræðingum Seðlabankans lýsti því fyrir rannsóknarnefndinni að bankinn hefði staðið andspænis því að allar aðgerðir gegn viðskiptabönkunum, eins og þvingun til samruna, gátu leitt til falls þeirra. Til slíkra aðgerða var ekki gripið fyrr en með yfirtöku Glitnis. Athyglisvert er að einmitt sú tillaga Seðlabankans, sem ríkisstjórnin framkvæmdi, sætir gagnrýni í rannsóknarnefndarskýrslunni. Í ákæruskjölunum eru heldur engin rök leidd að því að skattborgararnir hefðu hagnast á því að gripið hefði verið fyrr til slíkra aðgerða á árinu 2008. Er það athafnaleysi þá refsivert?

Stjórnarskráin mælir fyrir um að ráðherrafundi skuli halda um mikilvæg stjórnarmálefni. Það merkir að ráðherra leitar þar eftir pólitískri samstöðu um aðgerðir sem hann telur nauðsynlegar.

Það eru ekki gild rök að forsætisráðherra hafi verið skylt að viðlagðri refsingu að útbúa yfirlitsskjal með þeim álitamálum sem hér eru nefnd og ræða á ríkisstjórnarfundi. Er ekki líka langt seilst að ákæra fyrir þá sök að ræða ekki í ríkisstjórn skjal sem ekki var til?

Hin hliðin á þeim peningi er spurningin: Geta ráðherrar þá leyst sig undan ábyrgð með svo einföldum hætti að búa til matsgerðir og hafa um þær hugarflæðisfund í ríkisstjórn?

Athafnaleysi getur verið refsivert. Þegar það snýst hins vegar um mat eins og í þessu tilviki verður ekki á það fallist að því verði við komið nema refsa eigi fyrir skoðanir. Það er um þá spurningu sem Alþingi greiðir nú atkvæði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Til varnar lífbreytileika Íslands

Lífbreytileiki

Snorri Baldursson
líffræðingur og áhugamaður um náttúruvernd

Í Fréttablaðinu 02.09 heldur Vilhjálmur Lúðvíksson áfram að afbaka sannleikann og tala niður til þeirra sem standa að átaki til að stemma stigu við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils. Hann segir, „Líklega má með hliðstæðum hugmyndafræðilegum rökum réttlæta herferð gegn fleiri tegundum sem telja má „ágengar og framandi“ að mati einhvers hóps“. Þarna er gefið í skyn að náttúrufræðingar séu fámennur hópur fúskara þegar sannleikurinn er sá að Vilhjálmur og skoðanabræður hans eru að einangrast sem lítill hópur sérvitringa.

Ýmsum ræktunarmönnum er tamt að kalla baráttu gegn ágengum framandi tegundum tegundafordóma; fólk er á móti alaskalúpínu bara af því að hún er útlensk. Með þessu gera þeir aðvörunarorð vistfræðinga tortryggileg og sneiða hjá fræðilegri rökræðu.

Skilgreiningin sem Samningur um líffræðilega fjölbreytni notar nú um slíkar tegundir er eftirfarandi: „Ágeng framandi tegund er tegund sem dreifst hefur út fyrir náttúruleg heimkynni sín og ógnar þar líffræðilegri fjölbreytni .

Það hefur verið staðfest með rannsóknum að alaskalúpína breiðist ekki aðeins yfir lítt grónar auðnir heldur einnig ýmsar gerðir af algrónu landi svo sem mosaheiðar og lyngmóa. Þar sem hún fer yfir kæfir hún staðargróður, dregur stórlega úr tegundaauðgi og eykur einsleitni í gróðurfari. Útbreiðsla alaskalúpínu er því klárlega ógn fyrir þann lífbreytileika sem fyrir er á svæðinu.“

Samningur um líffræðilega fjölbreytni skilgreinir lífbreytileika „sem breytileika alls lífs á jörðinni og vefinn sem hann myndar“. Þessi skilgreining er óháð mælikvörðum góðs og ills. Samkvæmt samningnum er lúpínustóð ekki betri eða verri lífbreytileiki en mosaheiði í sjálfu sér. Íslendingum ber þó að vernda mosaheiðina á kostnað lúpínustóðsins vegna þess að hún er upprunaleg hér á landi. Þegar fjallað er um endurheimt spilltra vistkerfa á vegum samningsins er ávallt lögð áhersla á að endurheimta eftir föngum hið upprunalega kerfi, ekki skapa nýtt og framandi. Með því að halda öðru fram stundar Vilhjálmur sjálfur „litaða og óvísindalega túlkun á Ríó-sáttmálanum“, svo vitnað sé í orð hans sjálfs.

Það er fráleitt að líta svo á að lífbreytileiki Íslands sé eitthvað verri eða óæðri en lífbreytileiki Noregs eða Alaska þótt hér séu færri tegundir og minni meðaluppskera af hektara. Ef skynsamlega er með lífríki landsins farið nýtist það okkur fullkomlega. Heilbrigða gróðurþekju má endurheimta með friðun og skynsamlegri nýtingu eins og ljóst má vera þeim sem um landið fara. Á Skeiðarársandi er t.d. að vaxa upp fleiri hundruð hektara birkiskógur algerlega af sjálfsdáðum. Gleymum því heldur ekki að lyngmóinn veitir núlifandi kynslóðum mikilvæga viskerfisþjónustu, svo notað sé enn eitt hugtak samningsins, mófugl, ber og ótaldar unaðsstundir.

Aðeins í BYKO Breidd
LAGERHREINSUN
Enn í fullum gangi!
Mikill afsláttur
BYKO

Lausnir fyrir fyrirtæki

**Landsbankinn ætlar sér stóran hlut í uppbyggingu íslensks efnahagslífs og mun þjónusta fyrirtæki og einstaklinga í greiðsluvanda af enn meiri krafti en áður. Bankinn mun setja á stofn sérstakt svið sem eingöngu sinnir málum sem lúta að endurskipulagningu fyrirtækja. Úrræði Landsbankans til að takast á við greiðsluvanda fyrirtækja eru mörg, t.d.:**

**LÁN FÆRÐ Í 90% AF EIGNAVIRÐI GEGN EIGINFJÁRFRAMLAGI**
Miðað er við að færa skuldir í 90% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði gegn því að eigandi greiði a.m.k. 10% af heildarvirði. Ef eigandi greiðir umfram 10% inn á lánið er hægt að lækka skuldir um 1,5 krónur á móti hverri krónu eiginfjár á meðan skuldir eru umfram 70% af heildarvirði eða eignavirði.

**LÁN FÆRÐ Í 100% AF EIGNAVIRÐI ÁN EIGINFJÁRFRAMLAGS**
Miðað er við að færa skuldir í 100% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði hjá fyrirtækjum með skuldir undir 750 m.kr. ef eigandi getur ekki lagt til lágmarks eigið fé. Úrræðið á við um fyrirtæki þar sem reksturinn byggir fyrst og fremst á eigendunum sjálfum.

**25% HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN LÁNA**
Fyrirtæki með lán í erlendri mynt eiga kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Úrræðið á við um fyrirtæki sem eru með meira en 50% af tekjum í íslenskum krónum eða eru ekki með beina tengingu við erlenda gjaldmiðla.

**FRYSTING – GREIÐSLA Á VÖXTUM ÁSAMT HLUTA AFBORGANA**
Hægt er að fá frestun á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði ef fyrirtæki getur staðið undir greiðslu á vöxtum ásamt hluta afborgana.

Lausnirnar eru háðar nánari skilmálum.

Viðskiptavinir sem nýta sér úrræði bankans fyrirgera ekki rétti sínum leiði dómar eða lagasetning til betri niðurstöðu.

Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi. Við tökum vel á móti þér um land allt.

Nánari upplýsingar á **landsbankinn.is**



LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.










**Nýjar tegundir...**
– Ben & Jerry´s ís

**Tyggjó tyggjó.....**
– margar tegundir

**Gatorade Performs G2**
– þú endist lengur...

**Frosið brauð**
– tilbúið beint í ofninn




**Krabbakökur**
– ekta amerískt!

**Alvöru hnetusmjör**
– fínt og gróft

**Juicy donuts**
– margar tegundir

**Kanilsnúðar**
– tilbúnir beint í ofninn

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. september eða á meðan birgðir endast.

# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

*ekta nautasteikur á amerískum dögum*



**100%** FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*





TILBOÐ
**2.771** kr/kg.
Merkt verð 3.695.-


TILBOÐ
**2.771** kr/kg.
Merkt verð 3.695.-


TILBOÐ
**2.771** kr/kg.
Merkt verð 3.695.-


TILBOÐ
**2.621** kr/kg.
Merkt verð 3.495.-

Ribeye
*úr framhrygg*

T-bone
*úr spjaldhrygg*

Entrecote
*úr spjaldhrygg*

Roaststeik úr entrecote
*úr spjaldhrygg*



TILBOÐ
BBQ SVÍNARIF
2 TEGUNDIR
**1.039** kr/kg.
Merkt verð 1.598.-


TILBOÐ
SVÍNAKÓTILETTUR
Í JACK DANIELS BBQ
**1.039** kr/kg.
Merkt verð 1.598.-


TILBOÐ
BOSTON
SKINKA
**998** kr/kg.


TILBOÐ
WESTERN
KJÚKLINGALUNDIR
**1.747** kr/kg.
Merkt verð 2.459.-



**A&W** Cream Soda, Diet Rótarbjór
& venjulegur Rótarbjór


Nýtt í Hagkaup
**259** kr/stk.

**Kanilbrauð**
– ekta amerískt


**159** kr/stk.

**Nammi namm...**
– hnetu- og trönuberjakökur


Nýtt í Hagkaup

**Tortilla flögur og salsa**
– algjört æði...


Nýtt í Hagkaup
*frábært verð!*
**1.399** kr/stk

**Amerísk karmelluterta**
– bara gott...



Nýtt í Hagkaup

**Nammi namm...**
– bökur bakaðar í ofni



Nýtt í Hagkaup

**Lífrænt súpusoð**
– kjúklingasoð, grænmetissoð


Nýtt í Hagkaup
**99** kr/stk.

**Nýjar smákökur**
– Tvöfalt súkkulaði og bláberjafylling

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Ekki auðskilið eintak

Forsætisráðherra

Gunnar Smári Egilsson
blaðamaður



Jóhanna Sigurðardóttir er undarlegt eintak og ekki auðskilið.

Fyrsta verk hennar sem forsætisráðherra var að lýsa yfir að engin sála á Íslandi ætti að hafa hærri laun en hún. Hún gegndi mikilvægasta, ábyrgðarfyllsta og erfiðasta starfinu. Hún var númer eitt.

Þótt fáir efist um að starf forsætisráðherra sé erilsamt og lýjandi, þá held ég flestir séu þeirrar skoðunar að starf lækna sé mikilvægara, starf flugstjóra og leikskólakennara geti verið ábyrgðarfyllra og að það sé miklu erfiðara að þrífa grútartank en að ræða við fólk niður við Lækjargötu. Þessar hugmyndir Jóhönnu um eigið mikilvægi eru því eilítið á skjön við hugmyndir meginþorra fólks. Eftir sem áður hefur henni tekist að fá fólk til liðs við sig í að hrekja ýmist hæfileikafólk frá Íslandi og til landa þar sem launastiginn er líkari almennum viðhorfum og ólíkur hugmyndum Jóhönnu. Við sjáum því á eftir læknum og hjúkrunarliði til Ameríku og íslenskir verkarar þrífa nú grútartanka í Noregi.

Það vekur því furðu þegar þessi sama Jóhanna óskar þess að Alþingi úrskurði í eitt skipti fyrir öll að ráðherrar á Íslandi beri enga ábyrgð að lögum. Hvernig má það vera að hæst launuðu störfin í samfélaginu beri enga ábyrgð? Gengur það upp?

Nei, auðvitað ekki. Jóhanna verður að velja á milli þessara tveggja andstæðu skoðana. Annað hvort heldur hún launum sínum og styður það að fyrrverandi ráðherrar sæti ábyrgð á aðgerðaleysi sínu þegar þeim var treyst fyrir efnahagslegum stöðuleika og heilbrigði íslensks efnahagslífs. Eða hún stendur vörð um gömlu ráðherranna og lækkar laun sín í takt við ábyrgðarleysi starfsins, til dæmis í 250 þúsund krónur á mánuði án fríðinda.

Og við hin ættum að hafa hugfast að þótt niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis á hruni bankanna væri að stjórnendur bankanna bæru mesta ábyrgð á falli þeirra; þá er ekki þar með sagt að þessir stjórnendur bankanna beri mesta ábyrgð á falli íslensks efnahagslífs. Það fall var í boði íslenskra stjórnmálamanna. Það var ráðherranna að fylgjast með þróun mála og bregðast við. Útlánaaukning banka í kjölfar einkavæðingar var fyrirsjáanleg og hefði ekki orðið taumlaus og skaðleg nema sökum þess að þeir sem fóru með efnahagsstjórnina voru ábyrgðarlausir lýðskrumarar sem böðuðu sig í skammvinnri gleði almennings yfir innistæðulausri velsæld. Stærsta bóla heimsögunnar hefði ekki þanist út á Íslandi nema fyrir útreiknað mat stjórnmálamanna á hag sínum af þenslunni. Þeir mátu að ávinningur sinn af almennri velsældartilfinningu og auðsöfnun væri áhættunnar virði. Ímyndað góðæri myndi halda þeim við völd – um sinn að minnsta kosti.

> Þessar hugmyndir Jóhönnu um eigið mikilvægi eru því eilítið á skjön við hugmyndir meginþorra fólks.

Það hafa margir hag af því að yfirfæra niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis yfir á samfélagið allt. Þegar litið er yfir fréttir haustsins af þrotarekstri sveitarfélaga, gjaldþroti orkufyrirtækja, skuldasöfnun heimila, fyrirtækja, trillukarla, bænda og safnaðarfélaga, töpuðum lífeyri, draugahverfum upp um allar heiðar, höfn sem byggð er á sandi – þá er erfitt að kyngja þeirri kenningu að þetta sé allt Jóni Ásgeiri að kenna. Eða Sigurjóni Árnasyni. Og allir aðrir séu saklausir. Og vinir Jóhönnu saklausastir allra.

Tal Jóhönnu um að ekkert hefði mátt gera og allur skaðinn hefði verið skeður þegar hún og félagar hennar komu að málum er vart broslegt.

Þetta er líkt vörn hjúkrunarliðs sem sinna átti sjúklingi en datt í það, dressaði sjúklinginn upp og farðaði fyrir heimsóknartíma til að blekkja aðstandendur, át konfektið hans og drakk maltið og þegar sjúklingurinn deyr vegna skorts á umönnun og meðferð ver hjúkrunarfólkið sig með því að sjúklingurinn hefði nú örugglega dáið hvort eð er fyrr en síðar. Að forsætisráðherra geti logið öðru eins að sjálfum sér er sjálfstætt tilefni til launalækkunar.

Skóli Ísaks Jónssonar

Ársfundur
Skóla Ísaks Jónssonar 2010

verður haldinn þriðjudaginn 28. september 2010 kl. 17
í skólanum, Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík.

Dagskrá:

1. Ávarp formanns skólanefndar
2. Kynning á nýrri skipulagsskrá
3. Kosning í skólanefnd
4. Önnur mál

Setu- og kosningarétt á ársfundi hafa foreldrar þeirra barna, sem innritaðir eru í skólann þegar ársfundur fer fram, foreldrar eldri nemenda sem ekki eru lögráða og allir lögráða eldri nemendur auk kennara og starfsfólks skólans.



ÍSLENSKA/SIA.IS/SIJ 51669 09/10

Bólstaðarhlíð 20 | 105 Reykjavík | S: 553 2590 | isaksskoli@isaksskoli.is






Til íslenskra fyrirtækja

*Troðfullur gagnagrunnur af hæfileikaríkum umsækjendum, þriðja glymrandi starfsárið okkar að baki og fjöldi frábærra viðskiptavina. Hvað er hægt að biðja um meira? Nú er bara að bretta upp ermarnar og gera enn betur, nóg er af tækifærum!*

*Hafðu samband og við finnum þinn draumastarfsmann!*

*Með góðri kveðju,*

*Lind og stelpurnar*

Við hjá Talent Ráðningum erum ungar konur sem högum rekstri okkar af skynsemi auk þess sem okkur er sérlega annt um orðspor fyrirtækisins. Mikil áhersla er lögð á virðingu fyrir okkar umsækjendum og trúnað. Við viljum láta gott af okkur leiða og höfum frá upphafi lagt hluta af verði hverrar ráðningar til uppbyggingar atvinnutækifæra fyrir fátækar konur í Kenía í samstarfi við ABC.

TALENT RÁÐNINGAR

| Talent Ráðningar ehf | Sími 552-1600 | talent@talent.is |




netto
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# FÓTBOLTAMYNDIRNAR VINSÆLU
# TOPP 25 – 99 KR/PK.




BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!



**ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR** Myndi vilja sjá miklu fleiri konur í þáttagerð í sjónvarpi og telur að það ætti að vera lítið mál að hafa uppi á hæfileika- og hugmyndaríkum konum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# *Hollt að víkka sjóndeildarhringinn*

**Ilmur Kristjánsdóttir** glímir við 68-kynslóðina um þessar mundir. Í hlutverki Klöru, aðalpersónu verksins Fólkið í kjallaranum, þarf hún að skoða sambandið við sjálfumglaða kynslóð sem finnst hún oft vita best. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** ræddi við Ilmi.

Það er enginn sérstakur asi á Ilmi þegar hún kemur hæfilega seint til fundar við blaðamann. Hún biður um vatn og vindur sér í að segja mér frá Fólkinu í kjallaranum, leikritinu sem byggt er á samnefndri bók og verður frumsýnt innan skamms í Borgarleikhúsinu. „Ég tengdi mjög við þetta sjálf þegar ég las bókina á sínum tíma, enda á ég foreldra af 68-kynslóðinni. Sagan er vel heppnuð og lýsir bæði minni kynslóð og 68-kynslóðinni vel, bókin er öðrum þræði tilraun til þess að skilja kynslóðirnar, hvaðan þær koma og hvort hægt sé að brjóta sig undan oki kynslóðanna. Klara er að reyna að vera sjálfstæð, finna sína rödd. Það var allt svo merkilegt sem 68 kynslóðin gerði – finnst henni að minnsta kosti,“ segir Ilmur og hlær. „En þetta er líka bók um alkóhólisma og meðvirkni. Þetta er samt enginn áfellisdómur yfir 68-kynslóðinni, langt því frá.“

### Femínistar sýni umburðarlyndi

Sjálf er Ilmur nokkuð sátt við kynslóð foreldra sinna. „Við sem erum alin upp af þessari kynslóð erum mjög heppin að þurfa ekki að berjast við sömu fordómana og þau gerðu. Þegar amma sá pabba vera að elda þegar ég var lítil, þá spurði hún hvort mamma væri veik. Eldamennska karla þykir ekki tiltökumál í dag svo dæmi sé tekið. Jafnrétti er sjálfgefnara í dag en fyrr og um það eigum við að standa vörð. Við femínistar á Íslandi eigum því að vera umburðarlyndir og einbeita okkur að stóru málunum. Málum eins og að vera fyrirmynd erlendra ríkja í jafnréttismálum,“ segir Ilmur sem er nokkuð sátt við stöðu mála á Íslandi. „Það er launamunur, sem er ekki gott. Ég er hins vegar ánægð með að konur hafi í dag frelsi til að velja að vera heima hjá börnum sínum án þess að verða úthrópaðar, það er líka kvenfrelsi að fá að velja að vera heima.“

Söguhetja í öðru verki sem Ilmur mun leika aðalhlutverk í í vetur, Hedda Gabler, hafði ekki frelsi til að velja og hlutskipti hennar sem aðþrengdrar eiginkonu í mislukkuðu hjónabandi hefur verið uppspretta vangaveltna um konur og kvenfrelsi alveg síðan á nítjándu öld þegar Henrik Ibsen setti verkið saman. Þá olli það fjaðrafoki – og nú 120 árum síðar er það enn uppspretta deilu og ádeilu. Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri gagnrýndi veggspjald fyrir leikritið á jafnréttisráðstefnu, sagði það dæmi um klámvæðingu samtímans. Ilmur var ekki ánægð með þessar útleggingar Þórhildar. „Hún sagði konur ætíð vera að eltast við viðmið sem karlmenn setja okkur og tók plakatið sem dæmi. Allt í lagi að hún upplifi það þannig en hún skoðaði ekki málið til enda. Plakatinu fylgir til dæmis setningin „Stundum held ég að líf mitt snúist um að deyja úr leiðindum“ sem er lykilatriði. Í framsetningu okkar hefur Hedda Gabler tattúverað nafnið sitt á sig, sem er auðvitað algjör narsissismi, sjálfhverfa á hæsta stigi. Leikritið fjallar um konu sem er föst í sínu kynhlutverki og ef við ætlum að færa það inn í nútímann þá gerum við það svona,“ segir Ilmur, þreytt á þessu þröngsýna sjónarhorni fulltrúa 68-kynslóðarinnar á verk kvenna.

### Sjónvarpið sterkasti miðillinn

Stelpurnar og Ástríður eru á meðal hlutverka sem hafa gert Ilmi að leikkonu allrar þjóðarinnar. Þrátt fyrir að hafa túlkað margar stórbrotnar konur á fjölunum, Línu Langsokk, Sölku Völku, Ausu Steinberg og Þórdísi Kötludóttur í Gerplu svo dæmi séu tekin, er hún þekktust fyrir verkin á skjánum. „Sjónvarpið er svo sterkur miðill, hann nær til allra kynslóða.“

Ilmur er tilbúin að vinna meira fyrir þennan miðil, hún og aðrir aðstandendur Ástríðar vonast til að fá grænt ljós á næstu þáttaröð bráðlega. „Það er svo gaman að skrifa fyrir sjónvarp. Við fengum mjög góð viðbrögð á fyrri seríuna. Fyrst á eftir vorum við reyndar mjög gagnrýnin á þættina, en núna erum við orðin miklu sáttari. Við vorum að leita eftir raunverulegum tóni og manneskjulegum flötum, vildum hafa húmorinn breyskan og efnið fínlegt. Það held ég að hafi tekist.

Okkur fannst líka vanta efni um konur. Það vantar reyndar alltaf efni um konur og eftir konur í sjónvarpið. Nú á þessu hausti er bara ein kona sem er í forsvari fyrir sjónvarpsþátt, sjónvarpskokkurinn Friðrika. Þetta er skandall og sannarlega þarft að efla hlut kvenna. Ég myndi vilja sjá miklu meira af íslenskri dagskrárgerð, það væri til dæmis ekkert mál fyrir okkur að gera þætti á borð við sænsku þættina um ljósmæðurnar, sem eru ótrúlega fallegir þættir sem höfða til margra kvenna.

Það er heldur ekkert mál fyrir stöðvarnar að hafa uppi á konum sem eru tilbúnar í dagskrárgerð og sýna frumkvæði og eru hugmyndaríkar. Annar handleggur er svo hversu illa RÚV sinnir menningarhlutverki sínu, það er auðvitað margtuggin umræða en þetta er bara fáránlegt. Ég get orðið mjög pirruð þegar ég ræði þetta,“ segir Ilmur.

> „Ég var komin með leiða á leikhúsinu, langaði ekki til þess að vera föst þar og var ekki glöð. Það er líka svo gott að átta sig á því öðru hvoru hvað maður á mikið ólært og hvað það er margt spennandi í lífinu.

### Var komin með leikhúsleiða

Hugmyndaskortur hrjáir ekki Ilmi sem vill mjög gjarnan krydda lífið. Og gerir það með beygjum út af beinu brautinni. Í fyrra fór hún til dæmis í guðfræði í Háskólanum í eitt misseri. „Þetta vakti svo mikla athygli að það halda allir að ég sé búin með námið sem er mjög vandræðalegt, en ég kláraði þessa einu önn og það var gott, holt og frelsandi. Guðfræði var nám sem mér fannst mjög spennandi en var mér hulin ráðgáta. Námið svipti hulunni af henni,“ segir Ilmur og bætir við að það hafi verið frábært að skipta um umhverfi. „Ég var komin með leiða á leikhúsinu, langaði ekki til þess að vera föst þar og var ekki glöð. Það er líka svo gott að átta sig á því öðru hvoru hvað maður á mikið ólært og hvað það er margt spennandi í lífinu. Þannig víkkar maður sjóndeildarhringinn.“

Ilmur er trúuð og trúarþörfin var hluti af því að hún fór í guðfræðina. „Minn mesti lærdómur þar var að aðskilja trúna og trúarbrögðin, ég fann trúarþörfina en hafði ekki fundið henni farveg fyrr,“ segir Ilmur sem þykir gott að sækja kirkjur heim. „Mér þykir reyndar skammarlegt hvað kirkjur eru oft læstar, þegar ég var á ferð um landið í sumar fór ég oft að kirkjum en kom iðulega að læstum dyrum. Þetta endurspeglar grátlega stöðu kirkjunnar, sem er í vandræðum því hún á ekki í samtali við þjóðina og hefur læst sig inni í öllum skilningi.“

Þó að guðfræðinámið bíði að sinni ætlar Ilmur aftur í skóla síðar. Henni liggur þó ekkert á enda er hún sáttari en fyrr. „Þegar maður er leikari þá þarf maður að passa að týna ekki sjálfum sér, maður er alltaf að leika einhverja aðra og þannig er ákveðin hætta á því að maður týnist eða lendi í endalausri leit að sjálfri sér. Kannski er þessi sjálfskoðun líka tengd aldrinum og því að vera barn 68-kynslóðarinnar,“ segir Ilmur, og aftur erum við komin að 68-kynslóðinni. Bók Auðar Jónsdóttur sem leikritið Fólkið í kjallaranum byggist á var metsölubók og mikill áhugi er á leikritinu sem verður frumsýnt 9. október; þegar er uppselt á 15 sýningar. „Bókin náði til ótrúlega margra, vonandi komum við efninu skilmerkilega til skila,“ segir Ilmur að lokum.

# Öll þjóðin
# - eitt hjarta

## Styðjum baráttuna við hjarta-sjúkdóma

## Styðjum merkjasölu Hjartaheilla

40% þeirra Íslendinga sem látast í ár, deyja af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.

Íslendingar hafa þegar náð verulegum árangri í lækkun dánartíðni af völdum þessara sjúkdóma með forvörnum, breyttum lífsstíl og framförum í læknismeðferð.

Við getum náð enn lengra. Við getum lækkað þetta hlutfall verulega og fækkað dauðsföllunum. Þar koma margir þættir til, forvarnir, mannauður og tækni læknavísindanna, en baráttan er stöðug og kostar talsvert fé.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga beita kröftum sínum af alefli til að safna fé í baráttunni við hjarta- og æðasjúkdóma, en þessa dagana stendur yfir merkjasala Hjartaheilla í þessu skyni.

**Þetta er ákall til þjóðarinnar um að styðja málefnið, ákall um að kaupa merki Hjartaheilla.**
Það kostar 1.000 krónur.

**Með hjartans kveðju til landsmanna.**




LYFJA
- Lífið heil

*Lyfja er stuðningsaðili Hjartaheilla.*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
798
KR.kg
K.S FROSINN LAMBABÓGUR
HAUSTSLÁTRUN 2010
ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR
LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010
798 KR./KG.
398
KR.kg
BÚRFELLS BLANDAÐ HAKK
FROSIÐ
239
KR.620g
KF NÝTT KJÖTFARS
620g
25%
AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐIS STERKT PEPPERONI
2249 kr.kg MERKT VERÐ 2998 KR.KG
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTAPIPARSTEIK
1819 kr.kg. MERKT VERÐ: 2598 KR.KG.
FERSKT NAUTAGÚLLAS
30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTAGÚLLAS
1398 kr.kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
FERSKT NAUTASNITSEL
30%
AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTASNITSEL
1398 kr.kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
898
KR.kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR KR.KG.
FERSKT NAUTAHAKK
898
KR.kg
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
598
KR.PK
NV NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
198
KR.kg
K.S FROSIN LAMBALIFUR
NÝBAKAÐ Í BÓNUS
ALLTAF NÝTT Á HVERJUM DEGI
179
KR. 500g.
BÓNUS NÝBAKAÐ ÞRIGGJAKORNABRAUÐ 500g
198
KR. 4 stk.
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR 4 stk
259
KR.420g
MYLLU MÖNDLUKAKA 420g
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KJARNAFÆÐI
25%
AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKTUR ÚRBEINAÐUR
HANGIFRAMPARTUR
1498 kr.kg.
MERKT VERÐ 1998 KR.KG -
pepsi
MAX
195
KR.2 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1798 KR. PK

198 KR. PK

# Gámaverð á Pampersbleium og blautklútum

STÓR PAMPERS PAKKI AÐEINS **1798 KR.** PAMPERS SIMPLY WIPES 72 STK **198 KR.**

## BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR




498 KR. KG

**BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR 498 KR.KG.**

## SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR 40% AFSLÁTTUR



461 KR. KG

419 KR. KG

**LIFRAPYLSA 461 KR.KG.** MERKT VERÐ 768 KR.KG.
**BLÓÐMÖR 419 KR.KG.** MERKT VERÐ 698 KR.KG.

## GÖTEBORGARKEX NÚ Á BETRA VERÐI Í BÓNUS




898 KR.pk

OSRAM SPARPERUR
2 PERUR Í PK.




KAPTEIN TEKEX
210g **139 kr.**




KORNMO HAFRAKEX
225g **139 kr.**




BALLERINA 190g **179 kr.**




REMI MINT EÐA NOUGAT 100g **179 kr.**




89 KR. 1/2 ltr




139 KR. 1 ltr

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# Hefur ekki lofað að vera þægur

**Ögmundur Jónasson** stýrir nú dómsmála- og samgönguráðuneytum. *Stígur Helgason* tók hann tali um álitaefni sem undir hann heyra. Forsætisráðherra var í innsta hring og ætti því að fara varlega í að útdeila ákúrum, segir hann um umdeild landsdómsmál.

*Þú hefur sagt að það þurfi mikið að gerast til að þú greiðir ekki atkvæði með tillögu meirihluta þingmannanefndar Atla Gíslasonar um ákærur á hendur fjórum fyrrverandi ráðherrum. Hvers vegna?*

„Vegna þess að nefndin starfaði samkvæmt lögum og hefur komist að ígrundaðri niðurstöðu. Þetta breytir því ekki að málið er okkur öllum erfitt. En það er náttúrlega allt þetta hrun svo mörgu fólki. Ég set ekki undir sama hatt glæpsamleg ásetningsbrot annars vegar og pólitískan aulagang og yfirsjónarbrot hins vegar. Enda taka gerólík lög til þessara mismunandi gjörða. En það er staðreynd að þær ríkisstjórnir sem sátu að völdum brugðust. Þarna voru leiðsögumennirnir út í hrunið. Þarna var fólkið sem hvatti til þess að Ísland yrði gert að einni allsherjarfjárfestingarparadís – spilavíti á heimsvísu. Menn fóru út í lönd til að segja að hér væri allt í himnalagi. Ætlum við síðan núna að segja að ekkert hafi farið úrskeiðis í Stjórnarráðinu og í stjórnmálum almennt?

Það sem mörgum – og mér líka – finnst erfitt og ósanngjarnt er að brot þeirra sem upphaflega vörðuðu þessa leið og gengu lengst í þessum efnum eru fyrnd. Þau eru komin út úr myndinni. En þau sem leiddu okkur síðasta spölinn fá þetta allt í fangið ein. Það er engu að síður svo að þáverandi ríkisstjórn sýndi ekki bara andvaraleysi heldur var hún enn að fylgja stefnu sem var fullkomlega galin alveg fram á síðasta dag. Ég minnist þess að vorið 2008 var reynt að koma í gegnum þingið lögum sem opnuðu fyrir skortsölu fyrir lífeyrissjóðina, með öðrum orðum að opna á leiðir fyrir lífeyrissjóðina til að taka þátt í frekara braski. Þetta var stjórnarfrumvarp, lagt fram þegar bankarnir voru við það að hrynja. Ég tek þetta bara sem dæmi.

Auðvitað þarf enginn að láta sér bregða í brún þótt fólk sé kallað til ábyrgðar samkvæmt lögum. Það er ekki þar með sagt að fram séu settar ásakanir um óheiðarleika, í skilningi þess sem við höfum séð gerast í bankakerfinu. Ég geri mikinn greinarmun þarna á milli. Við þurfum að skilja að þetta snýst um ráðherraábyrgð og lög um hana voru ekki sett að tilefnislausu. Hins vegar vil ég fá rannsókn á einkavæðingu bankanna – og einkavæðingunni almennt – vegna þess að þar tel ég að þessir tveir heimar, annars vegar hinn pólitíski heimur ráðherraábyrgðar og hins vegar hinn sviksami heimur ásetningsbrotanna, skarist.“

*Jóhanna Sigurðardóttir er ósammála þér um ágæti starfa þingmannanefndarinnar og flutti mikla ræðu um málið á þingi í vikunni. Hún talaði meðal annars um að mannréttindi hefðu hugsanlega verið brotin á þeim fjórmenningum sem þarna um ræðir. Þú ert ráðherra þess málaflokks. Hvað fannst þér um þá ræðu?*

„Við skulum ekki gleyma því að þingmannanefndin er ekki að dæma þetta fólk. Hún vísar gjörðum þeirra, með hliðsjón af lögum um ráðherraábyrgð, til fjölskipaðs dómstóls þar sem sitja fimmtán einstaklingar sem þekkja allra best til réttarkerfisins. Alþingi er ekki að kveða upp sinn endanlega úrskurð, heldur segja: Það eru meiri líkur en minni á að lögum hafi ekki verið fylgt og við viljum fá úr því skorið fyrir landsdómi. Þannig að mannréttindi hafa ekki verið brotin á einum eða neinum og það stendur ekki til að gera.

Hins vegar hefði ég talið að núverandi forsætisráðherra sem sat í ríkisstjórn á þessum tíma, og var auk þess í innsta hring, mundi tala af varúð, hófsemi og virðingu um alla nefndarmenn þingmannanefndarinnar. Ekkert okkar er þess umkomið að bera Atla Gísla-son og þá sem sitja í þingmannanefndinni þungum sökum um að brjóta mannréttindi á fólki.

Ég hef tekið eftir því að sumir stjórnmálamenn hafa nú í hótunum við núverandi ráðherra og ráðherra framtíðarinnar um að þeirra kunni að bíða landsdómur. Þessar hótanir skil ég ekki. Er eitthvað að því að hafa lög sem eiga að koma í veg fyrir andvaraleysi og misbeitingu valds? Svar mitt við því er nei.“



**ENGAR ÓTAKMARKAÐAR HEIMILDIR** „Ótakmarkaðar heimildir lögreglu til að safna gögnum um fólk koma ekki til greina. Hins vegar verður lögreglunni að vera gerlegt að rannsaka skipulagða glæpastarfsemi, en aldrei öðruvísi en að fengnum úrskurði dómstóla.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Engin pólitísk hrossakaup

*Bæði Steingrímur J. Sigfússon og Álfheiður Ingadóttir sögðu við ráðherraskiptin að það að þú kæmir inn í ríkisstjórn væri tilraun til að þétta raðirnar og styrkja stjórnina. Af hverju er ríkisstjórninni betur borgið með þig innan borðs en utan? Munt þú og þínir samherjar í flokknum verða þægari og hafa ykkur minna í frammi fyrst þú ert kominn í þetta embætti?*

„Nei, alls ekki. Ef verið er að gefa í skyn að hrossakaup hafi átt sér stað þá fer því víðs fjarri. Hins vegar er því ekkert að leyna að það var mikil óánægja með það sem gerðist haustið 2009 hjá mjög mörgum, innan míns flokks og víðar. Ég vísa þar í deilurnar um Icesave, sem urðu þess valdandi að ég fór úr ríkisstjórninni.

Mér var eftirsjá að því að fara úr heilbrigðisráðuneytinu á sínum tíma. Þar átti ég mjög gott samstarf við fjölda fólks sem allt vann að sama marki. Ég starfaði þar með mjög öflugu embættismannakerfi og síðan heilbrigðisstéttunum sem vinna sitt starf gríðarlega vel. Stjórnmálamenn gera oft mikið úr eigin verkum og stæra sig af þeim. En hin raunverulegu afrek eru unnin í hvunndeginum af hinum almenna starfsmanni sem oft þarf að taka á sig aukið erfiði og vanda vegna ákvarðana stjórnmálamanna. Í heilbrigðisþjónustunni er árangur og sigrar ekki síst starfsfólkinu að þakka – ekki þeim sem situr á ráðherrastóli þá stundina eða hina. Það er hins vegar hlutverk ráðherrans að reyna að örva menn til verka og dáða og kalla það besta fram í hverjum og einum. Öflug heilbrigðisþjónusta verður ekki rekin með tilskipunum. Sjúklingar vilja það ekki, starfsfólkið vill það ekki og þjóðin vill það ekki.“

### Loftrýmisgæslan gott dæmi um arfleifð kalda stríðsins

*Varnarmálastofnun er að líða undir lok en einhvern tímann á næstu misserum er stefnt að því að verkefni hennar eigi að færast undir nýja stofnun á vegum innanríkisráðuneytisins þíns. Verður það eitthvað annað en ný Varnarmálastofnun?*

„Það hefur aldrei staðið til að setja nýja stofnun á laggirnar. Þvert á móti er verið að leggja niður stofnun. Þeim verkefnum sem áfram verður haldið verður komið fyrir á viðeigandi stöðum. Nefnd á vegum fimm ráðuneyta fer nú yfir hvernig sé best að haga því og niðurstöður ættu að liggja fyrir fljótlega.“

*En þú hefur í gegnum tíðina ekki verið sérstaklega gefinn fyrir landvarnir eða samvinnu við NATO.*

„Það hefur lengi verið mín skoðun að við eigum að hefja okkur upp úr hjólförum kalda stríðsins og hugsa öryggismál í miklu víðara samhengi. Hernaðarstarfsemi hefur ekki reynst heiminum sérstaklega vel. Landhelgisgæslan hefur til að mynda verið mikilvægari fyrir öryggi Íslendinga heldur en nokkurn tímann hernaðarleg starfsemi, hvort sem var á Miðnesheiði eða innan NATO.“

*En þessi loftrýmisgæsla sem hefur verið hér og annað slíkt varnarsamstarf? Munt þú leitast við að draga úr því?*

„Loftrýmisgæslan er gott dæmi um arfleifð kalda stríðsins og það er merkilegt hversu langan tíma tekur menn að laga sig að breyttum heimi. Ég er einn af þeim sem helst vilja að Íslendingar gangi úr NATO og hef verið talsmaður þess að við efnum til þjóðaratkvæðagreiðslu um veru okkar þar, eins og hefði átt að gera árið 1949. Sem ráðherra framkvæmi ég hins vegar vilja Alþingis og hann hefur ekki staðið til úrsagnar úr NATO, að minnsta kosti ekki enn sem komið er.“

*Finnst þér þá einhver þörf á sérstakri stofnun utan um þessi varnar- og öryggismál?*

„Nei, enda er hún lögð niður og við ætlum að hugsa þessa hluti upp á nýtt.“

### Stór hópur í stórfelldum svikum

*Lögreglan er áhugasöm um að fá svokallaðar forvirkar rannsóknarheimildir. Þú deilir ekki þeim mikla áhuga. Hefurðu sest niður með forsvarsmönnum lögreglunnar og farið yfir þessi mál?*

„Já, ég hef gert það. Ég er mikill efasemdarmaður um þessi mál og hef horft til fyrri tíma og samsvarandi greiningardeilda í grannríkjum okkar. Ég er hins vegar alveg sammála forvera mínum í embætti og lögreglunni um að það þarf að stíga markviss skref til að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi, hvort sem við erum að tala um verslun með fíkniefni eða mansal, en við megum aldrei ganga svo langt að það verði á kostnað mannréttinda.“

*Ertu að segja að það sé svigrúm til að rýmka þessar heimildir?*

„Nei, ég er ekki að segja það. Ótakmarkaðar heimildir lögreglu til að safna gögnum um fólk koma ekki til greina. Hins vegar verður lögreglunni að vera gerlegt að rannsaka skipulagða glæpastarfsemi, en aldrei öðruvísi en að fengnum úrskurði dómstóla.“

*Hvernig finnst þér rannsókn á málum tengdum bankahruninu hafa gengið?*

„Ég hef sagt að ef okkur tekst ekki að upplýsa um hvað raunverulega gerðist hvað varðar glæpsamleg ásetningsbrot í fjármálakerfinu þá verður þjóðin með timburmenn í 300 ár. Ég held að það hafi verið mikið gæfuspor að fá hingað Evu Joly til ráðgjafar, aðhalds og eftirfylgni í þessum málum. Það hefur líka skipt máli fyrir ásýnd okkar erlendis. Hún er tákngervingur trúverðugra rannsókna í Frakklandi, Bretlandi og víðar. Ríkisstjórnin hefur sett umtalsvert fjármagn inn í embætti sérstaks saksóknara og þar hefur fengist til starfa öndvegislið. Nú bíðum við eftir niðurstöðum úr þessum rannsóknum og væntanlegum dómsmálum.“

*Hefurðu trú á því að stór hópur manna muni enda í fangelsi fyrir það sem þeir gerðu?*

„Ég ætla ekki að leyfa mér að hafa skoðanir á því og bíð niðurstöðu dóms. En það er augljóst að við værum ekki að setja þessa miklu fjármuni í rannsókn ef ekki væri rökstuddur grunur um að hér hafi verið framdir stórfelldir glæpir. Það er verið að rannsaka rökstuddan grun um að hrunið hafi ekki verið mistök heldur hafi verið á ferðinni stór hópur sem ástundaði sviksamlegt atferli af ásetningi.“

### Ranglæti sem stingur í augun

*Þínir samflokksmenn hafa ekki alltaf verið á eitt sáttir við meðferð Íslendinga á flóttafólki og útlendingum sem hingað flytjast. Síðast í vikunni bárust fréttir af því að við værum að hóta að senda konu úr landi sem hefur búið hér árum saman af því að hún er skilin við manninn, við endursendum enn flóttamenn til Grikklands þrátt fyrir að flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sé andvíg því og þannig mætti lengi telja. Er þetta forsvaranlegt ástand eða munt þú gera eitthvað í þessum málum?*

„Reyndar hefur ýmislegt verið gert á undanförnum mánuðum til úrbóta. Þannig lét forveri minn í embætti dómsmálaráðherra setja á laggirnar nefnd fulltrúa allra þeirra stofnana sem koma að þessum málum – lögreglunnar, Útlendingastofnunar, Rauða krossins og annarra – til að samræma aðgerðir. Þrjú lagafrumvörp voru samþykkt á Alþingi nú í september og með þeim hefur réttarstaða hælisleitenda og annarra útlendinga sem hér búa, og eru ekki frá hinu margrómaða EES-svæði, verið styrkt til muna. Ég mun halda áfram á þessari vegferð.

Varðandi málefni einstaklingsins sem átti á hættu að vera vísað úr landi vegna þess að hann er með breytta hjúskaparstöðu þá hef ég kannað það mál og það er til skoðunar á öðrum vettvangi – inni í félagsmálaráðuneyti og hjá Vinnumálastofnun. Dæmi sem þetta þykir mér mjög umhugsunarvert en ég

> Það er staðreynd að þær ríkisstjórnir sem sátu að völdum brugðust. Þarna voru leiðsögumennirnir út í hrunið. Þarna var fólkið sem hvatti til þess að Ísland yrði gert að einni allsherjarfjárfestingarparadís – spilavíti á heimsvísu.

FRAMHALD Á SÍÐU 24


Þorskbitar
frosnir
798kr/kg áður 998
20%
afsláttur
Grísahnakki
Ferskur
899kr/kg áður 1.498
40%
afsláttur
Grísakótelettur
Ferskar
899kr/kg áður 1.498
40%
afsláttur
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
Á AÐ TAKA SLÁTUR
UM HELGINA?
ALLT Í SLÁTURGERÐINA FÆST Í NETTÓ
Kjúklingalundir 700 g
1.098 kr/pk.
Svið frosin
249 kr/pk.áður 298
Saltkjöt ódýrt
398 kr/kg áður 569
30%
afsláttur
Grísasnitsel frosið
1.259 kr/kg áður 1.798
30%
afsláttur
KJÖTSEL
Kjúklingavængir
Hot Wings eða BBQ
586 áður 689 kr/pk.
Hot Wings
Svínahnakki
m/sveskjum og grillkryddi
1.189 áður 1.698 kr/kg
GRÍSAKJÖT
30%
afsláttur
Pítubuff 6 stk.
699 áður 998 kr/pk.
GOURMET
30%
afsláttur
Kindabjúgu
468 kr/pk. áður 669
Kjötbúðingur
594 kr/pk. áður 849
30%
afsláttur
KJÖTSEL
KJÖTSEL
SLÁTURTÍÐ Í NETTÓ
Kornflex 500 g
199 kr/pk.
CORNFLAKES
Morgunv.kökur
199 kr/pk.
Calypso safi
59 kr/stk.
Gulrófur
98 kr/kg áður 169
50%
afsláttur
markhonnun.is
3 Slátur frosin
Lifur, hjörtu, nýru, 3 hausar, 12 gervivambir, 3 kg brytjaður mör, blóð.
3.598 kr/pk.
áður 3.998 kr/pk.
Núðlusúpur
69 kr/pk. áður 99
SUPER NOODLES
Hjónabandssæla
495 kr/stk. áður 619
Pepsi max 0,6 l
98 kr/stk. áður 119
Astonish bílavörur
verð frá 289 kr/stk.
25%
afsláttur
WWW.NETTO.IS MJÓDD SALAVEGUR HVERAFOLD AKUREYRI HÖFN GRINDAVÍK REYKJANESBÆ
GILDIR 23. - 26. SEPTEMBER
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

FRAMHALD AF SÍÐU 22

vil árétta að áðurnefndum lagabreytingum er einmitt meðal annars ætlað að styrkja stöðu fólks í þessari aðstöðu. Mitt ráðuneyti heitir ekki bara dómsmálaráðuneyti heldur líka mannréttindaráðuneyti og það hlutverk tek ég alvarlega. Við gagnrýnum gjarnan mannréttindabrot úti í heimi, en við þurfum sjálf að sýna forystu í þeim efnum.

Staðreyndin er sú að það gilda ákveðnar reglur um hið Evrópska efnahagssvæði. Þar er frjálst flæði vinnuafls. Ef þú ert utan þessa svæðis þá þarftu að geta sýnt fram á að það sé þörf á þínum starfskröftum sem aðrir geta ekki veitt. Við mismunum fólki annars vegar innan hins Evrópska efnahagssvæði, þar sem er einn vinnumarkaður, og hins vegar fólki sem kemur utan þess. Þarna getur hlotist margvíslegt ranglæti sem stingur í augun.“

*Þarf það að vera þannig?*

„Nei, en við erum skuldbundin gagnvart EES-samningnum sem reisir þessa múra. Hins vegar vil ég gera allt sem í mínu valdi stendur til að vinna gegn óréttlætinu sem af samningnum hlýst.“

### Mun hemja þessa ófreskju

*Þú hefur löngum haft horn í síðu fjárhættuspila. Nú heyrir sá málaflokkur undir þig. Verður því umhverfi bylt?*

„Já, alveg tvímælalaust. Eitt af fyrstu verkum mínum í dómsmálaráðuneytinu var að óska eftir upplýsingum um þessi mál. Mér finnst koma til álita að takmarka aðgengi að spilakössum, sem eru vel að merkja nákvæmlega sömu fyrirbærin og þú finnur í spilavítum í Las Vegas og Mónakó. Síðan þarf að huga að því hvaða reglur gilda um þessa kassa. Kassinn talar við spilarann. Hann segir honum hvað hann geti unnið mikið og vekur spennu með táknmyndum sem hann sendir frá sér. Víða erlendis eru mjög ströng takmörk um hvað spilakassinn megi segja við þig sem spilara. Ég hef þegar hafið vinnu við þetta. Þriðji þátturinn sem hlýtur að koma til skoðunar eru fjárhættuspil á netinu. Þar eiga kortafyrirtækin að finna til sinnar ábyrgðar tel ég.

Hitt er svo vandamálið, að það eru tveir sem eru háðir spilakössunum; sá sem spilar og hinn sem fær afraksturinn. Það er sorglegt til þess að hugsa að þjóðþrifastofnanir á borð við Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ og Landsbjörg séu háðar fjárframlögum úr vösum fólks sem er svo ógæfusamt að búa við spilafíkn. Það er eitthvað sem þjóðfélagið getur ekki látið viðgangast. Ég mun tvímælalaust stíga einhver skref í þá átt að hemja þessa ófreskju sem spilamennskan er.“

> Ég mun tvímælalaust stíga einhver skref í þá átt að hemja þessa ófreskju sem spilamennskan er.

### Blæs samgöngumiðstöð ekki af

*Víkjum að samgöngumálunum. Muntu beita þér fyrir því að það rísi samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni?*

„Þetta er mikið vandræða- og hitamál vegna þess að samfélagið er alveg skipt í þessu og sú skipting er ekki eftir flokkspólitískum línum. Ég hef ekki verið talsmaður þess að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni og held að menn eigi að fara sér hægt í þeim efnum. Það er að mörgu leyti mikilvægt í atvinnulegu tilliti fyrir Reykvíkinga að hafa hér þennan flugvöll, og það er gríðarlegt hagræði af þessu fyrir landsbyggðina. Ef það er betra fyrir flugvöll að vera á Keflavíkurflugvelli eða einhvers staðar annars staðar þá flytur hann sig þangað – þá flytur markaðurinn sig.

Það er alltof mikil frekja í minni kynslóð og krafan um að fá allt á stundinni er hávær. En það liggur ekkert á. Þarna er stórt landsvæði sem nýtist ágætlega að þessu leyti og svo kunna að koma aðrir tímar þar sem við þurfum á landsvæði að halda til annarra nota og þá bara gerist það. Sú stund er ekki runnin upp.

Hvað varðar samgöngumiðstöðina í Vatnsmýrinni þá hef ég alla fyrirvara á þangað til ég er búinn að heyra öll sjónarmið en ég er ekki maðurinn sem er að blása hana út af kortinu að óathuguðu máli. Það er ljóst að samkvæmt ákvörðunum sem liggja fyrir þá er flugvöllurinn ekkert alveg að fara. Hann verður hér fram á þriðja áratuginn. Þá er spurningin hvernig við lögum okkur að því á næstu árum. Það er viðfangsefnið en endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir.“



**VILL HÓFSEMD** „Ég vil ekki samfélag þar sem trúarhópar bítast um okkur [...] Ég vil hófsemd og jafnvægi í umræðum um trúmál og mér hefur ekki fundist þjóðkirkjan standa sig illa í þeim efnum.“

*Í fyrirspurnartíma á þinginu um daginn útilokaðirðu ekki að ráðist yrði í einkaframkvæmdir í vegagerð með tilheyrandi gjaldtöku af vegfarendum. Er það ekki í ósamræmi við þínar hugsjónir?*

„Nei, alls ekki. Umræðan um einkavæðingu í vegakerfinu og samgöngumálum er oft á villigötum að því leyti að það er enginn – og ekki ég heldur – að tala um að einkafyrirtæki eigi ekki að koma að vegamálum. Næstum allar stofnframkvæmdir eru á vegum einkaaðila, verkin eru boðin út og fyrirtækin framkvæma. Vegagerðin framkvæmir sáralítið sjálf. Deilan hefur snúist um það hvort eigi að ganga lengra og fela einkaaðilum eignarhald til skamms eða langs tíma og umsjón með samgöngumannvirkjum. Því hef ég verið mjög andvígur vegna þess að reynslan af slíku er ekki góð. Ríkisendurskoðun hefur meðal annars sýnt fram á að þetta er dýrari kostur.

Það sem við erum að tala um núna er að fá fjármagn frá lífeyrissjóðunum inn í fyrirtæki sem yrði alfarið í eigu ríkisins og að endurgreiðslan yrði að einhverju leyti í formi vegatolla. Ég hef verið gagnrýninn á vegatolla en ég legg þá ekki að jöfnu við aðgangseyri að sjúkrahúsum. Gjaldtaka af veiku fólki er raunverulegt ranglæti. Við greiðum fyrir afnot af vegunum í einu formi eða öðru, til dæmis með bensíngjaldi. Að gera það í veggjöldum, ef þeim er mjög í hóf stillt, stríðir ekki gegn mínum prinsippum.“

### Ágeng trúarbrögð eitur í beinum

*Þú ert orðinn ráðherra kirkjunnar, sem hefur átt mjög í vök að verjast. Viltu fullan aðskilnað kirkjunnar frá ríkinu?*

„Í mínum huga hefur þessi aðskilnaður reyndar að verulegu leyti átt sér stað. En nú um stundir, vegna þeirra hörmulegu mála sem upp hafa komið innan kirkjunnar, þá tel ég brýnt að hún fái ráðrúm til að ráða fram úr þeim málum sjálf og það þarf hún að sjálfsögðu að gera. Ég ber virðingu fyrir skoðunum fólks og trúarbrögðum en ég vil ekki stíga nein skref sem trúvæða okkar samfélag meira en orðið er. Þegar talað er um mikilvægi þess að tryggja jafnrétti trúarbragðanna þá finnst mér ekki eiga að opna hér allar gáttir fyrir trúarbrögðum inn í skóla og uppeldisstofnanir og svo framvegis. Ég vil ekki samfélag þar sem trúarhópar bítast um okkur, eins og raunin er í mörgum löndum. Ég vil hófsemd og jafnvægi í umræðum um trúmál og mér hefur ekki fundist þjóðkirkjan standa sig illa í þeim efnum. En þar eru misjafnir einstaklingar eins og annars staðar. Ég legg áherslu á virðingu fyrir frelsi einstaklingsins til að velja sér trúarbrögð eða trúleysi eftir atvikum. Og ágeng, frek trúarbrögð eru eitur í mínum beinum.“



HÚSGAGNAHÖLLIN

# HAUSTVEISLA!

## GLÆSILEGAR HAUSTVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI





NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**MELBOURNE** svefnsófi. Coffee áklæði. B:242 D:91/168 H:85 Dýna:147x200. Fæst með vinstri og hægri tungu.

**139.990**
FULLT VERÐ: 179.990



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**CLAUDIA** svefnsófi. Hawaii fjólublátt áklæði. B:195 D:95/110 H:88 cm.

**29.990**
FULLT VERÐ: 49.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**ALICIA** svefnsófi. Fæst með gráu og grænu áklæði. B:157 D:85 H:90 Dýna:130x200 cm.

**89.990**
FULLT VERÐ: 119.990



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**PINNACLE** La-z-boy stóll. B:85 D:90 H:104 cm. Fæst með natur, rauðu og brúnu áklæði.

**79.990**
FULLT VERÐ: 119.980



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**STANLEY** La-z-boy stóll. B:80 D:85 H:105 cm. Fæst með svörtu leðri.

**109.990**
FULLT VERÐ: 159.980

**SPIZY** diskamotta. Bleik, eplagræn, gul, lime og túrkis.

**340**
FULLT VERÐ: 490



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**ELIPSE** bolli m/undirskál. **590** fullt verð ~~890~~.
**ELIPSE** diskur 22,7 cm. **590** fullt verð ~~890~~.
**ELIPSE** diskur 29,8 cm. **950** fullt verð ~~1.390~~.
**ELIPSE** SKÁL 13,3 cm. **340** fullt verð ~~490~~.
**ELIPSE** SKÁL 16,1 cm. **690** fullt verð ~~990~~.
**ELIPSE** SKÁL 19,7 cm. **990** fullt verð ~~1.490~~.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

# BÓKA LAGERSALA




## Opið alla daga frá kl. 11 til 19, nema fimmtudaga til kl. 21




57% afsláttur

STAFIRNIR
**Nú: 1.290 kr.**
Verð áður: 2.980 kr.




76% afsláttur

STELPUR Í STUÐI
**Nú: 590 kr.**
Verð áður: 2490 kr.




88% afsláttur

SVIPT FRELSINU
**Nú: 490 kr.**
Verð áður: 4.190 kr.




83% afsláttur

NÆTURSÖNGVAR
**Nú: 590 kr.**
Verð áður: 3.490 kr.




48% afsláttur

BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM
**Nú: 1.290 kr.**
Verð áður: 2.490 kr.




80% afsláttur

FYRIRGEFNING SYNDANNA
**Nú: 690 kr.**
Verð áður: 3.490 kr.




81% afsláttur

BLÁTT TUNGL
**Nú: 790 kr.**
Verð áður: 4.190 kr.




77% afsláttur

KULAR AF DEGI
**Nú: 890 kr.**
Verð áður: 3.790 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

# Risalagersala Forlagsins á Fiskislóð 39

Allir sem kaupa fyrir 5.000 kr. eða meira fá bókagjöf.
Þeir sem kaupa fyrir 12.000 kr. eða meira fá tvær bækur að gjöf.

Allir krakkar fá blöðru, bók og kókómjólk!




70% afsláttur

EYMD - KILJA
**Nú: 590 kr.**
Verð áður: 1.980 kr.




90% afsláttur

JÓN BALDVIN - TILHUGALÍF
**Nú: 490 kr.**
Verð áður: 4.790 kr.



84% afsláttur

BÓKIN UM MARILYN
**Nú: 490 kr.**
Verð áður: 2.990 kr.




77% afsláttur

CHARCOT - HEIMSKAUTAFARI
**Nú: 1.490 kr.**
Verð áður: 6.551 kr.



65% afsláttur

TILRÆÐIÐ
**Nú: 690 kr.**
Verð áður: 1.980 kr.




78% afsláttur

LOVESTAR
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 4.490 kr.




81% afsláttur

MYND Á ÞILI
**Nú: 1.290 kr.**
Verð áður: 6.690 kr.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

ÞESSUM BREGÐUR FYRIR Í BÓKUNUM UM ÍSLENSKA KNATTSPYRNU



Einar Tönsberg tónlistarmaður, Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður, Pétur Marteinsson, fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu, Egill Sæbjörnsson listamaður og Rúnar Freyr Gíslason leikari. Íslandsmeistarar með 5. flokki Fram árið 1985.



Höskuldur Ólafsson, eða Hössi í Quarashi, Íslandsmeistari með 6. flokki KR 1987,



Dagur B. Eggertsson stjórnmálamaður. Íslandsmeistari með 4. flokki Fylkis árið 1986.



Jóhannes Felixsson, eða Jói Fel bakari, fyrirliði Íslandsmeistara 3. flokks Fram árið 1983.



Þorsteinn J. Vilhjálmsson sjónvarpsmaður. Íslands- og bikarmeistari með 2. flokki Fram árið 1983.



Bjarni Benediktsson stjórnmálamaður. Íslandsmeistari með 3. flokki Stjörnunnar árið 1986.



Hannes Smárason útrásarvíkingur. Íslands- og bikarmeistari með 2. flokki Fram árið 1985.



Guðmundur Stephensen, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis, og Jón Arnór Stefánsson, atvinnumaður í körfuknattleik. Íslandsmeistarar 6. flokks með Fram árið 1992.



Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari. Íslandsmeistari með 6. flokki Þróttar árið 1993.



Þóra Arnórsdóttir fréttamaður. Íslandsmeistari með 3. flokki Breiðabliks árið 1987.

# Vinnur að þrítugustu bókinni

Í haust kemur út þrítugasti árgangurinn í bókaflokknum vinsæla Íslensk knattspyrna. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við **Víði Sigurðsson**, íþróttafréttamann og höfund bókanna, um vinnuferlið og viðtökurnar og skoðaði skemmtilegar myndir.

Ég hef alltaf jafngaman af þessu og hef hug á að halda áfram að skrifa þessar bækur. Ef ég hefði ekki áhuga á þessu væri ég hættur fyrir löngu,“ segir Víðir Sigurðsson, íþróttafréttamaður og höfundur nærri allra bókanna um íslenska knattspyrnu. Fyrsti árgangur þessa merkilega og vinsæla bókaflokks kom út árið 1981 og vinnur Víðir því þessa dagana að bók númer þrjátíu í röðinni.

Tildrögin að ritun bókanna voru þau að Eyjólfur Sigurðsson, sem þá rak bókaútgáfuna Bókhlöðuna, bað Sigurð Sverrison, þáverandi samstarfsmann Víðis á Dagblaðinu, að taka að sér umsjón fyrstu bókarinnar árið 1981. Árið eftir fékk Sigurður Víði til að hjálpa sér við verkefnið og alla tíð síðan hefur Víðir borið ábyrgð á bókaflokknum.

Víðir hefur alla tíð unnið að bókunum samhliða starfi sínu sem íþróttafréttamaður og segir þetta tvennt falla vel hvort að öðru. „Ég reyni að vera skipulagður og taka þetta saman jafnóðum yfir árið svo efnið sé tiltölulega ferskt. Tilkoma netsins hefur flýtt mikið fyrir allri gagnaöflun, og sérstaklega hvað varðar allar myndirnar í bókinni.

Hér áður fyrr þurfti ég jafnvel að þvælast út um allan bæ til að sækja myndir eða planta mér á skrifstofu Knattspyrnusambandsins löngum stundum til að viða að mér efni, en þess gerist ekki þörf lengur. Vinnan við sjálfar skriftirnar er þó meira og minna sú sama,“ segir Víðir.

Aðspurður segist hann finna fyrir miklu þakklæti frá almenningi vegna bókanna. „Ég get ekki neitað því að það felst mikil hvatning í því. Ég finn fyrir því að margir bíða spenntir eftir bókunum og safna þeim, og slíkt hvetur mig auðvitað til að halda áfram.“

Víðir segist oft leita upplýsinga í gömlum bókum eftir sjálfan sig. „Einnig getur verið mjög skemmtilegt að skoða ljósmyndir af meistaraliðum í hinum ýmsu aldurshópum, því í gömlu bókunum finnur maður ansi marga sem síðar hafa orðið þekktir einstaklingar, bæði í knattspyrnunni og líka á allt öðrum sviðum,“ segir Víðir.



**ÞRJÁTÍU ÁRA SAGA** Víðir Sigurðsson segist finna fyrir miklu þakklæti almennings vegna bókaflokksins Íslensk knattspyrna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Alþjóðlegur baráttudagur heyrnarlausra

FÉLAG HEYRNARLAUSRA

DAGUR HEYRNARLAUSRA

*Um þessar mundir halda heyrnarlausir um allan heim upp á alþjóðlegan dag heyrnarlausra. Þennan dag kappkosta samfélög heyrnarlausra um að koma á framfæri hagsmuna- og baráttumálum sínum.*
*Okkar helstu baráttumál fyrir auknum réttindum og aðgengi í samfélaginu eru helst:*

- *Viðurkenning táknmáls sem fyrsta mál heyrnarlausra.*
- *Aukna textun íslensks efnis í sjónvarpi, en talið er að allt að 45 þúsund Íslendingar þurfi að styðjast við textun á íslensku sjónvarpsefni vegna heyrnarskerðingar og annarra annmarka.*
- *Bætt verði réttindi heyrnarlausra til frekari menntunar á jafnréttisgrundvelli þ.e. á táknmáli en ekki oralstefnu fyrri ára.*
- *Stuðla að atvinnuþáttöku heyrnarlausra*
- *Efling menningarefnis fyrir heyrnarlausa*

*Félag heyrnarlausra er að langstærstum hluta fjárhagslega sjálfbært félag sem heldur úti víðtækri réttinda og velferðarþjónustu fyrir heyrnarlausa. Við biðjum fólk um að taka vel á móti sölufólki okkar og þökkum um leið landsmönnum og fyrirtækjum veittan stuðning.*


Deloitte. · Íslandsbanki · íbúð VESTURBÆJAR · Allianz · Elkem Ísland · EIMSKIP · PERLAN · VÍFILFELL · HAPPDRÆTTI das · NORÐURÁL · LANDSNET · Virðing Réttlæti VR · Heimilistæki ht.is · LÝÐHEILSUSTÖÐ www.lydheilsustod.is
LEIÐANDI Í 40 ÁR RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS · SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR · MJÓLKURSAMSALAN · BÓNUS · KPMG
Landsbankinn · Samkaup · Kjarnavörur hf · SORPA Flokkum og skilum · orkusalan · init
Starfsgreinasamband Íslands · GLERBORG · LOGOS REYKJAVIK LONDON COPENHAGEN · Aðalskoðun · isnic Internet á Íslandi hf.
Íbúðalánasjóður · Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs · www.ils.is · Viking village · Heyrnar- og talmeinastöð Íslands · Lögfræðistofa Reykjavíkur · Hvalur hf. · Skinney - Þinganes hf · KFC · KENNARASAMBAND ÍSLANDS · SÍBS · HREYFILL 5 88 55 22
Hraðpeningar · HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings · Elding adventure at sea · Alcoa Fjarðaál · ALCOA · í e1num grænum -léttir þér lífið
SVN Síldarvinnslan hf · icepharma · 66° NORÐUR · Íspan GLER OG SPEGLAR · HS ORKA HF · Lottó · ÍSFUGL · BRIM SEAFOOD
ÖGURVÍK · ÞORBJÖRN · Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports · Office1 · SPARNAÐUR SPARNAÐUR VÍSAR ÞÉR VEGINN · nostra · kriunes.is

# NATO í tilvistarkreppu – aftur

Saga Atlantshafsbandalagsins virðist helst einkennast af því að bandalagið lendir í hverri tilvistarkreppunni á fætur annarri. *Brjánn Jónasson* kynnti sér hvernig vandamálin sem þetta 60 ára varnarbandalag þarf að glíma við hafa breyst, og hvernig áherslum bandalagsins verður mögulega breytt svo það geti tekist á við nútíma vandamál á leiðtogafundi þess í Portúgal.



NORDICPHOTOS/AFP

**HERNAÐUR** Það er liðin tíð að hægt sé að ljúka átökum með hernaði einum og sér. Nú þarf herstjórn Atlantshafsbandalagsins að taka þátt í uppbyggingarverkefnum jafnt sem hernaði í Afganistan eigi markmið bandalagsins með hernaðinum að nást.

Saga Atlantshafsbandalagsins (NATO) hefur í gegnum tíðina einkennst af tilvistarkreppum. Frá stofnun þess árið 1949 voru uppi efasemdir um þetta nýja hernaðarbandalag, þótt þær hafi fljótlega þagnað þegar kalda stríðið kólnaði fyrir alvöru.

Vandi bandalagsins á undanförnum árum hefur einkum falist í því að halda jafnvægi á milli þess að vera hefðbundið varnarbandalag og því að verja aðildarþjóðirnar gagnvart nútímalegri hættum en skriðdrekum með blaktandi rauðan fána Sovétríkjanna.

Hefðbundið hlutverk NATO er að verja landsvæði bandalagsríkja gegn innrás annarra ríkja. Nútímalegri skilgreining á varnarhlutverkinu hefur falið í sér aðgerðir til að koma í veg fyrir að hægt verði að gera slíka árás, til dæmis með hernaði í Afganistan og eftirliti með skipaferðum á Miðjarðarhafi. Það hefur ekki síst þótt mikilvægt á tímum þar sem innrás erlendra ríkja inn á landsvæði bandalagsríkis þykir nær útilokuð.

Vandamálin sem NATO stendur frammi fyrir í dag krefjast nýrra lausna. Markmiðið er ekki lengur bara að geta stöðvað skriðdreka eða sprengjuflugvélar frá því að gera árásir á landsvæði aðildarríkjanna. Nú beitir NATO sér til dæmis fyrir því að stöðva tölvuárásir og koma í veg fyrir hryðjuverk. Slíkar árásir stafa yfirleitt frá óvinum sem erfitt er að festa hendur á, ekki óvinaríkjum gráum fyrir járnum.

Leiðtogar aðildarríkja bandalagsins munu reyna að samræma þessi nýju verkefni hefðbundnu hlutverki NATO á leiðtogafundi bandalagsins sem fara mun fram í Lissabon í Portúgal seinnipartinn í nóvember. Þar er ætlunin að leggja fram og samþykkja nýja grundvallarstefnu (e. strategic concept) bandalagsins.

Ný grundvallarstefna var síðast samþykkt árið 1999, og var áherslan þar á leiðir til að koma í veg fyrir átök og viðbrögð við átökum utan landsvæðis aðildarríkja NATO, sérstaklega á Balkanskaganum. Sú stefna þykir nokkuð úr sér gengin, og hefur Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, lagt mikla áherslu á að uppfæra stefnuna.

Í grundvallarstefnu NATO verður annars vegar lýst ástandinu í öryggismálum í heiminum, og hins vegar hvað bandalagið geti gert til að verja aðildarþjóðirnar.

> Nýja grundvallarstefnan ætti að innihalda stefnu varðandi hernaðaraðgerðir að fyrra bragði sem miða að því að koma í veg fyrir árás á bandalagsríkin.
>
> *Dr. Klaus Nauman fyrrverandi formaður hermálanefndar NATO*

### Raunveruleg hætta af tölvuárásum

„Heimurinn mun áfram verða afar óstöðugur, og líkurnar á einhvers konar ófriði eru að aukast frekar en minnka," sagði dr. Klaus Nauman, fyrrverandi formaður hermálanefndar NATO, sem hélt erindi um framtíð bandalagsins á opnum fundi hér á landi nýverið.

Nauman sagði að til lengri tíma litið megi búast við átökum í heiminum af þrennum orsökum. Í fyrsta lagi þegar ríki ásælist landsvæði, þótt það muni einkum gerast utan áhrifasvæðis NATO. Það getur þó haft áhrif á aðildarríkin, einkum vegna mögulegs straums fólks sem flýr slík átök.

Skortur á auðlindum gæti einnig orsakað átök í framtíðinni. Ekki bara skortur á olíu, heldur líka vatni og mikilvægum málmum. Þriðji þátturinn sem getur leitt til stríða er svo hlýnun jarðar, sem getur leitt til matar- og vatnsskorts, sem aftur leiði af sér gríðarlega fólksflutninga.

NATO þarf einnig að velta fyrir sér öðrum ógnum sem ekki eru jafn augljósar en geta einnig haft alvarleg áhrif á bandalagsríkin, sagði Nauman. Dæmi um það séu hryðjuverk, alþjóðleg glæpastarfsemi, tölvuárásir og fleira.

„Möguleikunum á átökum fjölgar hraðar en þjóðir heims eiga möguleika á að bregðast við," sagði Nauman. Hann sagði nýjar hættur kalla á breyttar aðferðir. Ekki sé lengur hægt að reikna með því að stöðva átök með hervaldi einu. Þá geti í raun ekkert ríki reiknað með að stilla til friðar án stuðnings öflugra alþjóðlegra samtaka eins og NATO. Hann tók þó fram að bandalagið geti ekki þróast út í að verða einhvers konar alheims-lögregla.

Starfshópur undir stjórn Madeleine Albright, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, skilaði tillögum að nýrri grundvallarstefnu í maí. Við það tilefni sagði Albright bandalagið hafa það hlutverk að tryggja öryggi íbúa aðildarlandanna. Það verði aðeins gert með samvinnu við lönd og samtök utan aðildarríkjanna, til dæmis með nánni samvinnu við Rússland. Það endurspeglar raunar mikla áherslu innan NATO á betra samstarf við Rússland nú þegar ófriðaröldur vegna stríðsátaka Rússlands við Georgíu í ágúst 2008 er farið að lægja.

Nokkur af þeim atriðum sem sérfræðingar telja líklegt að fjallað verði um í nýrri grundvallarstefnu eru útbreiðsla kjarnorkuvopna, loftskeytavarnir, hryðjuverk, tölvuárásir, sjórán og orkuöryggi. Þá er líklegt að fjallað verði um aukið mikilvægi Norðurslóða nú þegar siglingaleiðir um Norður-Íshafið gætu farið að opnast, sem og möguleikar á vinnslu auðlinda.

En NATO verður einnig að horfa inn á við, segir Alyson Bailes, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, og sérfræðingur í öryggismálum. Hún segir flest ríki geta verið sammála um mikilvægi öryggis í sem víðustu samhengi. Til dæmis hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á efnahagslegt öryggi, og aðrir hafa áhyggjur af orkuöryggi. Enn aðrir nefni smitsjúkdóma á borð við svínaflensuna.

Spurningin sem aðildarríki NATO verða að spyrja er hvort bandalagið sé rétti vettvangurinn til að bregðast við öllum þessum atriðum, segir Bailes. NATO sé, þrátt fyrir allt, hernaðarbandalag sem sé sennilega ekki vel til þess fallið að skipta sér af efnahagsmálum eða hefta útbreiðslu sjúkdóma. Til þess séu önnur alþjóðasamtök með fjölbreyttari tæki í verkfæratöskunni en NATO betur fallin.

„Eflaust verður að minnast á þessi atriði í nýju grundvallarstefnunni, en þegar upp er staðið verður að spyrja; hvað getur NATO gert í þessum málum? Og svarið er; afskaplega lítið," segir Bailes.

Búast má við að erfiðast verði að ná einhvers konar jafnvægi milli áherslu á hefðbundnar varnir Evrópu og nútímalegri aðferðir á leiðtogafundinum í Lissabon, segir háttsettur erlendur sérfræðingur sem starfar innan NATO. Hann óskaði nafnleyndar þar sem hann hefur ekki heimild til að tjá sig opinberlega.

Margir leiðtogar aðildarríkja NATO munu vilja líta inn á við, segir sérfræðingurinn. Mörg aðildarríkjanna glíma við alvarlega fjármálakreppu. Fyrir ríki sem eyða gríðarlegum fjárhæðum til hernaðarmála árlega er freistandi að skera niður þau útgjöld þegar engin utanaðkomandi ógn virðist steðja að, segir heimildarmaður Fréttablaðsins. Það gengur þvert gegn stefnu NATO, og því er líklegt að bandalagið reyni að draga eins og hægt er úr þeim niðurskurði.

Klaus Nauman komst að svipaðri niðurstöðu í erindi sínu hér á landi á dögunum. Hann sagði sérlega mikilvægt fyrir NATO að ná árangri í Afganistan. Hrökklist herlið NATO frá landinu með skottið milli lappanna verði það eflaust vatn á myllu þeirra þjóðarleiðtoga sem vilji að NATO einbeiti sér að hefðbundnu varnarhlutverki sínu í Evrópu.

### Hernaður ekki síðasta úrræðið

Nauman segir mikilvægt fyrir NATO að útiloka ekki að fara með vopnum gegn ríki stafi aðildarríkjum bandalagsins bein hætta af því ríki. Sú hætta geti falist bæði í aðgerðum stjórnvalda í ríkinu, en einnig í aðgerðarleysi þeirra, til dæmis gagnvart hryðjuverkasamtökum sem noti ríkið sem stökkpall fyrir árásir á aðildarríki NATO.

„Nýja grunvallarstefnan gæti innihaldið, og ætti að innihalda, stefnu varðandi hernaðaraðgerðir af fyrra bragði sem miða að því að koma í veg fyrir árás á bandalagsríkin," sagði Nauman. Hann segir það úrræði alls ekki eiga að vera fyrsta val bandalagsins, en trúlega ekki heldur það síðasta.

Hann segir NATO verða að búa sig undir að mæta hættum á átakasvæðum utan bandalagsins, hvar svo sem þær kunni að finnast. Markmiðið með því hljóti að vera að halda hættunum, og þar með átökunum, utan landsvæða aðildarríkjanna.

Alyson Bailes segir að það væri skynsamlegt af aðildarríkjum NATO að leggja aukna áherslu á að viðhalda stöðugleika í Evrópu og næsta nágrenni hennar. Það kalli á að enn meiri áhersla verði lögð á að bæta samband NATO við Rússland.

Það er raunar sérstakt áhugamál margra bandalagsþjóða, landa á borð við Pólland og önnur fyrrum austantjaldsríki, en einnig landa á borð við Noreg. „Öllum þessum ríkjum finnst sem köldu andi frá Rússlandi um þessar mundir," segir Bailes.

Leiðtoga aðildarríkja NATO bíður erfitt verkefni við að sætta mismunandi sjónarmið um hlutverk bandalagsins í Lissabon í haust. Verkefnið er í raun að koma í veg fyrir að þetta aldna varnarbandalag verði úrelt á. Hvort það tekst mun tíminn einn leiða í ljós.

## ■ ÍSLAND VILL ÁHERSLU Á EFNAHAGSLEGT ÖRYGGI



Áherslur Íslands við undirbúning nýrrar grundvallarstefnu hafa verið á það grundvallarhlutverk NATO að tryggja öryggi aðildarríkjanna, og á málefni norðurslóða, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir jafnframt að Ísland hafi tekið undir með þeim sem vilji víkka út varnarhlutverkið, til dæmis þannig að það nái til efnahagslegs öryggis aðildarríkjanna.

„Af því tilefni hef ég bent á að við erum eina þjóðin í NATO sem hefur orðið fyrir því að önnur ríki sem eru aðilar að NATO hafa haft uppi háttsemi sem ekki stuðlar að efnahagslegu öryggi okkar," segir Össur. Þar vísar hann til kröfugerðar Bretlands og Hollands vegna Icesave-málsins.

Spurður um áherslur innan NATO á hernaðaraðgerðir að fyrra bragði sem eigi að tryggja öryggi bandalagsríkjanna segist Össur síður en svo ginkeyptur fyrir því að Ísland taki þátt í aðgerðum af þeim toga. Vart verði séð að tilefni sé til að vera með slíkar aðgerðir á dagskrá.

## ■ GRUNDVALLARSTEFNA

Leiðtogar aðildarríkja NATO munu ræða nýja grundvallarstefnu (e. strategic concept) bandalagsins á leiðtogafundi í Lissabon í Portúgal í nóvember. Búast má við að eftirfarandi komi fram í stefnunni:

- Lýsing á þeim hættum sem taldar eru steðja að aðildarríkjunum.
- Upptalning á verkefnum NATO þar sem reynt er að halda jafnvægi milli hefðbundinna landvarna og viðbragða við nútímalegri ógnum.
- Áherslur í samvinnu við lönd sem ekki eru í bandalaginu, svo sem Rússland og lönd í Mið-Austurlöndum.
- Pólitísk afstaða til mögulegrar stækkunar bandalagsins.

september 2010

# menning

## *Shakespeare þýddur upp á nýtt*

Tvö leikrit eftir William Shakespeare fara á fjalirnar í vetur í nýjum þýðingum þeirra Þórarins Eldjárns og Sölva Björns Sigurðssonar.

SÍÐA 2





## *Feneyjatvíæringurinn*

Anna María Bogadóttir var á arkitektúrsýningunni í Feneyjum, sem stendur nú yfir .

SÍÐA 6






# KLIPPT OG SKORIÐ

Erró ræðir sýningu á klippiverkum sínum í Hafnarhúsinu og áhuga sinn á götulist.

Er þetta Canon," spyr Erró og þrífur myndavél Valgarðs ljósmyndara. „Allir með Canon sem ég hitti, enginn með Nicon. Á ég að fá mér Canon?" Erró vantar góða myndavél. „Bara til að taka myndir af myndunum þegar ég klára þær, það er allt og sumt." Valli segir að það sé ekki endilega myndavélin sem taki góðar myndir, heldur ljósmyndarinn.

Erró tók ekki myndir af klippiverkunum sem hann gerði í Myndlista- og handíðaskólanum seint á sjötta áratugnum og er búinn að gleyma hvernig þau líta út. Þau eru meðal verka á sýningu í Listasafni Reykjavíkur, þar sem sjá má ýmis klippiverk sem Erró hefur gert undanfarna fimm áratugi. Það er enn tæpur sólarhringur í opnun þegar við hittum Erró í Hafnarhúsinu. Erró er nýlentur og hefur ekki enn haft tækifæri til að skoða sýninguna. Hún er á hæðinni fyrir ofan.

Valli fer upp með honum.

FRAMHALD Á SÍÐU 10



# SHAKESPEARE Í *endurnýjun lífdaga*

**Það heyrir einatt til tíðinda þegar klassísk verk koma út í íslenskri þýðingu. Í vetur fara tvö leikrit eftir Shakespeares á fjalirnar í nýjum þýðingum. Í Þjóðleikhúsinu ljær Þórarinn Eldjárn Lé konungi nýtt orðfæri en Sölvi Björn Sigurðsson snarar Ofviðrinu yfir á íslensku fyrir Borgarleikhúsið. Þeir segja að nýja þýðingu eigi ekki að líta á sem vantraust á fyrri þýðendum heldur meðmæli með höfundarverkinu.**

BÓKMENNTIR/LEIKHÚS BERGSTEINN SIGURÐSSON

## Ekki síðasta þýðingin

Leikrit Williams Shakespeare eru öll til í íslenskri þýðingu Helga Hálfdanarsonar og má færa rök fyrir að fáir hafi lagt jafnmikið til leikhúsbókmennta á Íslandi og hann. Áður hafði Steingrímur Thorarensen þýtt nokkur verka Shakespeares, þar á meðal Lé konung, sem nú er kominn út á bók í nýrri þýðingu Þórarins Eldjárns og verður sett upp í Þjóðleikhúsinu í vetur. En til hvers að þýða Shakespeare aftur, fyrst hann er þegar til á íslensku?

„Það var ekki mín hugmynd heldur Þjóðleikhússins,“ svarar Þórarinn. „En það er nú reynslan, sérstaklega með leikhúsverk, að þýðingar úreldast mjög hratt. Daglegt mál breytist með árunum og það getur verið viðkvæmt á sviði. Þess vegna held ég að það eigi ekki að líta á nýja þýðingu sem ljóð á fyrri þýðanda, heldur fyrst og fremst sem meðmæli með höfundarverkinu.“


Þórarinn Eldjárn

Þórarinn kveðst hafa nýtt sér fyrri þýðingar sem bakgrunn til að leita svara í þegar hann rak í vörðurnar. „Að öðru leyti reyndi ég frekar að halda mig frá þeim og einbeitti mér fyrst og fremst að sjálfu viðfangsefninu, sem er að snúa þessu verki yfir á þjált og eðlilegt íslenskt nútímamál.“

Í þeim tilgangi byrjaði Þórarinn á, með aðstoða skýringarrita, að reyna að átta sig á því hvað enski textinn þýðir nákvæmlega. „Það getur verið vandasamt því í öllum verkum Shakesperes, þar á meðal Lé konungi, eru kaflar þar sem mönnum ber einfaldlega ekki saman um hvað Shakespeare er að segja. En á endanum verður auðvitað að velja eina merkingu til að hafa í hinum endanlega texta; það er ekki hægt að stilla upp tíu möguleikum til að láta lesendur eða leikhúsgesti velja.“

Þórarinn þekkti vitaskuld til verka Shakepspeares en kveðst þó enginn sérfræðingur í honum og hefur aldrei séð Lé konung í íslenskri uppfærslu fyrr.

„Það verður spennandi eftir að hafa legið svona lengi yfir textanum að fá hann upp í munninn á góðum leikurum. Ég hlakka mikið til þess en hef líka hugfast að þetta er ekki síðasta þýðingin á Lé konungi. Þannig verður það að vera.“

### LÉR KONUNGUR

**HELGI HÁLFDANARSON**

Lér: Þá það; þinn sannleik hljóttu í heimanmund.
Því við hinn helga sólar-ljóma sver ég,
við Hekötu, við nætur djúpsins dul,
við máttug umsvif allra himintungla
sem skapað hafa oss líf og ævilok,
að nú skal upprætt öll mín föðurkennd,
afrækt að fullu blóðsins skyldubönd;
framandi skaltu mínu hjarta og mér
um eilífð héðan af. Hinn grimmi Skíði,
Já hann sem rífur í sig eigin börn
til saðnings græðgi sinni, skal fá yl
og hæli mér við hjarta, jafnt og þú,
sem fyrr varst dóttir mín.

**ÞÓRARINN ELDJÁRN**

Lér: Þann sannleika skaltu hafa í heimanmund!
Við helgan ljóma sólar sver ég það,
við Hekötu og dulmögn dimmrar nætur
við meginstrauma hárra himintungla
sem okkur skapa líf og lokastund,
að ég vísa öllum föðurskyldum frá,
ég hafna því að við tengjumst böndum blóðs,
og framandi tel ég þig hjarta mínu og mér
að eilífu. Já versta villimanni,
sem étur af græðgi jafnvel eigin börn
skal veitast sama vernd og skjól og þér,
fyrrverandi dóttir.

## Ný túlkun nýrra tíma

Sölvi Björn Sigurðsson þýðir Ofviðrið sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu í vetur. Hann tekur undir með Þórarni að nýjar þýðingar séu ekki spurning um vantraust á fyrri þýðingar, heldur um nálgun og aðferð.


Sölvi Björn Sigurðsson

„Leikhúsið vildi fá þýðingu sem gæti gengið sæmilega umhugsunarlaust í eyru nútímaleikhúsgesta, texta sem væri kraftur í án þess að tungumálið færi í alltof miklar flækjur. Ég reyndi því að nálgast frumtextann með svolítið opnum og óbundnum huga og hugsa ekki of mikið um fyrri þýðingar. Heildarþýðing Helga á leikritum Shakespeares er þrekvirki og við erum mjög heppin að hann skyldi skilja eftir sig þetta ritsafn. En ef ég hefði lagt upp með þennan samanburð og fallist á að vinna í einhvers konar skugga fyrri þýðinga þá hefði það ekki gefið mjög góða raun. Shakespeare-þýðingar Helga eru hin augljósa brú til frumtextans en ég vildi þó ekki valda mér of miklum truflunum með því að mæna á þær á meðan ég vann.“

Sölvi rifjar upp að breskur kunningi sinn hafi eitt sinn nefnt við hann að aðrar þjóðir væru heppnar að geta þýtt Shakespeare og „uppfært“ hann í nýjum þýðingum. „Ég tek ekki fyrirvaralaust undir þetta en hins vegar er rétt að í hvert sinn sem bókmenntaverk er þýtt slæðist inn einhver tónn úr samtíma þýðandans og því verklagi sem gildir hverju sinni. Þetta getur nýst til að færa textann nær fólki í tíma. Þegar öllu er á botninn hvolft er hver þýðing aðeins ein túlkun á frumtextanum.“

### OFVIÐRIÐ

**HELGI HÁLFDANARSON**

Prósperó: Skilmálar hans – er hægt að kenna þá við bróðurvild?
Míranda: Það væri synd að hugsa nema' allt það bezta um ömmu; – góðar mæður
hafa' alið vonda sonu.

**SÖLVI BJÖRN SIGURÐSSON**

Prosperó: Hugleiddu aðra eins afarkosti og seg mér:
er þessi maður bróðir?
Míranda: Ég ætti ekki eftir
að láta falla styggðaryrði um ömmu;
en góðar vambir fæða stundum fífl.


SVIGSKÍÐAFERÐ




Gerlos í Austurríki

12. - 19. febrúar 2011

Hinn sjarmerandi bær Gerlos er þekktur skíðabær í austurrísku Ölpunum, sem býður skíðafólki á öllum aldri upp á frábærar aðstæður og líflega fjallastemningu. Gerlos liggur í 1.300 m hæð og er einn hluti af fjórum skíðasvæðum í Zillertal Arena. Skíðasvæðið í Zillertal Arena liggur í allt að 2.500 m hæð yfir sjávarmáli og er því talið einstaklega snjóöruggt svæði. Snjóhvítar skíðabrekkurnar eru um 166 km í öllum erfiðleikastigum og eiga eflaust eftir að koma vönu skíðafólki skemmtilega á óvart. Flogið er með Icelandair til München og haldið sem leið liggur til Gerlos, en rútan fer að sjálfsögðu beint á hótelið okkar. Gist er á góðu 3* fjölskyldureknu hóteli í austurrískum stíl. Morgunverðarhlaðborð og fjögurra rétta kvöldverður með salathlaðborði er innifalinn og eins býður hótelið upp á nýlega heilsulind. Rétt hjá hótelinu stoppar skíðarútan, en með henni er farin stutt ferð á öll helstu skíðasvæðin. Fararstjórar eru með hópnum alla ferðina, gista á sama hóteli og sjá um að skipuleggja skíðaferðir fyrir þá sem það vilja.

**Fararstjórar: Sævar Skaptason og Guðmundur K. Einarsson**

**Verð:** 168.800 kr. á mann í tvíbýli.

**Innifalið:** Flug, skattar, hótelgisting, morgunverðarhlaðborð, kvöldverður, aðgangur að heilsulind hótelsins, ferðir til og frá München flugvelli og íslensk fararstjórn.

Spör ehf.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR


## „Drifhvít sængurver grannkonu minnar“

**BÓKMENNTIR**
**Vilborg Dagbjartsdóttir**
**Síðdegi**
**JPV útgáfa 2010**
★★★★

*Síðdegi* er níunda ljóðabók Vilborgar Dagbjartsdóttur, sem fyrir löngu hefur skipað sér sess sem eitt af okkar fremstu ljóðskáldum. Bókin skiptist í þrjá kafla ; Fjallkonan, Í haustvindinum og Árstíðirnar í húsinu – hækur.

Fjallkonan er þjóðhátíðarljóð Vilborgar frá árinu 2005 sem flutt var sem ávarp fjallkonunnar. Magnað ljóð í mörgum köflum sem rekur ímyndaða sögu konu frá landnámsöld sem fannst á Vestdalsheiði. Yrkisefnin í Í haustvindinum eru sorgin, fegurð hversdagsins og náttúrunnar, minningar og stemningar. Hið sama má segja um Árstíðirnar í húsinu, vel smíðaðar hækur sem spegla rás tímans og hverfulleika lífsins.

Að vanda yrkir Vilborg best um óvænta fegurð hins smáa í daglegu lífi, en hér kveður líka við nýjan tón, sorgin og söknuðurinn skipa stóran sess enda bókin tileinkuð minningu Þorgeirs Þorgeirsonar, eiginmanns hennar. Hvergi örlar þó á tilfinningasemi eða uppskrúfuðum lýsingum. Allt er einfalt, meitlað og hittir mann í hjartastað. Ljóðið Andvarp er gott dæmi um þá einstöku list Vilborgar að koma til skila hyldjúpum tilfinningum í örfáum orðum:


Vilborg Dagbjartsdóttir FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

***Andvarp***
*Einhvern tíma*
*Einhvers staðar*
*Hvergi*
*Aldrei*
*Aftur*

Það sem þó einkennir ljóð Vilborgar fyrst og fremst og gerir hana einstaka meðal íslenskra skálda er hið kvenlega sjónarhorn á öll viðfangsefni lífsins, án þess þó að nokkurn tíma örli á kvenrembu, píslarvætti eða vanmáttarkennd. Í hækuköflanum Árstíðirnar í húsinu notar Vilborg hækuformið til að koma til skila mismunandi hughrifum hverrar árstíðar og gerir það meistaralega vel. Þetta form leikur í höndunum á henni í sínum erfiða einfaldleika og enn og aftur er það hin kvenlega sýn sem er ráðandi :

*Þorratunglið fullt*
*eins og laufabrauðskaka*
*á skreyttum borðdúk.*

Í prósaljóðinu Skyggni sér hún í sýn borð með pönnukökudiski, drifhvít sængurver grannkonunnar minna hana á óskrifaðar síður sem kalla á ljóð, hún hlustar á skraf kvenna um mennina í lífi þeirra og hugsar til Guðrúnar Ósvífursdóttur, saumar rósir í ljósadúk og svo framvegis. Öll þessi hversdagslegu viðvik verða henni tilefni til skáldlegra þenkinga á fullkomlega eðlilegan hátt. Kannski þess vegna sem það hefur viljað brenna við að hún falli óverðskuldað í skuggann af karlkyns skáldum af sinni kynslóð, sem yrkja um „merkilegri“ viðfangsefni. Enda segir hún sjálf í ljóðinu Furða :

*Sumir karlar eru svo frábitnir öllu kvenlegu*
*að þeir sjá ekki einu sinni móður sína*
*fyrir fjallskugga föðurins.*

*Friðrika Benónýsdóttir*

**Niðurstaða:** Meitlaður skáldskapur um það sem máli skiptir. Vilborg sannar hér enn að hún er meðal merkustu skálda.

**menning** kemur út á fimm vikna fresti með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Bergsteinn Sigurðsson
**Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is




# Nú fer hver að verða síðastur

*4ra rétta tilboðinu lýkur 20. október!*

*4ra rétta veisla á aðeins* **7.290 kr.** *(sjá nánar á perlan.is)*



## Villibráðarhlaðborðið

*21. október - 17. nóvember*

**Hefst 21. okt.**

**Þar má meðal annars finna:**
Villigölt, dúfur, dádýr, antilópu, súlu, svartfugl, gæsa carpaccio, reyktan lunda, skelfisk, heiðargæsa-lifrarfrauð, silung, lax, sushi , hvalur, villigæsabringu, heilsteiktan hreindýravöðva, gæsalæri, svartfuglsbringu, gufusoðinn krækling og fleira.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Verð: 8.490 kr. — Tilboð mánudaga til miðvikudags: 7.490 kr.**

## Jólahlaðborðið

*18. nóvember - 30. desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar nálgast óðfluga. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

**Hefst 18. nóv.**

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

## TÍMAMÓT Í ÍSLENSKRI ÓPERUSÖGU

**Rigoletto var fyrsta** óperan sem sett var upp á Íslandi, það var árið 1951 og fór Guðmundur Jónsson með titilhlutverkið. Ólafur nam síðar hjá honum. „Mér finnst alltaf eitthvað sérstakt við Rigoletto, og lít svolítið á það sem mína rullu," segir Ólafur um hlutverkið í þessari tímamótaóperu í íslenskri óperusögu. Í stuttu máli segir í henni frá Rigoletto sem starfar fyrir hinn illræmda kvennabósa, hertogann af Mantua. Hann aðstoðar hertogann við að koma á fláráðum ástarævintýrum við konur en um leið heldur hann þeirri staðreynd leyndri, að hann á sjálfur unga og fagra dóttur, Gildu. Þegar Rigoletto kemst að því að hann hefur sjálfur tekið þátt í brottnámi dóttur sinnar án þess að gera sér grein fyrir hver á í hlut leggur hann á ráðin um að láta myrða hinn ósvífna hertoga og flýja ásamt dóttur sinni, en ráðabrugg hans tekur óvænta stefnu og endar með skelfingu.



**Óperan sem er** eftir Giuseppe Verdi var frumflutt í Feneyjum árið 1851. Hún er talin meðal meistaraverka ítalska snillingsins.

**Íslenska óperan frumsýnir** Rigoletto hinn 9. október.


Líklega bestu frystikistukaupin!

Gerðu verðsamanburð



FR205 189L B73xD70xH95
1 karfa, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð kr. 66.900



FR305 278L B98xD70xH95
2 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð kr. 76.900



FR405 385L B128xD70xH95
2 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð kr. 86.900



FR505 463L B150xD70xH95
3 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð kr. 96.900

TEFCOLD

Nánari upplýsingar í síma 440-1800 og www.kaelitaekni.is





# VOLKSWAGEN-ÁR *fram undan*

**Ólafur Kjartan Sigurðarson fer með titilhlutverk í óperunni Rigoletto sem verður frumsýnd í Íslensku óperunni 9. október. Spennandi vetur er fram undan hjá barítóninum sem hefur tekið óperuheiminn á seiglunni eins og hann segir sjálfur.**

ÓPERA SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR

Það er í nógu að snúast hjá Ólafi Kjartani Sigurðarsyni, æft er sex daga vikunnar fyrir frumsýningu á Rigoletto um þessar mundir. Í sjónmáli eru svo æfingar í heimabæ Ólafs og fjölskyldu, Saarbrücken í Þýskalandi, á óperunni Fídelíó eftir Beethoven. Svo mun hann syngja Rigoletto í Volksoper í Vínarborg og í kjölfarið hefja æfingar á Rínargullinu eftir Wagner í Darmstadt. Þéttbókaður vetur er fram undan og verkefnin eru spennandi og krefjandi.

„Það er ótrúlegt tækifæri fyrir mig að syngja Rigoletto í Vínarborg, ég er enn að melta það að mér hafi verið boðið það. Ekki síðra er hlutverkið í Darmstadt, en þar mun ég taka þátt í öllum uppfærslum á Niflungahringnum eftir Wagner, sem settur verður upp á tímabilinu 2011 til 2012."

Ólafur segir gefandi að vera kominn á þann stað í ferlinum þar sem hlutverk í óperum eftir Verdi og Wagner eru á dagskránni. „Dagbókin mín er orðin nákvæmlega eins og ég vildi hafa hana, þetta verður VW ár, Volkswagenár eins og ég segi stundum, Verdi – Wagner. Rödd söngvara þroskast vitanlega og breytist með aldrinum. Fyrir tíu árum hefði mig ekki dreymt um að syngja Verdi og Wagner, þá hélt ég að ég myndi ílengjast í léttari hlutverkum á borð við Fígaró, en þegar röðin fór að bjóða upp á þessi krefjandi hlutverk þá fór mig vitanlega að þyrsta í þau," segir Ólafur. „Verdi er nánast sérkategoría í óperuheiminum, það er oft talað um verdí-barítóna og verdí-séprana. Verdí-söngvarar eru svo oft heppilegir til að syngja Wagner. Ég segi það gjarnan að ef Wagner hefði átt ipod þá hefði hann hlustað á Bellini og þessar ítölsku óperur. Hann hreifst af þeim, þetta var söngstíll sem hann þekkti. Enda skrifar Wagner gríðarlega vel fyrir söngröddina, ekki síður en Verdi."



Ólaf Kjartan þyrsti í þyngri hlutverk þegar röðin fór að bjóða upp á þau og er því vitanlega ánægður með dagskrá vetrarins þar sem bæði er að finna Verdí og Wagner. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Flakkar þrátt fyrir fastráðningu

Ólafur söng sitt fyrsta Wagnerhlutverk í Saarbrücken í fyrravetur, í kjölfarið var honum boðið að vera með í Niflungahringnum í Darmstadt, enda fylgist Wagnerheimurinn vel með Wagner-uppfærslum segir hann.

Ólafur hefur verið búsettur í Saarbrücken í tvö ár og nýverið var fastráðningarsamningur hans þar framlengdur um ár. „Þeir eru mjög liðlegir við mig þannig að þrátt fyrir fastráðninguna gefst mér tækifæri til að flakka annað þegar það býðst." Mikill munur er fyrir óperusöngvara að vera búsettur miðsvæðis í Evrópu að sögn Ólafs. Hann getur nýtt sér miklu betur tækifæri sem bjóðast og koma óvænt upp á, eins og afleysingar í óperuhlutverkum. Þessi útgerð var öll þyngri í vöfum héðan, en eftir að fastráðningartímabili Ólafs við Íslensku óperuna 2001 til 2004 lauk gerði hann út héðan til 2008. „Það er dæmi sem gengur varla upp fjárhagslega, út af flugfargjöldum, auk þess sem fjarlægðin getur verið fyrirstaða."

Hann segir hins vegar frábært að fá að koma hingað til lands og taka þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar. „Hér eru frábærir kollegar og listrænir stjórnendur sýningarinnar, Stefán Baldursson leikstjóri og Daníel Bjarnason tónlistarstjóri. Að öðrum kollegum ólöstuðum get ég ekki lagt nægilega áherslu á hvað ég er lánsamur að vinna með Þóru Einarsdóttur sem fer með hlutverk Gildu [dóttur Rigolettos] hún er í einu orði sagt stórkostleg eins og fólk mun bæði sjá og heyra í óperunni."

### Auðvelt að missa móðinn

Ólafur Kjartan segir ungu söngvarana í sýningunni einnig afar góða og hefur ekki áhyggjur af endurnýjun söngvarastéttarinnar. Óperubrautin er þó sannarlega ekki endilega bein og breið, sjálfur segist hann hafa upplifað mörg óvissuaugnablik í námi og starfi. „Lengi vel var ég meira að segja feiminn við að kalla mig söngvara, fannst ég næstum vera að taka of stórt upp í mig. Það er auðvelt að missa móðinn í þessum bransa, en ég hef stundum sagt að ég hafi tekið þetta á seiglunni, mér hlotnaðist enginn auðfenginn frami," segir hann. Nú ætlar sonur hans að feta brautina, hefur í haust framhaldsnám í söng í akademíunni í Saarbrücken og flyst því þangað með konu og barn, afanum til mikillar ánægju. Kona hans og dætur tóku tíðindunum líka fagnandi og fjölskyldan sér fram á fleiri samverustundir en fyrr. Sjálfur segist hann ekki hafa ýtt syninum út á söngvarabrautina, en tónlistin sé vissulega í genunum í fjölskyldunni, faðir Ólafs er Sigurður Rúnar Jónsson, þekktur sem Diddi fiðla, og afi hans, Jón sigurðsson, var bassaleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Maður er alltaf að bíða eftir lögfræðingnum í fjölskyldunni," segir Ólafur og hlær. „Nei, maður styður auðvitað við bakið á börnunum en það er enn auðveldara en áður eftir bankahrunið að hvetja þau til að gera nákvæmlega það sem þau vilja, það er greinilega ekki trygging fyrir farsæld að fara í lögfræði eða viðskiptafræði."

# HAUSTÚTSALA

## 20-50% AFSLÁTTUR

RÝMUM FYRIR VETRARVÖRUNUM

**23.SEP. - 2.OKT.**

Smartwool
*nærfatnaður og sokkar*

HELSPORT
*tjöld, tjalddýnur og svefnpokar*

Black Diamond™
*fjallaskíði, skinn o.fl.*

Marmot®
*útivistarfatnaður*

Löffler
PREMIUM SPORTSWEAR
*hjóla- og útivistarfatnaður*

JETBOIL
*pottar og prímusar*

**www.fjallakofinn.is** • *við erum á* facebook

# FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • Hafnarfirði • sími 510 9505

*Eigandi: Halldór Hreinsson*



Í stemningsþrungnu rými gömlu skipasmíðastöðvarinnar Arsenale hefur Ólafur Elíasson, í verkinu YOUR SPLIT SECOND HOUSE (2010), hengt þrjár vatnsslöngur upp í loftið þar sem þær snúast í hring og sprauta vatni út í myrkvað rými og lýsa á það með blikkljósi.

MYND/ANNA MARÍA BOGADÓTTIR



Holland stendur autt: Efri hæð hollenska þjóðarskálans var þakin bláum frauðplastmódelum sem eru gerð eftir byggingum sem standa auðar víðs vegar um Holland. Hugmyndin að baki sýningunni var að varpa ljósi á og kryfja tækifærin sem felast í tómum byggingum.




Hollenski arkitektinn Rem Koolhaas leiðir sýningargest um yfirlit verka OMA, sem var hluti af sýningu Feneyjatvíæringsins í ár, þar sem Koolhaas veitti Gullna ljóninu viðtöku.

# TÓMAR BYGGINGAR *og borgarskipulag*

Hvað er arkitektúr er spurningin sem Feneyjatvíæringurinn í arkitektúr leitast við að svara að þessu sinni. Anna María Bogadóttir, arkitekt og menningarfræðingur, tók púlsinn í þessum suðupotti hugmyndanna.

**ARKTITEKTÚR** **ANNA MARÍA BOGADÓTTIR**

Sýningarstjórinn í ár, japanski arkitektinn Kazyou Seijima, leggur upp með grundvallarspurninguna um það hvað sé arkitektúr, sem og endurskoðun þeirra tækifæra sem felast í arkitektúr fyrir nútíma samfélag. Hún valdi hóp arkitekta, listamanna og verkfræðinga til að gefa sitt svar við spurningunni og beita þeir fyrir sig alls kyns efni og miðlum, allt frá ljósmyndum og hefðbundnum arkitektamódelum til listfengra rýmisinnsetninga og hátæknilegra hönnunarlausna. Allt til þess gert að gefa upplifun af því hvað arkitektúr er og hvað við getum mögulega ímyndað okkur að hann geti verið. Auk sýningar Seijima, eru framlög frá þjóðum heimsins – í ár alls 56 þjóðum – sett fram í sérlegum þjóðarskálum í Giardini-lystigarðinum. Og þar kennir ýmissa grasa – Hollendingar spyrja áleitinna spurninga um tómar byggingar og tækifærin sem í þeim búa, Danir kynna ný verkefni í borgarskipulagi, Finnar nýjar skólabyggingar og Ísraelar kíbbútsa, svo dæmi séu nefnd.

Auk þess að vera suðupottur hugmynda um arkitektúr, er Feneyjatvíæringurinn mikilvægur vettvangur til þess að koma hugmyndum sínum og verkefnum á framfæri – ekki síst við blaðamenn og alþjóðlega gagnrýnendur. Einmitt þess vegna spretta upp óteljandi viðburðir, sýningar og fyrirlestrar sem eru viðbót við hina miklu dagskrá tvíæringsins. Þrátt fyrir að Íslendingar taki ekki þátt í tvíæringnum í ár, kynnti íslenski arkitektinn Kristján Eggertsson, hjá dönsk-íslensku stofunni KRADS, verkefni stofunnar í glæsilegu teiti sem haldið var í reisulegri villu í borginni við síkin. Tilefnið var útgáfa bókarinnar Worldwide Architecture, hjá ítalska forlaginu, Wolters Kluver, en KRADS er meðal ungra arkitektastofa sem bókin fjallar um.




Skýjum hulin göngubrú bugðast fram hjá voldugum súlum Arsenale-byggingarinnar, en upplifunin af því að ganga yfir brúna fær hjörtu lofthræddra til að slá örar. Cloudscapes (2010) Transsolar + Tetsuo Kondo.

# Þrælmagnaður heimur

**MYNDLIST**

**Skrúð, Sigurður Guðjónsson.**

**Suðsuðvestur, Hafnargötu 22, Reykjanesbæ. Sýnd til 3. október.**

★★★★

Sigurður Guðjónsson vakti strax athygli með útskriftarverki sínu frá Listaháskóla Íslands árið 2003, síðan hefur hann þróað og meitlað list sína á áhrifaríkan hátt en hann notar kvikmyndir og hljóð, samtvinnað í eina heild. Undanfarin ár hefur hann fært sig frá myndum sem gáfu í skyn frásögn, dálítið dularfulla, jafnvel óhugnanlega, yfir í innsetningar sem byggja á styttri myndlúppum, án frásagnar.

Verk Sigurðar vísuðu í upphafi nokkuð til goth-bókmennta nítjándu aldar, en þær einkenndust af dulmögnuðum fyrirbærum, geðveiki, draugum, einhverju dularfullu sem bjó undir niðri og dró lesandann til sín og átti sér yfirleitt stað í rústum eða drungalegum köstulum. Það má kannski líka hugsa til David Lynch, þá sérstaklega myndar hans, Eraserhead og líka til Lars von Trier, þá helst Forbrydelsens element og Riget.

Þegar komið er í Suðsuðvestur draga hálfmyrkvuð herbergin mann inn, húsið skelfur, gólfið titrar og veggirnir víbra. Tveimur svarthvítum myndlúppum er varpað á vegg sín í hvoru herberginu. Hjól snúast, það drjúpa dropar í vatn, vélarnar ganga, drífa hugsa manns áfram í áhrifaríku samspili við drunurnar í húsinu öllu. Hillur geyma ljóskastara, eins og skúlptúr í rýminu. Öðru hvoru birtast litir á myndunum, eða hvað, hvað sá ég? Hávaðinn er ekki óhugnanlegur heldur seiðandi á sérkennilegan hátt, það er ekki annað hægt en að gefa eftir og sogast inn í þennan sterka hljóð- og myndheim.

Sigurður hefur hér einangrað áhrifaríka þætti úr kvikmyndum, hljóðmyndum og myndlist. Þessi innsetning er nær því að vera abstrakt en önnur verk Sigurðar, vegna þess hve vísanirnar eru óbeinar, myndrænir þættir einfaldir, hringform, svarthvítir litir og grunnlitir sem bregður fyrir hraðar en auga á festir. Hið sama má segja um hljóðmyndina sem hvorki felur í sér rísandi né stígandi, heildarmyndin er massíf upplifun sem ekki breytist frá einni mínútu til annarrar.



Á sama tíma vísa bæði myndir og hljóð sterkt til þess mynd- og bókmenntaheims sem nefndur er hér að ofan og ná þannig að virkja áhorfandann á mörgum sviðum. Hugað er vandlega að framsetningu, rýmið lagað fullkomlega að aðstæðum og frágangur allur er hnökralaus.

Útkoman er afar áhrifarík og ekki má gleyma að skemmtanagildið er líka töluvert, maður tímir varla að fara út úr þessu þrælmagnaða rými sem nötrar og drynur eins og lifandi vél.

*Ragna Sigurðardóttir.*

**Niðurstaða:** Mögnuð og áhrifarík upplifun sem nær föstum tökum á áhorfandanum. Sigurður hefur farið stigvaxandi í list sinni á síðustu árum, hér er listamaður sem vert er að fylgjast með.



**Fjölskylduleiðsögn** um klippimyndir Errós verður í Listasafni Reykjavíkur klukkan 15. á sunnudag. Þar mun Klara Þórhallsdóttir, fræðslufulltrúi safnsins, vera með leiðsögn um hina nýlega opnuðu klippimyndasýningu Errós og kynna um leið klippimyndasamkeppnina sem Listasafn Reykjavíkur gengst fyrir að frumkvæði hans.




**Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447










Egill Ólafsson hljómlistarmaður mun fara um víðan völl þessa helgi



# Beðið eftir eilífðinni

Ég ætla að vera duglegur í félagslífinu um helgina og sækja tvö stórafmæli í kvöld, syngja sjálfur á tónleikum, og sitja kvöldverð hjá tengdamóður minni ásamt heimspekktum jarðvegsfræðingi sem hingað er kominn sérstaklega til að ræða við hana um gróðureyðingu," segir stórsöngvarinn Egill Ólafsson um áform helgarinnar, en afmælisveislurnar eru til heiðurs Hjörleifi Valssyni fiðluleikara fertugum og Jóni Kr. Ólafssyni sem varð sjötugur á fimmtudag.


;HELGIN | 2






# Lagersala Lín Design

40-80% afsláttur af sængurfatnaði, dúkum, púðum, rúmteppum & handklæðum.

**Opið laugardag 10 - 17**
**Ath. aðeins þennan eina dag**

Lín DESIGN

**Erum á Malarhöfða 8, í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason**

**Dr. Þórgunnur Snædal** rúnafræðingur flytur fyrirlesturinn Snældusnúður Vilborgar - Um rúnaristur frá Alþingisreitnum á Landnámssýningunni í Aðalstræti 16 klukkan 14 í dag. Þar mun hún segja frá snældusnúði Vilborgar og öðrum gripum sem fundust við rannsóknir á Alþingisreitnum á árunum 2008 til 2009.



## Leikhópar og Ljótir hálfvitar í Færeyjum



Íslenskir menningardagar hófust í Færeyjum í gær og standa fram á sunnudag. Af því tilefni hafa leikhóparnir Stoppleikhópurinn og Tímamótaverksmiðjan og hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir sótt eyjarnar heim. Stoppleikhópurinn sýnir verðlaunasýninguna Bólu-Hjálmar en Tímamótaverksmiðjan flytur dagskrá um Jörund hundadagakonung.

Bólu-Hjálmar segir sögu litríks alþýðuskálds sem glímdi við fátækt, fjandskap nágranna sinna og harðneskju yfirvalda, en skildi eftir sig skáldskap þar sem samferðamennirnir fá að kenna á orðsnilldinni. Í dagskránni um Jörund hundadagakonung er saga hans rakin en hann er frægastur fyrir að hafa rænt völdum á Íslandi og ríkt sem einvaldur sumarið 1809.

Leikstjóri beggja sýninganna er Ágústa Skúladóttir sem er leiklistarunnendum í Færeyjum að góðu kunn sem leikstjóri og námskeiðshaldari undanfarin ár. Höfundar beggja verkanna eru meðlimir í Ljótu hálfvitunum. Þeir léku fyrir dansi í Vaskeríinu í Þórshöfn í gær en allur hópurinn stígur á svið í Sjónleikarhúsinu í kvöld. Á morgun er ferðinni síðan heitið út í Nólsoy. *-ve*


ÚTSALA

síðustu dagar.

ÚLPUR, KÁPUR, JAKKAR

20 - 70% afsl. og margt fleira.

Opið
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16




Mörkinni 6 - Sími 588 5518


Framhald af forsíðu

Egill leggur nú lokahönd á „live“ plötu með lögum Sigfúsar Halldórssonar, en Stuðmenn kvaddi hann formlega fyrir um ári.

„Stuðmenn verða ábyggilega að fram í rauðan dauðann, því miður. Við eigum það sameiginlegt að búa yfir einhverri ónáttúru sem fær ekki útrás nema menn komi saman og geri eitthvað af sér,“ segir Egill sem er í miklu sambandi við félaga sína úr hljómsveit allra landsmanna.

„Nú eiga Stuðmenn tvíþætt afmæli. Fjörtíu ár eru síðan hljómsveitin var stofnuð og 35 ár síðan Sumar á Sýrlandi kom út. Niðurstaðan varð þó sú að gera ekkert veður úr því, því okkur finnst talan 50 miklu voldugri,“ segir Egill og játar að tónleikar með Stuðmönnum séu freistandi. „Stuðmenn freista alltaf en menn rekast í mörgu og sjónarmiðin er mörg. Við erum auðvitað gamlir skólafélagar og æskuvinir; sumir frá því þeir voru rétt farnir að ganga, eins og við Þórður, og ég sakna Stuðmanna allra. Því væri gaman að líta yfir farinn veg, því við gerðum fullt af skemmtilegum hlutum sem fólu í sér umsköpun sjálfsins í hvert sinn sem við komum fram,“ segir Egill sem kveðst í einlægni ekki nefnt sinn uppáhalds Stuðmann.

„Styrkur Stuðmanna fólst í ólíkum persónuleikum sem áttu sameiginlegt að hafa fengið ríkulegar vöggugjafir, vera flinkir spilarar og flinkir í hausnum. Það var því mikið hlegið og grátið, enda skiptust menn á hugmyndum sem stundum þurfti að lúffa með, og stundum var eitthvað sagt sem betur hefði kyrrt legið, eins og gengur í öllu samstarfi sem gengur út á líf og dauða, eins og okkur fannst það vera. Mest var þó gleðin yfir svöruninni og oftast á þann veg að menn gleymdu argaþrasinu, og sungu og dönsuðu eins og vitleysingar. Því get ég ómögulega gert upp á milli, en Ragga var náttúrlega sætust,“ segir Egill, sem er duglegur að sækja leikhús um helgar og ætlar að vera þaulsætinn á Riff-hátíðinni um helgina.



Egill reiknar allt eins með að stíga á stokk með Stuðmönnum síðar, enda hljómsveitin þekkt fyrir að halda stuðinu áfram þótt hún hvíli sig inn á milli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég sé nánast allt í leikhúsi sem fylgiherra þjóðleikhússtjóra. Leikhús er spennandi, ekki síst þegar það segir dramatíska sögu þar sem maður getur speglað sig í vandamálum annarra. Ég kann því óskaplega vel að vera þjóðleikhússtjórafrú því það er nýtt hlutskipti. Við karlar erum búnir að yfirskyggja heiminn síðastliðin 220 ár, eða allt frá frönsku stjórnarbyltingunni, og nú mega konur ráða næstu 220 árin. Margir tala um kólnun hjartans um leið og loftslag hlýnar, en ég spái því að hjartað hlýni á nýjan leik með tilkomu aukinna valda kvenna.“

Á morgun hyggst Egill hvílast en fjölskyldan hefur fyrir venju að hittast yfir sunnudagssteikinni.

„Að vísu býr yngri sonur okkar í Stokkhólmi þar sem þau unnustan eiga von á sér í nóvember og við erum óskaplega spennt. Ég er að verða tvöfaldur afi og það er dásamleg lífsreynsla. Í barnabörnunum birtist eilífðin, því við lifum til eilífðar í þeim sem eru sannarlega betrungar okkar og bæta okkur upp,“ segir Egill sem líka býst við að leggja sig oft á morgun.

„Ég sef orðið miklu meira en ég þyrfti, allt að fjóra tíma á sólarhring, en ekki meira en það. Ég er kominn á þann aldur að þurfa ekki að sofa, enda engin starfsemi lengur.“

*thordis@frettabladid.is*




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Sven Edsfors, kórstjóri sænska kvennakórsins The vocal ensemble Cantus, lofar góðum tónleikum í Bústaðakirkju í kvöld.

# Sænsk þjóðlög í bland

**Tónleikar verða haldnir í kvöld í Bústaðakirkju og kostar ekkert inn. The vocal ensemble Cantus, kvennakór frá Örnsköldsvik í Svíþjóð, kom til landsins í gær og þenur raddböndin fyrir gesti.**



Sænski kvennakórinn The vocal ensemble Cantus frá Örnsköldsvik er staddur hér á landi um helgina en kórinn heldur tónleika í Bústaðakirkju í kvöld. Þetta er fyrsta heimsókn kórsins til Íslands en hann hefur haldið tónleika víða um heim. Kórinn skipa ellefu konur sem komu til landsins í gær, ásamt kórstjóra sínum Sven Edsfors.

„Ég hef einungis stjórnað kórnum í þrjú ár en saga hans nær aftur um 50 ár," útskýrir Sven. Þó engir upphaflegra kórfélaga séu enn í kórnum hafa nokkrar konurnar í hópnum sungið í kórnum í fjörutíu ár. „Margar þeirra hafa sungið lengi saman og kórinn er vel samstilltur," segir Sven og lofar góðri skemmtun í kvöld.

„Dagskráin spannar vítt svið, allt frá sænskum þjóðlögum til nútímaverka eftir spænska höfunda. Við endum á verkum eftir Felix Mendelsohn en við fluttum á síðasta ári tónlist eftir hann í Svíþjóð í tilefni þess að þá voru 200 ár frá fæðingu tónskáldsins."

The vocal ensemble Cantus heldur aðeins þessa einu tónleika í heimsókn sinni til Íslands. Þau stoppa stutt við en þegar blaðamaður náði tali af Sven var hópurinn á leið í Bláa lónið að slappa af fyrir tónleikana í kvöld.

Falleg og vel skipulögð þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu viðhaldslitlu lyftuhús í Áslandinu í Hafnarfirði. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu.
**Bókið skoðun í síma 823-5050**
**Uppl: Lárus 823 5050**

Vantar 4ra herbergja íbúðir á sölu í Vesturbænum.
Einnig rað- par og einbýli í löndunum
Einbýli eða parhús með aukaíbúð í Hafnarfirði, max 55m.
Hafið samband. Lárus 823 5050.

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is - S: 527 1717 - Fax: 527 1718

# Þökkum stuðninginn

**Reykjavík**
101 Reykjavík fasteignasala ehf
Arkitektastofan Austurvöllur
Árbæjarapótek ehf
Árbæjarkirkja
Ásbjörn Ólafsson ehf
B.K.flutningar ehf
Barnaverndarstofa
Bílasmiðurinn hf sími: 567 2330
Bóksala kennaranema
Brim hf
BSRB
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Efling stéttarfélag
Eignamiðlunin Reykjavík / Mosfellsbæ
Endurvinnslan hf
Esja Kjötvinnsla ehf
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Faxaflóahafnir sf
Fraktflutningar ehf
G.S.varahlutir ehf
GP-arkitektar ehf
Grásteinn ehf
Halldór Jónsson ehf
Happdrætti Háskóla Íslands
Háfell ehf
Hf. Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf
HGK ehf
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa
Höfðakaffi ehf
Iceland Seafood ehf
Internet á Íslandi hf, ISNIC
Intrum á Íslandi ehf
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslensk endurskoðun ehf
JP Lögmenn ehf
Kaþólska kirkjan á Íslandi
Kjaran ehf
Knattspyrnusamband Íslands
KOM almannatengsl
Lagnagæði ehf
Lausn hugbúnaður, hýsing og ráðgjöf ehf
Lindin, kristið útvarp FM 102,9
Lögmannsstofan Réttur
Ósal ehf
Rafeindastofan ehf
Rafstilling ehf
Ráðtak sf
Rolf Johansen & Co ehf
Samhjálp
Sigurborg ehf
SÍBS
Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar
Sjóvík ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Suzuki bílar hf
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Trésmiðjan Jari ehf
Tölvu- og tækniþjónustan ehf
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
V.R.
Verslunarskóli Íslands
Verslunartækni ehf
Vífilfell hf
Wilson's Pizza
Ögurvík hf
Öryrkjabandalag Íslands

**Seltjarnarnes**
About Fish Íslandi ehf

**Vogar**
V.P.vélaverkstæði ehf

**Kópavogur**
Bílamálunin Varmi ehf
Bílaþvottastöðin Löður ehf
Bíljöfur ehf, gul gata
Bókasafn Kópavogs
Debenhams á Íslandi ehf
dk hugbúnaður ehf., dk.is
Eignarhaldsfélag Brunabótafélag Íslands
Glófi ehf
Gæðaflutningar ehf
Hörðuból ehf
Íslandsspil sf
Marás ehf
Nýmót ehf
Rafheimilið efh
Rafmiðlun hf
Réttingaþjónustan ehf
Snælandsskóli
Stikuvík - Hvíti bær hf
Söluturninn Smári
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf

**Garðabær**
Ásgeir Guðmundsson
Flotgólf ehf
Garðabær
Geislatækni ehf Laser-þjónustan
Rafal ehf
Stjarnan ungmennafélag, Stjörnuheimili

**Hafnarfjörður**
Flensborgarskólinn
Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Iðnnet ehf - Pípulagningaþjónusta
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Verkalýðsfélagið Hlíf
Viðhald og nýsmíði ehf

**Álftanes**
Ferskfiskur ehf

**Reykjanesbær**
Dacoda ehf
DMM Lausnir ehf
Fitjavík ehf
Samkaup hf
Tannlæknastofa Einars Magnússonar ehf
Verslunarmannafélag Suðurnesja

**Grindavík**
Grímsnes ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

**Mosfellsbær**
Elektrus ehf - löggiltir rafverktakar ehf
Garðyrkjustöðin Gróandi
Ísfugl ehf
Kjósarhreppur www.kjos.is
Laxnes ehf - Hestaleigan Laxnesi
Mosfellsbær
Nonni litli ehf
Seljabrekka ehf

**Akranes**
Galito veitingastaður
Runólfur Hallfreðsson ehf
Spölur ehf - Hvalfjarðargöng
Straumnes ehf, rafverktakar

**Borgarnes**
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf
Tannlæknastofa Hilmis ehf
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf

**Stykkishólmur**
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild
Sæfell ehf
Þ.B. Borg ehf

**Ólafsvík**
Steinunn ehf

**Reykhólahreppur**
Glæðir, blómaáburður sími: 866 9386

**Ísafjörður**
Ferðaþjónustan í Heydal
Hamraborg ehf

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf

**Patreksfjörður**
Vesturbyggð

**Norðurfjörður**
Hótel Djúpavík ehf

**Hvammstangi**
Húnaþing vestra

**Blönduós**
Búnaðarþing Húnaþings og Stranda

**Sauðárkrókur**
Aldan - stéttarfélag
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Kvenfélagið Framför

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Akureyri**
Átak sf
Blikkrás ehf
Gk endurskoðun ehf
Ísgát ehf
Kjarnafæði hf
Rafröst ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri

**Grímsey**
Sæbjörg ehf

**Húsavík**
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
Sorpsamlag Þingeyinga ehf

**Egilsstaðir**
Birkitré sf
Dagskráin Austurlandi
Fellaskóli
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Steindór Jónsson ehf
Þ.S. verktakar ehf

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**Neskaupstaður**
Síldarvinnslan hf, útgerð

**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

**Höfn í Hornafirði**
Nóna ehf
Skinney - Þinganes hf
Sveitafélagið Hornafjörður

**Selfoss**
Búnaðarfélag Grafningshrepps
Grunnskóli Bláskógabyggðar
Jeppasmiðjan ehf
Pylsuvagninn Selfossi

**Hveragerði**
BP Skrúðgarðar ehf
Eldhestar ehf

**Þorlákshöfn**
Frostfiskur ehf
Sveitarfélagið Ölfus
Þorláks- og Hjallakirkja

**Stokkseyri**
Durinn ehf

**Laugarvatn**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**Hella**
Sólfugl ehf

**Hvolsvöllur**
Héraðsbókasafn Rangæinga

**Vestmannaeyjar**
Tvisturinn ehf
Vinnslustöðin hf
Vöruval ehf

VáVest
LAGNALAGERINN
init
Starfsgreinasamband Íslands
Alþýðusamband Íslands
RB
Portfarma
nostra
UMFÍ
BÓNUS
LYFJA – Lifið heil

**HÚS VERSLUNARINNAR**
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Arion banki

# Stuðningur við ungt fólk að lokinni meðferð



*Guðbjörg Erlingsdóttir*
*ICADC*

Hvernig stendur á að eftir margra mánaða meðferð, þar sem unglingur hefur náð góðum árangri með að takast á við sjálfan sig og tilveruna, að hann fellur í nákvæmlega sama farið fljótlega eftir að heim er komið? Stórt er spurt og ekkert eitt svar sem gildir fyrir alla, en ein af þeim ástæðum sem ungmennin sjálf gefa fyrir þessu eru vinirnir og félagsskapurinn sem viðkomandi hefur tilheyrt. Þessi félagsskapur er oftar en ekki eins og þeirra önnur fjölskylda sem þau hafa jafnvel eitt meiri tíma með en foreldrum sínum og systkinum. Þegar þessi ungmenni eru spurð um áhugamál er svarið; að „hanga" með vinunum. Það er því hægara sagt en gert að snúa baki við gömlu vinunum. Staðan er oftar en ekki sú að unglingurinn er ekki í neinum tengslum við aðra en þá sem eru í neyslu og eiga í sama vanda og hann átti. Stundum eru þetta æskuvinirnir og viðkomandi hefur aldrei kynnst neinu öðru eða að viðkomandi hefur lokað á eða vegna neyslu sinnar og hegðunar fjarlægst og misst tengsl við æskuvinina og eignast nýja vini svokallaða „neyslufélaga".
Í meðferð fær einstaklingurinn tækifæri til að skoða sig og breyta, hann er í vernduðu umhverfi þar sem með tímanum honum fer að líða vel og vera öruggur með sig. Viðkomandi lærir nýjar leiðir í samskiptum og sjálfsmyndin vex og með því sjálfstraustið. Þetta gerist allt yfir mislangt tímabil og með aðstoð fagfólks sem og meðferðarfélaganna sem einnig eru mikilvægur hlekkur í þessum breytingum. Einn daginn kemur svo að því að annað hvort er ekki lengri meðferð í boði eða staðan metin á þann hátt að viðkomandi sé nú tilbúin(n) til að takast á við tilveruna utan meðferðar.
Viðkomandi einstaklingur er nú settur aftur út í lífið þar sem allt er við það sama og á nú að takast á við umhverfi sitt án vímugjafa og nú jafnvel vinalaus.

*„Mér leið svo vel í meðferðinni og allt gekk svo vel, ég hlakkaði til að útskrifast og var viss um að allt væri breytt. En það var það bara ekki, fyrst til að byrja með var frábært að vera komin heim. Það voru allir svo glaðir að fá mig og geðveikt ánægðir og stoltir af mér. Það var líka gott að vera frjáls og fá að sofa út og gera það sem mig langaði. Ég var fljót að snúa sólahringnum við og áður en ég vissi var ég farin að hanga í tölvunni allar nætur á msn og facebook, fylgjast með neyslufélögunum og því sem þau voru að gera og ég saknaði þeirra. Mamma fór að verða mjög pirruð á mér því ég var hætt að geta vaknað á morgnana og svaf bara allan daginn, var alltaf að „tuða" í mér að fara nú að gera eitthvað, sækja um vinnu og svoleiðis, en því lengur sem ég frestaði því, því erfiðara varð það. Ég hafði líka ætlað að mæta á fundi en „meikaði" bara ekki að fara ein og það var enginn að fara sem ég þekkti, allir vinir mínir voru í neyslu.*
*Svo að einn daginn ákvað ég að hitta neysluvinkonu mína og hún var að fara að „reykja" og þá fannst mér það bara allt í lagi að fá mér líka, að minnsta kosti var ég þá með einhverjum og hafði eitthvað að gera.*
*Í dag er ég búin að vera edrú í 6 mánuði, ég tek þátt í Eftirmeðferðinni í Foreldrahúsi, það er gott að geta komið og hitt hina krakkana, fengið aðstoð með hvernig ég á að takast á við hlutina. Þar fæ ég hvatningu og þar eru allir svo jákvæðir. Ég get alltaf talað við ráðgjafann minn þegar eitthvað er erfitt eða ég veit ekki hvað ég á að gera. " (ung stúlka í Eftirmeðferðinni)*

Í Eftirmeðferðinni gefst ungmennunum tækifæri til að aðlagast samfélaginu að nýju án vímugjafa með aðstoð og stuðningi. Þau kynnast öðru ungu fólki sem er að glíma við sömu eða svipuð vandamál og sækja stuðning í hvort annað. Þau fá aðstoð ráðgjafa við að leysa úr málum sem upp koma eins og í meðferðinni og er það ákveðið öryggi sem fylgir því að hafa einhvern sem hægt er að spyrja og fá stuðning og hvatningu hjá. Þau eignast nýja vini, kynnast nýjum áhugamálum og þegar eitthvað fer úrskeiðis sem oft gerist, því þetta er ferli sem tekur langan tíma, þá vita þau hvert þau eiga að leita og vegna þess að þau eru tengd starfsfólkinu og hinum ungmennunum í eftirmeðferðinni á jákvæðan hátt, þá leita þau yfirleitt fljótt til baka.
Stuðningur að lokinni meðferð er ekki síður mikilvægur en meðferðin sjálf. Aðlögun að nýju lífi er það sem þetta unga fólk þarf að halda og þær breytingar sem þessir krakkar eru að fara í gegnum eru langt frá því að vera auðveldar. Starfsfólk Eftirmeðferðarinnar leitast við að eiga góð samskipti við alla þá er koma að málum þessara ungmenna s.s barnaverndarstarfsmenn, félagsráðgjafa og foreldra svo að viðkomandi unglingur fái bestu úrlausn sinna mála. Það er ánægjulegt að stór hluti foreldra ungmenna í Eftirmeðferði í Foreldrahúsi hefur nýtt sér foreldrahópa fyrir aðstandendur ungs fólks sem á við vímuefnavanda að stríða, enda er það ekki bara unglingurinn sem þarf aðstoð heldur öll fjölskyldan.

Í dag stunda reglulega yfir tuttugu ungmenni á aldrinum 15-20 ára Eftirmeðferð í Foreldrahúsi.

SORPA
Flokkum og skilum

Foreldrahús
www.vimulaus.is

FRÉTTABRÉF VÍMULAUSRAR ÆSKU OG FORELDRAHÚSS



VÍMULAUS ÆSKA/FORELDRAHÚS ER Á BAKVIÐ BORGARTÚN 6 Í REYKJAVÍK
OPIÐ VIRKA DAGA 09-16 SÍMI 511 6161 FORELDRASÍMIN 581 1799 - opinn allan sólarhringinn

24. árg. 2. tbl. 2010 | 25. september 2010 | Útgefandi Vímulaus æska /Foreldrahús | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | Ábm: Jórunn Magnúsdóttir frkvstj.

# „Þetta er bara gras!“

*„Það deyr engin af kannabis notkun“, „þetta er sko nátturlegt“, „geðveiki er þá allavega betri en dauði...“ , „það er óhollara að reykja sígarettur“, „þetta á bara að vera löglegt“* er það sem heyrist oft í viðtölum við ungmenni þegar umræðan um kannabis notkun og skaðsemi hennar kemur upp.



*Brynhildur Jensdottir, MA, ICADC, ICPS*
*Master of Counseling: Addiction track frá Montclair State University*

Prófaðu að google-a cannabis. Ef þú ert unglingur sem notar kannabis er auðvelt að finna eitthvað sem segir að þetta sé ekki skaðlegt, þetta er bara nátturlegt og allar þessar rannsóknir eru bara bull. Þær eiga allavega ekki við mig er auðvelt að segja; „þetta var bara gert ólöglegt útaf hippunum, sko svo það væri hægt að handtaka þá, svo er þetta líka notað sem lyf við krabbameini svo þetta bara getur ekki verið það slæmt“.

Byrjum á lögleiðingu kannabis. Í fyrsta lagi eru sígarettur og áfengi ekki lögleg fyrir unglinga. Svo eru vandamálin sem stafa af áfengi og sígarettum ekkert lítil og væri þá ekki mun skynsamlegra að einbeita sér af forvörnum í þeim málum en að bæta enn einu efninu við?

Kíkjum nú aðeins á þessar rannsóknir en vísindamenn hafa fundið út að:

• Kannabisreykingar valda meira álagi á lungun en tóbaksreykingar, skilja eftir sig fjórum sinni meiri tjöru og inniheldur 50-70% fleirri krabbameinsvaldandi efni en sígarettur.

• Líkaminn á erfiðara með að berjast gegn sýkingum þegar THC (virka efnið í kannabis) er í honum. Í Ástralíu hafa veikindi sem tengd eru kannabis-reykingum, bæði líkamleg og andleg, aukist yfir síðast liðin 5 ár þó svo að kannabisreykingar fari minnkandi.

• Kannabis sest í fituvefi heilans og hefur áhrif á minnistöðvarnar. Það sem gerist er að THC breytir því hvernig heilinn vinnur úr upplýsingum. Nýlegar rannsóknir sem gerðar voru í Ástralíu benda einnig til þess að heilinn hreinlega minnkar eftir mikla kannabis-notkun.

• Kannabis notendur standa sig einnig mun verr á munnlegum minnsiprófum og sýna fleirri einkenni af alvarlegum geðröskunum.

• Rannsóknir sýna að þeir sem byrja að reykja kannabis fyrir 12 ára aldur eru tvisar sinnum líklegri að þróa með sér alvarlegar geðraskanir en þeir sem byrja notkun eftir 18 ára aldur.

• Rannsóknir sem gerðar hafa verið á tvíburum sýna að þeir sem eru háðir kannabis eru mun líklegri til að kljást við þunglyndi, upplifa sjálfsvígs-hugsanir og kvíðaraskanir.

• Þeir sem byrja að nota kannabis fyrir 17 ára aldur eru 3.5 sinnum líklegri til að gera tilraun til sjálfsmorðs en þeir sem byrja seinna.

• Það er líka hægt að verða háður kannabis, spurðu bara einhvern sem hefur þurft að berjast gegn þeirri fíkn. Það getur myndast líkamleg fíkn og einnig er há tíðni af fólki sem verður andlega háð efninu. Fólk kemst sem sagt ekki í gegnum daginn án þess að nota efnið. Því yngri sem maður byrjar, því meiri líkur er á að fíkn við efninu myndist.

• Oft er líka talað um kannabis sem svo kallað „gateway drug“, þó það eigi kannski ekki við um alla, þá er þetta oft efnið sem opnar dyr inn í heim fíkniefna þar sem samskipti við „dílera“ myndast og auðveldara verður að nálgast önnur efni.

Svo spurningin er... ert þú til í að taka sjensins á þessu „grasi“?

*Heimildir:*
*http://drugabuse.gov/nidahome.html*
*http://www.samhsa.gov/*
*https://nsduhweb.rti.org/*

# haust 2010 TIL STUÐNINGS börnum & FORELDRUM

## Fjölskylduráðgjöf

Viðtöl - Ráðgjöf - Foreldrasíminn 581 1799 (opinn allan sólarhringinn)

Fjölskylduráðgjöfin er opin allan sólarhringinn alla daga ársins þar sem foreldrar geta alltaf hringt í Foreldrasímann 581 1799 og lagt mál sín fyrir ráðgjafa samtakanna.
Í Foreldrahúsi veitir fagfólk samtakanna viðtöl og ráðgjöf fyrir foreldra og börn þeirra.
Helstu ráðgjafarnir í vetur eru; Hrafndís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur, Brynhildur Jensdóttir BA í sálfræði, ICADC og MA í vímuefnaráðgjöf og Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur og Guðbjörg Erlingsdóttir vímuefnaráðgjafi ICADC. Framkvæmdastjóri Foreldrahúss er Jórunn Magnúsdóttir.

## Stuðningshópar fyrir foreldra

Á hverju ári eru starfandi nokkrir foreldrahópar en um 8-14 foreldrar fylla hvern hóp. Fagfólk sér um að leiða þessa foreldrahópa sem ætlaðir eru foreldrum með börn og unglinga í vanda v. vímuefna/hegðunar/samskipta. Stuðningurinn felst í því að foreldrar hittast í hverri viku undir handleiðslu ráðgjafa þar sem foreldrar geta talað um líðan sína og það sem þeir eru að takast á við þá stundina. Mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna og innan hópsins myndist samkennd sem styrkir foreldra þar sem þeir upplifa sig ekki ein í þeirra aðstæðum. Í hópastarfinu er lögð áhersla á að hver og einn fái stuðning við hæfi en vandamálin eru mismunandi og geta haft áhrif á alla í fjölskyldunni.
Sérstakur PABBAhópur verður í boði í vetur sem er ætlaður feðrum/forráðamönnum barna í vanda vegna vímuefna, samskipta eða hegðunar. Leiðbeinand verður Bergur Heiðar Birgisson ráðgjafi ICADC.

## Námskeið - Forvarnastarf

Í Foreldrahúsi fer fram ýmis önnur starfsemi, s.s. fræðslufundir fyrir foreldra en yfir vetrartímann eru aðallega námskeið fyrir börn og unglinga. Á hverjum tíma reyna samtökin að bjóða námskeið sem standa öllum landsmönnum til boða þótt flest þeirra séu haldin á Reykjavíkursvæðinu.
Til að panta námskeið dugar að hringja í síma 511 6161 eða senda tölvupóst á jorunn@vimulaus.is. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.vimulaus.is.

## Sjálfsstyrkingarnámskeið

Námskeið fyrir börn og unglinga 10-17 ára, þar sem þau fá tækifæri til þess að efla sjálfstraust sitt og sjálfsmynd í gegnum leik, sköpun og tjáningu í styðjandi og öruggu umhverfi. Lögð er áhersla á að allir fái að njóta sín og hafi gaman saman. Námskeiðin eru aldurs- og kynjaskipt og standa yfir í 10 - 12 vikur.
Skráningar og frekari upplýsingar eru í síma 511 6161 eða jorunn@vimulaus.is.

## Eftirmeðferð fyrir unglinga

Í Foreldrahúsi er rekin eftirmeðferð fyrir ungmenni sem lokið hafa formlegri meðferð vegna vímuefnaneyslu. Markmið eftirmeðferðarinnar er að vera stuðningur við unglinginn í viðleitni hans til að halda sér frá vímuefnum og að ná tökum á lífi sínu. Foreldrar eru samhliða hvattir til að nýta sér hópastarfið.
Í júní 2009 tók nýr dagskrárstjóri Guðbjörg Erlingsdóttir ICADC ráðgjafi við eftirmeðferð ungmenna hjá Foreldrahúsi. Aukin áhersla er nú lögð á samstarf og samskipti við barnaverndaryfirvöld og félagsþjónustur sveitafélaganna, sem og meðferðaraðila til að stuðla að betri árangri skjólstæðinga meðferðarinnar. Einnig hefur samstarf við foreldra verið aukið til muna, þar sem það á við, enda eitt af markmiðum eftirmeðferðarinnar að ungmennin geti aðlagast fjölskyldu sinni að nýju.

FORELDRA síminn

581•1799
OPINN ALLAN SÓLARHRINGINN





*Hrafndís Tekla Pétursdóttir, sálfræðingur í Foreldrahúsi*

## Fjölskylduráðgjöf

Fjölskylduráðgjöfin í Foreldrahúsi er ætluð foreldrum og börnum í vanda. Í henni starfa sálfræðingur og vímuefnaráðgjafar og er leitast við að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf . Boðið er uppá ráðgjöf og meðferð barna og unglinga með hegðunar- og /eða áfengis- og fíkniefnavanda. Einnig meðferð vegna almennrar vanlíðunar og geðraskana, depurðar, kvíða, félagslega einangrun,einelti, samskiptaerfiðleika í fjölskyldunni ofl. Meðferðin er í formi einka- og fjölskylduviðtala.

## Foreldrahópar

í boði eru stuðnings- og meðferðahópar fyrir foreldra sem eiga eða hafa átt börn í vímuefnaneyslu sem fara fram tvisvar í mánuði undir leiðsögn ráðgjafa. Nýverið var settur laggirnar „**Pabbahópur**“ sem samanstendur af pöbbum/-fósturpöbbum unglinga í neyslu (þangað geta foreldrar komið og rætt við aðra foreldra sem þekkja það af eigin raun hvernig það er að eiga ungling í vímuefnaneyslu).

FRAMHALD AF FORSÍÐU



**Í pottinn búið**
Erró og Jón Gnarr borgarstjóri afhjúpa gullsleginn pott sem Erró færði Listasafni Reykjavíkur að gjöf á dögunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

MYNDLIST
BERGSTEINN SIGURÐSSON

# ANDINN FYLGIR *EFNINU*

Fyrir viku var opnuð í Listasafni Reykjavíkur sýningin Erró – Klippimyndir. Þar gefst almenningi í fyrsta skipti tækifæri til að skoða um það bil 130 klippimyndir sem Erró hóf að gefa Listasafni Reykjavíkur árið 1989. Elstu verkin eru frá námsárum Errós í Myndlista- og handíðaskólanum 1950 til 1951, þar sem hann komst fyrst í kynni við þetta listform. Erró hóf þó ekki meðvitað notkun samklippu fyrr en í lok sjötta áratugarins og þá í formi mynda og prentaðra texta. Allt frá árinu 1989 hefur Erró gefið Listasafni Reykjavíkur 472 klippimyndir sem spanna langan feril listamannsins.



Enska stúlkan, 2010.



Vélmenning, um 1950 til 1951.

### Tók klippiverkin ekki alvarlega

Á sýningunni eru til sýnis samklipputeikningar og samklippuuppsetningar, en einnig tilklipptar pappírsmyndir frá námsárunum.

„Sannleikurinn er sá að ég tók þessar myndir aldrei alvarlega, þær voru alltaf bara ofan í skúffu. Það var ekki fyrr en með sýningu í Pompidou-safninu sem ég fór að taka þær alvarlega og er byrjaður að skrá þær skipulega. En margar eru því miður horfnar.“

Erró notar gjarnan klippimyndir til að mála eftir, eins og nokkur dæmi eru um á sýningunni.

„Ég byrja á því að útbúa klippimynd, ljósmynda hana og varpa henni á léreft, þannig ég sjái myndina en geti líka fantaserað í kringum hana. Þetta gengur best í ákveðnu birtustigi – á þeim tíma dags þegar það er hvorki dagur né nótt. Það er líka þá sem maður veiðir besta laxinn.“

### Endurnýjuð ástríða

Erró kveðst hafa endurnýjað ástríðu sína fyrir klippiverkum sem listformi eftir að hafa farið í nokkrar stórar skurðaðgerðir á skömmum tíma og þurft að halda sig heima við í tvo til þrjá mánuði.




**Afmælistónleikar Jóns kr Ólafsson söngvara þann 25. september.**

Tónleikarnir verða haldnir í sal FÍH í Rauðagerði 27 Reykjavík, kl. 20:30.


## RAUSNARLEG GJÖF

**Við opnun sýningarinnar** á klippiverkum Errós, færði hann Listasafni Reykjavíkur listaverk eftir franska listamanninn Jean-Pierre Raynaud: Le Pot Doré, eða Gullsleginn pottur. Um er að ræða verk sem Raynaud hefur gert í ýmsum útgáfum, meðal annars fimm metra hátt verk sem stóð við Pompidou safnið í París ekki alls fyrir löngu. Listaverkið, sem Erró afhjúpaði ásamt Jóni Gnarr, borgarstjóra, er dýrmæt viðbót við safneign Listasafns Reykjavíkur og verður sýnt opinberlega á Kjarvalsstöðum í vetur, ásamt öðrum verkum sem safninu hafa áskotnast undanfarin fimm ár.



Lífvörður Páfans úr seríunni: Forgotten Future (2008-2009)

„Það var þá sem ég byrjaði aftur að klippa og klippa. Ég hafði hins vegar ekki orku í að líma myndirnar saman. Ég tók því afrakksturinn með mér til Spánar, var þar í nokkra mánuði í ró og næði og límdi og sneri aftur til baka með 280 ný klippiverk. Ég þurfti ekki að hugsa of mikið, þetta rann bara saman á stórum borðum. Á vissum tímum dagsins var hins vegar allt stopp og ég gat ekki unnið meir. Og morguninn eftir byrjaði allt aftur.“

### Engin takmörk á efninu

Erró kveðst enn vera jafn ástríðufullur gagnvart list sinni og verði það áfram svo framarlega sem hann hafi nóg efni til að vinna úr.

„Það er svo mikið efni til að vinna úr nú til dags. Þegar ég kom til Parísar 1958 var mjög lítið efni til og allt í svarthvítu. Nú eru svo til engin takmörk á efni til að vinna úr.“

En hvað um nýrri miðla, á borð við tölvur? „Tölvutæknin býður upp á mikla möguleika, ég hef séð ýmis tölvugerð listaverk sem minna dálítið á verkin mín. En tölvur eru ekki fyrir mig heldur næstu kynslóð. Ég nota ekki einu sinni tölvu, finnst hún of mikið ónæði og veit ég myndi liggi í henni allan daginn.“

### Heillast af götulist

Það listform sem Erró hefur heillast einna mest af í seinni tíð er götulist.

„Það er kraftmikið og skemmtilegt listform, síbreytilegt og í stöðugri endurnýjun. Það er veggur í nágrenni við heimili vinar míns sem ég hef gaman af því að skoða, það er allt eitthvað að bætast við hann. Graffarar taka sig ekki alvarlega, sem hefur mikið að segja. Þeir eru líka lausir við braskið sem fylgir hefðbundinni myndlist. Ég reyni að taka eftir götulistinni í þeim borgum sem ég er í hverju sinni; þetta býr til svo mikinn borgarbrag.“

Erró segir jafnvel ekki loku fyrir það skotið að hann hefði sjálfur lagt fyrir sig götulistina væri hann yngri.

„Ég hef gert nokkra veggi í gegnum tíðina og finnst það mjög skemmtilegt. Það er að vísu erfitt að framfleyta sér með þessu, þótt þetta sé vaxandi listgrein. En það er of seint að ætla að byrja á þessu núna, ég er að verða áttatíu ára. Ég læt mér nægja að fylgjast með.“

### Töpum okkur ekki aftur í braski

Erró dvaldi á Íslandi aðeins í nokkra daga. Hann segist reyna að heimsækja landið eins oft og hann geti og líður alltaf eins og hann sé kominn heim.

„Samband mitt við Ísland er eins gott og hægt er,“ segir hann. „Ég ferðast mikið og á heima í mörgum löndum; í Frakklandi, Spáni, Taílandi og á Íslandi. Þetta er ekki hlutskipti sem ég valdi heldur eitthvað sem gerðist bara. Ég var á réttum stað á réttum tíma. En ég reyni að fylgjast vel með hvað er á seyði hérna heima og það hefur ekki alltaf verið notalegt undanfarin tvö ár.

Ég vona hins vegar að ástandið fari að batna og að við töpum okkur ekki aftur í braski. Þá verður þetta allt í lagi.“

# Hetjan í Landnámssetrinu

Einleikurinn Hetjan verður frumsýndur í Landnámssetrinu í Borgarnesi á laugardag. Sýningin var sýnd við góðar undirtektir á Rifi í sumar og í framhaldinu var þeim Kára Viðarssyni leikara og Víkingi Kristjánssyni leikstjóra boðið að sýna í Landsnámsetrinu. „Sýningin fékk mjög góða dóma og spurðist vel út, fólk var að þvælast úr bænum til okkar í raun meira en við þorðum að vona,“ segir Víkingur sem er ásamt Kára höfundur leikritsins.

Hetjan segir Bárðar sögu Snæfellsáss sem sagan segir að tekið hafi sér búsetu í Snæfellsjökli. „Sagan hafði verið Kára hugleikin lengi, hún gerist á hans heimaslóðum á Snæfellsnesi. Þegar hann svo lauk leiklistarnámi þá sló hann til og fékk mig með í verkið. Ég leikstýrði honum í Stúdentaleikhúsinu, þaðan þekktumst við.“

Kári bregður sér í fjölmörg hlutverk á meðan á leiknum stendur. „Þetta er mikil aksjón, rúmur klukkutími af látum og sprelli,“ segir Víkingur *- sbt*


Hetjan Kári Viðarsson bregður sér í mörg hlutverk í einleiknum Hetjan sem sýndur verður í Landnámssetrinu næstu helgar.




september 2010
# menning
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## AÐ TJALDBAKI



**Þrátt fyrir niðurskurð** til innlendrar kvikmyndargerðar hafa verstu bölspár í þeim efnum sem betur fer ekki ræst. Von er á nokkrum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum á næstu misserum, þar af tveimur úr ranni Sigurjóns Kjartanssonar, sem er orðinn einn afkastamesti handritshöfundur í íslensku sjónvarpi.

**Einu sinni skrifaði** Sigurjón Kjartansson Bakþanka í Fréttablaðið, sælla minninga. Fyrir réttum fjórum árum skrifaði hann pistil sem nefndist 101. Þar kvartaði Sigurjón sáran undan því að íslenskir kvikmynda- og sjónvarpsþáttaframleiðendur gerðu nær eingöngu myndir og þætti þar sem söguhetjurnar bjuggu í 101 Reykjavík (muna lesendur eftir fleiri myndum sem gerast í 101 Reykjavík en 101 Reykjavík?).

**Að mati Sigurjóns** var þessi meinta miðborgaráhersla kvikmyndagerðarmanna á góðri leið með að eyðileggja markaðinn fyrir íslenskar kvikmyndir. „Það er eins og íslenskir kvikmyndagerðarmenn skammist sín fyrir að sýna Reykjavík eins og hún raunverulega er, utan þessa frímerkis sem er 101," skrifaði Sigurjón.

**Eflaust var það** í þeim tilgangi að spyrna við þessu ófremdarástandi sem Sigurjón skrifaði handrit að nýrri sjónvarpsþáttaröð, sem verður sýnd á Stöð tvö í vetur. Hún heitir Hlemmavídeó. Og gerist eins og nafnið bendir til í hjarta miðborgar Reykjavíkur.






VORUM AÐ FLYTJA Í NÝJA GLÆSILEGA VERSLUN VIÐ LAUGARVEG 86.





15% afsláttur af völdum vörum í dag, laugardaginn 25. september.

DÚN & FIÐUR

Laugavegi 86 • Sími 511 2004

512 50 50

Auglýsingasími




Allt sem þú þarft...



Gerðu verð-
samanburð!
ENN MEIRI
LÆKKUN!
1.190
Fullt verð: 1.990
Vnr. 55022200
Haustlaukar
Haustlaukar, 5 tegundir, 100 stk. í kassa.
Haustplöntur
í BYKO!
1.190
Vnr. 55092220/4
Erikur
Erikur, stórar,
3 stk. saman.
Verð frá
1.190 kr./stk.
Vnr. 55092225-6
Sýprus
Sýprus, hæð 80-100 cm eða 120-130 cm.
Vnr. 65103085
Panini grill
Grill, panini, 1500W.
6.990
Vnr. 65103080
Rafmagnsgrill
Grill, rafmagns, 2000W.
5.990
Vnr. 65103086
Blandari
Blandari með
glerkönnu,
500W, 1,4 l.
6.590
sodastream
Vnr. 94990000
Soda Stream
SODA STREAM tæki. Eitt
60 lítra gashylki og eins
lítra plastflaska fylgir.
13.990
Eitt gashylki
dugar í um
60 lítra af
kranavatni
KHG
Vnr. 65103010
Brauðrist
KHG brauðrist,
hvít, 750W.
2.590
BYKO
EXPO · www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Báðust afsökunar eftir 130 ár

Í 100 ár máttu heyrnarlausir ekki nota táknmál. Heyrnarlausir áttu að læra að „heyra betur“, en ekki notast við eina málið sem var þeim eiginlegt. **Júlía Hreinsdóttir** upplifði bannið sem Alþjóðaleg ráðstefna kennara heyrnarlausra setti árið 1880. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti Júlíu og **Valgerði Stefánsdóttur** sem voru viðstaddar afsökunarbeiðni skipulagshóps ráðstefnunnar.

Júlía Hreinsdóttir er heyrnarlaus, fædd árið 1964, og hefur því upplifað tímana þegar notkun táknmáls var bönnuð og svo málfrelsið, í bókstaflegri merkingu, sem varð á 9. áratugnum þegar ný stefna var tekin í málefnum heyrnarskertra og heyrnarlausra. Júlía starfar í dag sem fagstjóri Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og var, ásamt Valgerði Stefánsdóttir, forstöðumanni stofnunarinnar, viðstödd merkan atburð í sumar í Vancouver, þegar sama ráðstefnan og samþykkti táknmálsbannið árið 1880, International Congress on the Education of the Deaf, ICED, báðust afsökunar á þeirri ákvörðun.



**LÍF FYRIR OG EFTIR BANN** Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, og Júlía Hreinsdóttir, fagstjóri stofnunarinnar. Arnþór Hreinsson myndlistarmaður gerði málverkið í baksýn sem táknar annars vegar lífið þegar táknmálsbannið ríkti og svo hvernig heimurinn opnaðist fyrir heyrnarlausa á ný eftir að rofaði til. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Mikil geðshræring

„Þetta var ótrúleg stund, að vera viðstödd þessa afsökunarbeiðni. Heyrnarlausir, sem höfðu upplifað það að mega ekki tala táknmál, eins og ég, stóðu upp og allur salurinn grét og klappaði. Ég fékk gæsahúð og trúði því ekki að það væri fyrst núna, 130 árum síðar, sem beðist var afsökunar á táknmálsbanninu, og ég orðin 46 ára,“ segir Júlía. Ráðstefna kennara heyrnarlausra í Mílanó á Ítalíu bannaði táknmál árið 1880. Í staðinn áttu heyrnarskertir og -lausir að læra að „tala betur“, læra varalestur og raddmálsstefnan svokallaða tók yfir.

### Blómaskeið fyrir banntímann

„Við köllum þetta einangrunartímabilið, um 100 ár sem höfðu dýrkeypt áhrif á líf og menntun heyrnarlausra. Fyrir þessa ráðstefnu var í raun blómaskeið hjá heyrnarlausum. Þá gat heyrnarlaust fólk menntað sig jafnt á við aðra og notið sömu lífsgæða og heyrandi. Á ráðstefnunni var talað um að táknmál væri í raun ekki mál, en táknmálið hafði þá lítt verið rannsakað sem slíkt. Þess í stað var sagt að táknmál væri bara einhverjar bendingar, einhvers konar apamál og best væri að leggja rækt við raddmálið og varalestur. Fyrir bannið lærðu allir heyrnarskertir táknmál,“ segir Júlía.

### Heimurinn látinn vita

Á ráðstefnunni skrifuðu fundarmenn undir viljayfirlýsingu að samvinnu þess efnis að táknmálið verði viðurkennt sem mál og heimurinn látinn vita af afsökunarbeiðninni.

„Foreldrum og kennurum var uppálagt að læra ekki, kenna né nota táknmál. Ekki átti að halda táknmálinu að heyrnarlausum börnum á neinn hátt. „Skilaboðin til foreldra voru einfaldlega: „Þú ert að eyðileggja möguleika barnsins á að geta talað íslensku og þar sem allir tala íslensku í kringum barnið verður það að læra hana til að geta tekið þátt í samfélaginu. Þetta voru ekkert vondar manneskjur sem tóku þessa ákvörðun en það verður að segjast eins og er að þetta var voðalega vitlaust. Fáfræði og heimska er hins vegar oft það sem er hvað grimmast. Heyrnarlausir höfðu ekki líffræðilega möguleika á að skilja eða læra íslenskuna. Fólkið sem ákvað þetta vissi ekki að táknmálið var mál og eina færa leiðin fyrir heyrnarlausa til að eiga samskipti við umheiminn,“ segir Valgerður.

### Upplifðu þetta sem pyntingar

Unnið var hérlendis eftir raddmálsstefnunni, „oralismanum“ svokallaða, allt fram á 9. áratuginn og Valgerður segir að börnin sem hafi búið við kennsluaðferðirnar hafi upplifað þær sem pyntingar. „Það er andlegt ofbeldi þegar kennarinn talar mál sem barnið hefur ekki líffræðilega möguleika á að skilja og barnið reynir að tjá sig og foreldrar og kennarar skilja það ekki. Á þessum tíma gátu foreldrar ekki einu sinni alið upp börnin sín. Það var bara svart og hvítt, að tukta til eða kyssa. Foreldrarnir geta ekki útskýrt, kunnandi ekki táknmál; „Ekki gera svona, ekki lemja systur þína, því þá meiðir hún sig.“ Það þýddi um leið að börnin fengu ekki aðstæður til að ná eðlilegum þroska.“ Valgerður bætir við að varalestur sé stórlega ofmetinn. Það sé ekki hægt að kenna varalestur þannig að fólk geti notast við aðferðina þannig að meiningin skili sér því mikið af málhljóðum sjást ekki á vörunum.

### Lokuð inni í glerkúlu

„Það er ekki hægt að kenna fólki að sjá það sem er ekki sýnilegt, fremur en að það er hægt að kenna fólki sem heyrir ekki að heyra. Andlega ofbeldið og einangrunin sem fólst í táknmálsbanninu var mikil. Breiðavíkurnefndinni var aðeins falið að skoða líkamlegt ofbeldi og þess vegna kom ekki fram í skýrslu þeirra andlega ofbeldið, en það er það sem heyrnarlaust fólk talar mest um. Andlega ofbeldið var miklu stærri þáttur en líkamlega misnotkunin. Manneskjurnar voru eins og lokaðar inni í glerkúlu, skildu ekki hvað var að gerast í kringum þær og gátu ekki átt samskipti við heyrandi fólk, ekki einu sinni nánustu fjölskyldu.“

### Varalestur ofmetinn

Þegar táknmálið var hreinsað út úr samfélaginu urðu heyrnarlausir minna sjáanlegir, með litla menntun. „Ég upplifði báða tímana. Áherslan var mest á varalestur, örlítið á skrift en heyrnarlausir gátu ekki kafað djúpt ofan í neina hluti. Við vorum svipt miklum lífsgæðum með því að mega ekki nota táknmál. Fólk heldur að það séu lífsgæði að kunna íslensku en það er ekki mál sem við getum tileinkað okkur nema að svolitlu leyti. Það að geta verið afslappaður og spjallað við einhvern á tungumáli sem er manni eðlislægt og maður getur notað auðveldlega, án áreynslu, það eru alvöru lífsgæði. Ég er fædd heyrnarlaus og hef æft mig allt mitt líf í varalestri en er alls ekki góð. Ég verð mjög þreytt við þá áreynslu að reyna að lesa af vörum. Heyrnarskertir verða að fá að eiga þessa tvo heima,“ segir Júlía.

### Vel til hafðir heyrnleysingjar

Táknmálið byrjaði að fá uppreisn æru hérlendis sem fyrr segir á 9. áratugnum. Árið 1986 var í fyrsta skipti túlkað á táknmáli opinberlega á Menningarhátíð Norðurlanda sem fram fór hér á landi. Kennarar og systkini heyrnarlausra túlkuðu og í eitt ár var þeim kennt táknmál fyrir hátíðina. Fyrst þá var farið að tala um táknmál á ný sem mál, með sína eigin málfræði og setningaskipan, og fólk var hissa á að heyra það að sögn Valgerðar og Júlíu. „Táknmálsfréttirnar breyttu til dæmis miklu. Fyrst þegar fólk sá þulina í sjónvarpinu sögðu margir: „Bíddu, hún er þó ekki heyrnarlaus þessi í sjónvarpinu. Hún sem er svo lagleg.“
Það er misjafnt eftir löndum hvað miðað er við að bannið hafi staðið lengi. Hér á landi var Samskiptamiðstöðin stofnuð árið 1990 og það var fyrsta viðurkenningarskrefið í því að táknmál væri fullgilt mál. „Mikið hafði þó tapast í menntun á þessum rúmu 100 árum. Kennararnir kunnu ekki kennsluaðferðir og að nota táknmál sem kennslumál. Það voru hvorki til táknmálskennarar né táknmálstúlkar þegar við Júlía byrjuðum að vinna hérna var ekki til námsefni á táknmáli,“ segir Valgerður.

### Hættulegt málleysi

Júlía segist finna fyrir þróun alls staðar í heiminum í átt til raddmálsstefnu vegna nýrrar tækni. Nú gangast flest börn sem fæðast heyrnarlaus undir kuðungsígræðlu. Að hennar mati er mikilvægt að börnin séu örvuð strax með táknmáli frá fæðingu, þar sem líkur eru á að barnið muni þurfa að nota það, eitt og sér, eða með talmáli. Börn fara yfirleitt ekki í kuðungsígræðslu fyrr en þau eru ársgömul og það tekur tíma til að fá tækið til að virka. “Það þarf skilyrðislaust að nýta þetta mikilvæga næmnisskeið barna fyrir máltöku í táknmáli og foreldrarnir eiga að fá handleiðslu um málörvun og máluppeldi barnsins. Helst viljum við sjá að þessi börn fái svo áfram málörvun á báðum málunum, íslensku og táknmáli, eftir kuðungsígræðsluna og verði tvítyngd. Reynsla annarra þjóð hefur sýnt að einn þriðji hluti barna græðir ekki á kuðungsígræðslunni og einn þriðji hluti nær góðum árangri. Við sjáum í dag börn sem ekki hafa getað nýtt sér kuðungsígræðsluna og fá jafnframt mjög lítið táknmál. Því eru þau sama sem mállaus. Einnig eru börn sem fá ekki fullgóða heyrn af kuðungsígræðslunni og fyrir þau er mikilvægt að eiga líka táknmálið, til að geta tjáð sig og skilið fullkomlega. Auk þeirra sem fá kuðungsígræðslu eru börn með alvarlega heyrnarskerðingu sem þurfa á táknmáli að halda, “ segir Júlía.

## BARÁTTAN FYRIR TÁKNMÁLINU

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, segir baráttuna fyrir táknmálinu hafa verið langa og í mörg ár hafi verið reynt að fá það viðurkennt. „Helsta vonin okkar nú í dag er bundin við störf framkvæmdanefndarinnar sem vinnur að því að kortleggja þjónustu hjá heyrnarlausum og heyrnarskertum. Framkvæmdanefndin mun samkvæmt áætlun ljúka störfum fyrir jól og í einni tillögunni er kveðið á um að táknmálið verði viðurkennt sem fyrsta mál. Vonum við því að ríkisstjórnin muni fallast á þá tillögu. Viðurkenning táknmáls hefur oftar en einu sinni farið inn á borð hjá Alþingi en aldrei náð það langt að fá viðurkenningu. Mikilvægt er, ásamt þessu öllu, að viðurkenna líka þörf á túlkaþjónustu í atvinnulífi heyrnarlausra. Margir eru nú við háskólanám og eiga eftir að útskrifast þaðan, Til þess að njóta sín í atvinnulífi á Íslandi og ná starfsframa er mikilvægt að tryggja heyrnarlausum og vinnuveitendum aðgang að táknmálstúlki sem nýtist í atvinnulífinu.“

ASIAN
FREISTANDI & FRAMANDI
ASIAN TAKE AWAY

**Nú hefur Asian flutt frá Suðurlandsbraut 32 og opnað í nýju og stærra húsnæði og næg bílastæði að Kauptúni 3 (beint á móti IKEA).**

Asian er með mikið úrval af hráefni í Asíska matreiðslu og sushi gerð. Erum með nýjan matseðil í Asian Take Away.

Kv. Starfsfólk Asian

# Panasonic TOPPTILBOÐ

ideas for life




**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**

42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), SKYPE READY, kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 349.990**

FULLT VERÐ kr. 429.990



ÖFLUGT OG ÓDÝRT HEIMABÍÓKERFI

DVD VIDEO

**Panasonic SCPT70**

Fjölkerfa 330w heimabíókerfi með DVD, Progressive scan, 12bit/108MHz Video DAC, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, SCART, HDMI, hljóð inn (AUX/TV) ofl.

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 54.990




**Panasonic TXL32C20**

32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1skerpu, 24p Playback, Progressive Scan, Intelligent Scene Controller 3D, Colour Management Sub-Pixel Control, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

**TILBOÐ 109.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990




**Panasonic TXP50X20**

50" 100Hz Plasma sjónvarp með 1024x768 punkta uppl., Vreal 5, 24p Playback, Real Black Drive 2000.000:1 dínamískri skerpu, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara, kortalesara, 2 x Scart, 3 x HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS tengi ofl.

**TILBOÐ 209.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990




**Panasonic TXP42G20**

42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990

Alltaf gæði og góð kaup!

STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

# KRÓNAN

fyrir þig og þína



50% afsláttur

1299 kr. kg

Verð áður ~~2598~~ kr.
Grísalundir, erlendar



40% afsláttur

899 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr.
Grísakótilettur

# SVÍNAKJÖTSÚTSALA Í KRÓNUNNI




798 kr. kg

1/2 lambaskrokkur, frosinn, sagaður




698 kr. kg

Krónu kjúklingur




849 kr. pk.

Rib World Spare Ribs, 500 g




1398 kr. pk.

BBQ grísalund, 550 g




199 kr. stk.

Mantinga Pizza m/skinku, 300 g




579 kr. pk.

McCain Superfries quick, 750 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni:**

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21

25% afsláttur

**599** kr. kg
Verð áður ~~798~~ kr.
Grísasíður, pörusteik

23% afsláttur

**998** kr. kg
Verð áður ~~1298~~ kr.
Lúxus grísahryggur, úrbeinaður

**499** kr. kg
Grísabógur, hringskorinn

# 50% afsláttur
## af nammibarnum á laugardögum

**488** kr. pk.
Kellogg´s Corn Flakes, 750 g

**179** kr. pk.
Krónubrauð, stórt og gróft

**196** kr. stk.
Pepsi og Pepsi Max, 2 l

**499** kr. pk.
Gevalia kaffi, rautt, original

**289** kr. pk.
Stjörnu Partýmix, 2 teg., 170 g

**349** kr. pk.
Allra lakkrís og lakkrískonfekt

Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau. 10-19 sun. 11-19

Krónan Lindum
alla daga 10-20

Krónan Mosfellsbæ
alla daga 10-20

Krónan Reyðarfirði
mán.-fim. 11-18
fös. 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau. 11-18 sun. 11-16

# Blómstrar í Bítlaborginni

Fyrrum Ólympíufarinn og leikarinn **Ingi Þór Jónsson** hefur búið í Englandi í 22 ár, þar af fjögur ár í Liverpool þar sem hann gegnir nú starfi listræns stjórnanda eins stærsta menningarsetursins í norðurhluta landsins. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hann um listina, íþróttirnar og fordómana.

Ég held að ég sé ekkert voðalega vinsæll meðal starfsfólksins hérna, líklega vegna þess að ég er svo ofboðslega mikill Íslendingur. Það má helst aldrei stoppa heldur bara vinna og vinna, og ef ég sé einhvern hangsa verð ég alveg brjálaður. Ég er svo óþolinmóður og heimta að allt gerist strax,“ segir Ingi Þór Jónsson þegar hann sest niður með blaðamanni á kaffihúsi sem staðsett er í Novas – Contemporary Urban Centre í Liverpool, einni stærstu listamiðstöð Norður-Englands.

Ingi Þór tók nýlega við starfi listræns stjórnanda Novas Centre, eins og þessi sex hæða og 170.000 fermetra bygging nefnist í daglegu tali, en auk þess starfar Ingi Þór sem ráðunautur varðandi norræna list fyrir Tvíæringinn (Liverpool Biennial of Contemporary Art), sem er ein stærsta og fjölsóttasta sjónlistahátíðin sem haldin er í Vestur-Evrópu. Hátíðin var sett um síðustu helgi, en hluti hennar fer einmitt fram í téðu Novas-menningarsetri.

Ingi Þór hefur búið í Englandi í 22 ár, þar af fjögur ár í Liverpool og fimm ár í nágrannaborginni Manchester. Síðustu árin hefur aðalstarfi hans verið skipulagning árlegrar norrænnar listahátíðar í Norður-Englandi, NICE, sem Ingi Þór setti fyrst á fót árið 2007 og fer því fram í fjórða sinn nú í haust.

„Undanfarin ár hef ég í rauninni verið í fullu starfi hjá sjálfum mér við að skipuleggja þessar hátíðir og ekki á neinum launum að ráði. Ég hef því verið að skrimta á nánast engu nema ástúð og umhyggju fyrir listinni og treyst á hjálp frá góðu fólki. Nú er ég hins vegar kominn í fasta vinnu í fyrsta sinn í langan tíma, og föst laun, og hvílíkur lúxus sem það er,“ segir Ingi Þór og skellir upp úr.

### Keppti á Ólympíuleikunum

Eins og áður sagði flutti Ingi Þór til Englands árið 1988, en áður hafði hann verið einn fremsti sundmaður Íslendinga. Hann átti meðal annars Íslandsmet í skriðsundi, baksundi, flugsundi og fjórsundi, var þrisvar sinnum meðal tíu efstu yfir íþróttamann ársins og keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984.

„En það gekk einfaldlega ekki upp að vera samkynhneigður íþróttamaður á Íslandi á þessum tíma, fordómarnir voru svo miklir,“ segir Ingi og bætir við að fljótlega eftir Ólympíuleikana hafi hann ákveðið að breyta algjörlega um umhverfi. Þá flutti hann til London þar sem hann lærði leiklist og listasögu og „hvarf inn í skápinn sem íþróttamaður“ eins og hann orðar það.

Sem lærður leikari í London lék Ingi Þór í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og auglýsingum, en keypti síðar veitingastaðinn Gallery 120 í Shepherd‘s Bush-hverfinu sem hann rak í fjögur ár.

„Það var gaman að reka veitingastaðinn, sem var nálægt höfuðstöðvum BBC og því mikið af þekktu og góðu fólki sem rak þar inn nefið. Þetta var hins vegar rosalega mikil vinna, nánast 24 tímar á sólarhring, og auk þess þótti mér London hafa breyst heilmikið þarna í kringum aldamótin. London hefur misst heilmikið af gamla sjarmanum. Hún er orðin svo ofboðslega mikil heimsborg, en mér líður alltaf best í borgum sem eru dálítið hallærislegar, kannski vegna þess að ég kem frá Akranesi,“ segir Ingi og hlær. „Þess vegna ákvað ég að flytja til Manchester árið 2001 og fór þá að vinna hjá Air Atlanta.“

> Ég dreif mig því á æfingu og kom aftur út úr skápnum sem íþróttamaður og ólympíufari.

### Kom aftur út úr skápnum sem íþróttamaður

Það var svo í Manchester sem Ingi Þór komst í kynni við fólk sem æfði með íþróttafélagi samkynhneigðra þar í borg.



**LIVERPOOL** Ingi Þór segist kunna vel við sig í Bítlaborginni. Heimþráin til Íslands sé þó sjaldan langt undan, enda hefur hann búið í Englandi í 22 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/KJARTAN

„Ég var ekki nema 21 árs þegar ég hætti að synda og fannst ég ekki hafa klárað það mál á fullnægjandi máta, þurfti að gera íþróttirnar almennilega upp. Ég dreif mig því á æfingu og kom aftur út úr skápnum sem íþróttamaður og ólympíufari,“ segir Ingi, sem hóf fljótlega að keppa í sundi og vann meðal annars til sex gullverðlauna á Evrópumeistaramóti samkynhneigðra árið 2004.

Ári síðar var Ingi beðinn um að setja á fót íþróttamót samkynhneigðra, hið fyrsta sinnar tegundar í Bretlandi, sem tókst með miklum ágætum. Svo miklum reyndar að Ingi var ráðinn sem sérstakur evrópskur sendiherra fyrstu heimsleika samkynhneigðra, sem fram fóru í Montreal í Kanada árið 2006.

„Ég var í því í heilt ár að ferðast um alla Evrópu til að segja sögu mína, og um leið berjast gegn fordómum gegn samkynhneigðu íþróttafólki, eða kynvillingum eins og íslenskir vinir mínir kalla mig í gríni,“ segir Ingi og skellir upp úr. „Ég vann náið með fólki á borð við Martinu Navratilovu og þótti starfið mjög skemmtilegt, þótt auðvitað væri erfitt að fræða ókunnuga um svo persónuleg mál.“

### Norræn listahátíð verður til

Um svipað leyti og heimsleikar samkynhneigðra fóru fram í Montreal hófu Flugleiðir áætlunarflug milli Íslands og Manchester. Þar á bæ leituðu menn til Inga Þórs varðandi leiðir til að kynna land og þjóð fyrir íbúum Norður-Englands. Þá hafði Ingi nýlega fært sig um set til Liverpool og stakk upp á að haldin yrði íslensk listahátíð í tengslum við 800 ára afmæli borgarinnar árið 2007.

„Það var tekið vel í það og ég hóf undirbúning hátíðarinnar, en Flugleiðir duttu fljótlega út úr myndinni. Ég var þá orðinn svo spenntur fyrir hátíðinni að ég tók ekki í mál að hætta við og keyrði málið áfram með góðum stuðningi frá íslenska sendiráðinu í London og fleiri aðilum. Hátíðin tókst frábærlega og vakti mikla athygli í Liverpool og nágrenni,“ segir Ingi, en meðal hápunkta hátíðarinnar var smásagnasamkeppni meðal grunnskólabarna í Liverpool þar sem viðfangsefnið var Íslendingasögurnar í nútímaformi. Rithöfundurinn Andri Snær Magnason var meðal dómara og sigurvegarinn hlaut að launum ferð til Íslands. Þá héldu Bloodgroup, Sometime og fleiri íslenskar hljómsveitir tónleika á hátíðinni, Bretlandsfrumsýning heimildarmyndar um Sigur Rós fór fram í tengslum við hana og íslenskir matreiðslumenn matreiddu þjóðlegan mat á veitingahúsum við góðar undirtektir.

„Árið eftir, 2008, brugðum við svo á það ráð að breyta hátíðinni í allsherjar Norðurlandahátíð og þannig hefur hún verið síðan,“ segir Ingi. „Ég hef ekki tölu á þeim fjölda listamanna sem komið hafa fram á hátíðinni þessi ár, en þeir eru margir. Nú í ár taka Færeyingar þátt í hátíðinni í fyrsta sinn og er það mér sérstakt ánægjuefni, því ég er hálfur Færeyingur. En það er orðin ansi mikil pressa að sinna NICE-hátíðinni samhliða starfinu í Novas Centre og nú er kannski kominn tími til að einhver annar taki við keflinu. Mér finnst eins og ég hafi gert mitt, og vel það, í að kynna norræna listsköpun síðustu ár.“

### Var kunningi Díönu prinsessu



Ingi Þór hitti Díönu prinsessu af Wales fyrst árið 1983 á heimsleikum ungs sundfólks í Kanada. Nokkrum árum síðar heimsótti prinsessan svo London Lighthouse, stuðningsmiðstöð alnæmissjúklinga, en þar var Ingi Þór staddur ásamt unnusta sínum sem síðar lést af völdum alnæmis árið 1997, aðeins örfáum mánuðum áður en Díana lést í bílslysi í París.

„Við héldum alltaf sambandi eftir að við hittumst í London Lighthouse og þegar Díana dó var ég örugglega eini Íslendingurinn sem fékk boð í jarðarförina hennar,“ segir Ingi Þór. „Í jarðarförinni sat ég á milli Donatellu Versace og Rogers Taylor, trommara Queen. Ég labbaði svo út úr kirkjunni beint fyrir aftan Steven Spielberg og skötuhjúin Tom Cruise og Nicole Kidman. Þetta var mjög skrítið,“ segir Ingi Þór.

### Langar aftur til Íslands

Í tengslum við skipulagningu norrænu listahátíðarinnar og starf sitt fyrir Liverpool Tvíæringinn var Ingi eins og grár köttur í Novas Centre-menningarsetrinu frá opnun þess árið 2008. Stjórnendur höfðu því góða reynslu af honum þegar hann sótti um starf listræns stjórnanda í vor og var Ingi valinn úr stórum hópi umsækjenda, en í húsinu eru fjölmargir sýningar-, bíó-, tónlistar- og ráðstefnusalir auk veitingastaða, kráa og kaffihúsa, svo fátt eitt sé nefnt.

Honum líður vel í Liverpool, segir að þar búi upp til hópa yndislegt fólk og í raun blómstri bresk menning í Norður-Englandi. Hins vegar sé örlítil heimþrá farin að láta á sér kræla eftir 22 ára búsetu erlendis.

„Kannski er þetta bara ellin,“ segir Ingi og glottir, „en íslenska taugin í mér er rosalega römm um þessar mundir. Ég heimsótti Ísland í sumar og fann fyrir svo mikilli jákvæðni, eins og Íslendingar væru farnir að gefa lífinu annan séns eftir hrunið. Það er því alltaf inni í myndinni að flytja aftur heim, en við sjáum hvað setur,“ segir Ingi Þór að lokum.

Esju - Einingar

Við byggjum betra Ísland

www.eei.is

Esju-Einingar ehf. framleiða forsteypt viðhaldsfrí einingarhús í öllum stærðum og gerðum

- Einbýlishús
- Parhús /raðhús
- Fjölbýlishús
- Iðnaðarhúsnæði
- Hesthús
- Skemmur
- Bekkir, Stigar, Sorpgerði
- Útveggir
- Innveggir
- Sökklar
- Kúluplötur
- Filigranplötur
- Súlur
- Steyptir bitar

Forsteypt einingahús eru örugg, fljótleg í uppsetningu og hagkvæmur kostur

Esju-Einingar ehf. annast alla hönnun sem og burðarþols- og lagnahönnun
Mikið hagræði er að hafa alla hönnun á sama stað
Hafðu samband og leitaðu tilboða hjá okkur

Esju-Einingar ehf - Esjumelar 9 - 116 Reykjavík - sími: 511-6960, 869-2500 - haukur@eei.is

# Hún er komin í verslanir Hagkaups!

3-99 ára

**Lærðu að elda með Mikka Mús og félögum!**




**Fjölskyldan matreiðir öll saman! Þessi bók hefur að geyma 124 spennandi, hollar og gómsætar uppskriftir fyrir upprennandi matreiðslumenn.**

Hér er að finna einfaldar uppskriftir að seðjandi morgunverðum, ljúffengum smáréttum, bragðgóðu snarli, næringarríkum máltíðum, svo ekki sé minnst á freistandi eftirrétti og ilmandi bakstur.

**Fáanleg í Hagkaup og á www.edda.is**

nítjánda.

**Veitingastaðurinn Nítjánda býður upp á sérstaka rétti úr bókinni allar helgar í vetur.**

**Nánari upplýsingar á www.veisluturninn.is**

edda *edda.is - bókabúð á netinu opið allan sólarhringinn*

HAGKAUP *Ein ferð betra verð*

1 Líkamleg og andleg næring innbyrt í morgunsárið. Eins gott að hafa mikið af hvoru sem undirstöðu fyrir annasaman dag.





2 Harpan mín fríð, Harpan mín fríð, fer þér ekki bráðum að ljúka ………



3 Stór hluti dagsins fer venjulega í fundahöld. Verkefnisstjóri glerhjúpsins rífur hár sitt og skegg á meðan aðrir fundarmenn taka málin greinilega ekki eins alvarlega.

# Harpa gefur lífinu lit

Dagarnir eru afar annasamir hjá **Sigurði Ragnarssyni,** framkvæmdastjóra Austurhafnaverkefnisins hjá ÍAV. Í starfinu felst yfirumsjón með byggingu tónlistarhússins Hörpu og þeim framkvæmdum fylgja margvísleg fundahöld og vangaveltur eins og lesendur fá að kynnast hér á síðunni.

## MYNDBROT ÚR DEGI | Fimmtudagur 23. september | Myndir teknar á Samsung digimax L50



4 Í hádeginu hittast bekkjarbræður úr MS 1985 árganginum og úr Verkfræðideild HÍ 1989 og kryfja og kljúfa atómið.



5 Eftir ráðstefnuna er aftur haldið í Hörpuna þar sem ég gef mér 1 mínútu til að virða fyrir mér fallega málverkið út um gluggann.



6 Færi dóttur minni; Margréti Evu, smá pakka (pæjuúr) sem hún er greinilega ánægð með og pabbi fær knús. Sonur minn er í skólaferðalagi og verður hans pakki því að bíða um sinn.


23.-26. september

Matardagar 2010

í Vetrargarðinum í Smáralind






Dagskrá:

Laugardagur 25. september

| | |
|---|---|
| Súpukeppni Knorr | 11.00-13.30 |
| Kokkalandsliðið sýnir „Kalt keppnisborð“ | 12.00-18.00 |
| Eftirréttur ársins | 14.00-17.30 |
| Úrslit dagsins kynnt, verðlaunafhending | 18.00-18.30 |

Sunnudagur 26. september

| | |
|---|---|
| Úrslitakeppni: Matreiðslumaður ársins | 08.00-15.30 |
| Horn á höfði, brot úr Barnasýningu ársins 2010 | 12.00 |
| Klakaútskurður, sýning og kennsla | 12.00-18.00 |
| Kokteilkeppni | 14.00-16.00 |
| Úrslit dagsins kynnt, verðlaunafhending | 17.00-17.30 |

Borgarleikhúsið sýnir brot úr Barnasýningu ársins 2010, Horn á höfði.
Öll börn sem koma í Veröldina okkar á Matardögum 2010 fá frían ís frá Emmess ís!

Sýnendur kynna matartengda vöru og þjónustu á sýningarsvæði.

Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind um helgina og upplifðu það besta í íslenskri matargerð.

Klúbbur matreiðslumeistara

Smáralind MATVÍS KJARNAFÆÐI

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

…UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVISÖGUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓ…

VERÐHRUN!

# RÝMINGAR SALA

## BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**
FIMMTUDAGA TIL **KL. 21**

VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJU JÓLABÓKUNUM!

1.000 TITLAR UNDIR 1.000 KRÓNUM!

BÓK AÐ GJÖF EF ÞÚ KAUPIR FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~9.980,-~~ 4.990,-
~~18.800,-~~ 9.900,-
~~5.980,-~~ 3.980,-
~~7.990,-~~ 3.990,-
~~14.900,-~~ 4.990,-




~~2.390,-~~ 1.890,-
~~1.990,-~~ 590,-
~~2.690,-~~ 1.690,-
~~3.980,-~~ 1.990,-
~~3.990,-~~ 2.990,-
~~5.490,-~~ 2.990,-

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · Crymogea · Tindur bókaútgáfa · Bókaútgáfan Hólar · Bókafélagið · Útkall · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan
Uppheimar · Sögur útgáfa · Ormstunga bókaútgáfa · heimur · Veröld · Skrudda · Salka · Unga ástin mín · Bjartur

# ÚTSALA

## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

# LÝKUR

# ENN MEIRI




**ÖLL VIÐARVÖRN**

**25% AFSLÁTTUR**



**HEIMILISTÆKI**

**15-50% AFSLÁTTUR**



**ÖLL WORX, BLACK & DECKER OG POWERLINE VERKFÆRI**

**25% AFSLÁTTUR**



**BÚSÁHÖLD** **20-70% AFSLÁTTUR**



**STUNGUGAFFLAR STUNGUSKÓFLUR** **25% AFSLÁTTUR**



**DAMIXA BLÖNDUNARTÆKI** **30-45% AFSLÁTTUR**



**HEKKKLIPPUR** **40% AFSLÁTTUR**

Kaffi og tertusneið **190** kr

Kaffi Garður Skútuvogi



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# ÁRSINS!

# UM HELGINA

# AFSLÁTTUR

**RÝMINGAR SALA**
**FLÍSAR**
**aðeins 3 verð**

**VERÐFLOKKUR 2**
**1.990** kr/m²



Veggflís
Berlin Beige,
33x60 sm
8613079

**VERÐFLOKKUR 1**
**990** kr/m²



Veggflís
Negro Azarbache,
23,5x33 sm
8613060

**VERÐFLOKKUR 3**
**2.990** kr/m²

frostþolnar á svalirnar



Veggflís
Magma Blanco,
33x33 sm
8610356



**ÖLL LJÓS**
**20-70%**
**AFSLÁTTUR**



**HANDVERKFÆRI** **25-30%** **AFSLÁTTUR**





**ÖLL ÚTIMÁLNING** **25%** **AFSLÁTTUR**



**SMÁRAFTÆKI** **20-50%** **AFSLÁTTUR**

## RÝMINGARSALA í SKÚTUVOGI

**50% afsláttur**

SKJÓLVEGGIR • SKJÓLGIRÐINGAR • BEKKIR
GARÐHLIÐ • BLÓMAKER • BLÓMAKASSAR
SANDKASSAR • PALLAEININGAR • SAFNKASSAR
TRÖPPUKJÁLKAR og margt fleira



Aðeins brot af úrvalinu!
Nýjar vörur bætast við daglega!

HÚSASMIÐJAN

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GUNNAR THORODDSEN,** forsætisráðherra (1910-1983) lést þennan dag.

*„Þekking og gáfur verða lítils virði ef ekki er hægt að koma þeim á framfæri í ræðu og riti."*



*Innilegar þakkir og kveðjur til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát móður okkar, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar L. Kristjánsdóttur**

Skála, Seltjarnanesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks H1 á Hrafnistu í Reykjavík.

**Unnur V. Duck**
**Elísabet Stefánsdóttir** **Kristján Jóhannsson**
**Kristjana Stefánsdóttir** **Guðmundur Þorkelsson**
**Anna Stefánsdóttir** **Reynir Hólm Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar kæru,*

**Bennýjar Sigurðardóttur,**

hússtjórnarkennara, Skúlagötu 40, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans, Landakoti fyrir einstaka alúð svo og hlýju og nærgætni við aðstandendur.

**Sigríður Á. Pálmadóttir** **Guðmundur I. Sigmundsson**
**Björn Orri Guðmundsson** **Bergur Már Guðmundsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Sigurður Magnússon**



*Innilegar þakkir og kveðjur til þeirra er sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför frænku okkar,*

**Margrétar Hönnu Eyjólfsdóttur.**

Starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum er sérstaklega þökkuð hlýja og umhyggja.

**Guðrún Ásbjörnsdóttir**
**Þorgeir Sigurðsson**
**Sigurður Ingi Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur.**




**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

Davíð Ósvaldsson
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðþjófsson
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511






**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

**ÞETTA GERÐIST:** 25. SEPTEMBER 1975

## *Orkan tvöfölduð á Austurlandi*

Lagarfossvirkjun var vígð þennan dag árið 1975 og við gangsetningu hennar tvöfaldaðist raforkuframleiðsla í Austfirðingafjórðungi.

Undir lok sjöunda áratugarins var mestallt rafmagn á Austfjörðum framleitt með dísilvélum. Það ástand háði öllu athafnalífi því olíuverð var hátt. Vorið 1971 var ákveðið að hefja vinnu við virkjun Lagarfoss og ári síðar var grafinn 480 metra langur aðrennslisskurður og laxastigi steyptur.

Einnig var um 100 metra löng og tíu metra há jarðvegsstífla gerð ofan við fossinn. Byggingarvinnu lauk sumarið 1974 og 4. mars sama ár hófst orkuframleiðslan. Afkastageta stöðvarinnar var um 7.500 kW.





**BÆJARSTJÓRINN** Það verður nóg um að vera hjá Elíasi í dag, en hann gegnir ýmsum skyldum í hátíðarhöldunum.

BOLUNGARVÍKURGÖNGIN: OPNUÐ VIÐ HÁTÍÐLEGA ATHÖFN Í DAG

# Fagnað frá morgni til kvölds

„Þetta verður fagnaður allan daginn, alveg frá morgni til kvölds," segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, um hátíðarhöld í tilefni af opnun Bolungarvíkurganga. Göngin verða opnuð við hátíðlega athöfn í dag.

Elías segir talsvert mikla dagskrá hafa verið skipulagða vegna opnunarinnar. „Hún byrjar með því að það verður afhjúpaður minnisvarði við Skarfasker í Hnífsdal, og svo verður hlaupið og hjólað inn í göngin," segir Elías. Varðinn verður til minningar um þá sem hafa látist af slysförum á svæðinu.

Vígslan sjálf fer svo fram klukkan hálftvö þegar Ögmundur Jónasson samgönguráðherra og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri munu opna fyrir almenna umferð. „Svo verður keyrt Bolungarvíkurmegin inn í göngin og inn í Hnífsdal þar sem bæjarstjóri Ísafjarðar tekur á móti bæjarstjóra Bolungarvíkur og föruneyti. Svo verður farið í íþróttahúsið í Bolungarvík og þar verður skemmtun." Boðið verður upp á skemmtiatriði, ræðuhöld og veitingar í íþróttahúsinu fram eftir degi. Einnig verður opnuð sýning í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur um göngin en hún verður opin næstu vikurnar.

„Eftir að formlegu hátíðarhöldunum lýkur verður haldinn jarðgangafagnaður í íþróttahúsinu með mat og balli." Elías segir að um fjögur hundruð manns hafi nú þegar boðað komu sína á fögnuðinn, en hann verður veislustjóri ásamt Daníel Jakobssyni, bæjarstjóra á Ísafirði. Þá verða skemmtiatriði og dagskránni lýkur með dansleik við tónlist hljómsveitarinnar Húsið á sléttunni.

Vinna við Bolungarvíkurgöng hófst fyrir rúmum tveimur árum, sumarið 2008. Þau eru tæplega fimm og hálfur kílómetri á lengd og tók rúmt ár að grafa þau í gegn. Upphaflega átti að opna göngin fyrir umferð í júlí síðastliðnum en það tafðist lítillega. Elías segir þó biðina eftir göngunum ekki hafa verið langa, enda hafi aðdragandinn að gerð þeirra verið stuttur. „Menn eru þó búnir að bíða lengi eftir samgöngubótum hér," segir Elías. Óshlíðarvegurinn, sem er rúmlega sextíu ára gamall, hefur verið einn hættulegasti vegakafli landsins vegna hættu á snjóflóðum og grjóthruni. Hann verður nú lokaður fyrir bílaumferð.

thorunn@frettabladid.is



*Minningarathöfn um*

**Silo (Mario Rodriguez Cobos)**

upphafsmann Nýhúmanismans,

sem lést þann 16. september s.l. í Mendoza Argentínu – verður haldin sunnudaginn 26. september kl. 20.00 í salarkynnum Félags bókagerðarmanna, Hverfisgötu 21, Reykjavík. Allir velkomnir.

**Húmanistaflokkurinn, Samhljómur menningarheima, Samhygð og Boðskapur Silo**



*Elskuleg móðir mín,*

**Sigurbjörg Björgvinsdóttir,**

áður Þórsgötu 21 a,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 18. september, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 28. september kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, sími 560 4100.

**Stefán Hermanns.**

# Öðruvísi listaverk

Listakonan Aðalbjörg Þórðardóttir afhjúpaði listaverk eingöngu gert úr snyrtivörum á Stígamótum í hádeginu í gær.

Verkið er hluti af gjörningnum Litróf íslenskra kvenna sem Skotturnar, regnhlífarsamtök kvennahreyfingarinnar á Íslandi, standa fyrir. Gjörningurinn hófst á menningarnótt þegar Skotturnar biðluðu til íslenskra kvenna að gefa gamlar snyrtivörur. Óhætt er að segja að viðbrögðin hafi ekki staðið á sér þar sem yfir 100 kíló af snyrtivörum söfnuðust, sem á að nýta til listsköpunar, bæði almennings og listakvenna.

Aðalbjörg reið á vaðið í gær með fyrsta verkið eins og áður sagði. Af því tilefni stilltu Skotturnar sér upp við Hlemm í hádeginu í gær með tóman striga sem almenningi bauðst að teikna á með snyrtivörum úr söfnuninni. Striginn verður svo látinn ganga áfram milli vinnustaða og stofnana og þannig gefst almenningi tækifæri til að taka þátt í gjörningnum. Verkið í heild sinni verður svo frumsýnt á stóra sviðinu á Arnarhóli á kvennafrídaginn 25. október næstkomandi. **- jbá**



**FYRSTA VERKIÐ** Viðstaddir gátu sett sitt mark á verkið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HEILSUFRÆÐINGURINN** Matti Ósvald mun sjá um umræðuhópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kvöldstundir fyrir karlmenn

Fræðslu- og umræðukvöld fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein eru nýjung í starfsemi Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar á Langholtsvegi 43. Matti Ósvald heilsufræðingur hefur umsjón með kvöldstundunum.

Markmiðið er að karlmenn sem hafa greinst með krabbamein hittist, fræðist og eigi góðar kvöldstundir saman. Þetta er ekki síst hugsað fyrir þá karlmenn sem hafa komið á hefðbundin fræðslunámskeið fyrir karlmenn í Ljósinu. Fundirnir verða á mánudagskvöldum klukkan 19.30 og hefjast á mánudagskvöldið 27. september.

---



†

*Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Arthúrs Péturssonar**
frá Syðri-Vík, Vopnafirði.

**Kristín Brynjólfsdóttir**
**Ásdís Arthúrsdóttir**
**Svanur Arthúrsson** **Monserat Arlette**
**Brynhildur Arthúrsdóttir** **Guðbrandur Stígur Ágústsson**
**Margrét Arthúrsdóttir** **Heiðar Kristbergsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur bróðir minn, mágur og frændi,*

**Kristján Guðmundsson**
Kjarnalundi, Akureyri,

lést að heimili sínu miðvikudaginn 15. september, útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Helga Guðmundsdóttir** **Svan Ingólfsson**
**Friðfinna Jónsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæru föðursystur,*

**Jónu Steinbergsdóttur**
Hríseyjargötu 9, Akureyri.

Heimahlynningunni á Akureyri þökkum við einstaka alúð.

**Steinberg Ríkarðsson**
**Hildur Ríkarðsdóttir**
**Heimir Ríkarðsson**
**Reynir Ríkarðsson**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Hinrik Thorarensen,**
fyrrv. framkvæmdastjóri,
Álfheimum 20, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 21. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 30. sept. kl. 13.00.

**Emilía Thorarensen**
**Hinrik Thorarensen yngri**
**Svanlaug Dóra Thorarensen** **Haukur Harðarson**
**Haukur Örn og Sara**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,*

**Sigurínu F. Friðriksdóttur**
Fellsmúla 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hana í veikindum hennar.

**Árni F. Markússon**
**Ásta H. Markúsdóttir**
**Guðrún K. Markúsdóttir** **Þór Fannar**
**Bryndís Markúsdóttir** **Sigurður Konráðsson**
**barnabörn og barnabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn,*

**Jóhann Ágústsson,**
fv. aðstoðarbankastjóri Landsbankans,
Kópavogstúni 8, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 23. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Svala Magnúsdóttir.**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ingólfur Þorsteinsson,**
Vesturgötu 87, Akranesi,

sem lést aðfaranótt laugardagsins 18. september, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 28. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á SÁÁ.

**Aldís Hjörleifsdóttir**
**Kristrún Helga Ingólfsdóttir** **Ólafur Þ. Kristjánsson**
**Hrefna Ingólfsdóttir** **Rúnar Gunnarsson**
**Lilja Guðlaug Ingólfsdóttir** **Björn Hallbjörnsson**
**Guðríður Inga Ingólfsdóttir** **Jóhann Ómarsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar og tengdamóður,*

**Guðnýjar Jónu Ásmundsdóttur**
Hofakri 7, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut og séra Vigfúsi Bjarna Albertssyni fyrir einstaka hlýju og umhyggju.

**Sigurður Stefánsson**
**Anna Sigurðardóttir** **Hákon Svavarsson**
**Stefán Sigurðsson** **Sigrún Jensdóttir**
**Ása Gunnur Sigurðardóttir** **Ari Bent Ómarsson**

---



†

*Innilegar þakkir til ykkar allra er sýnduð okkur vinarþel, hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingibjargar Sveinsdóttur**
Hjallalundi 18, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri, Öldrunarlækningadeild á Kristnesi og Umönnun, Heilbrigðisþjónustu ehf.

**Árni Jóhannesson**
**Sigurður Kristinsson** **Anna Dís Bjarnadóttir**
**Björg Guðrún Pétursdóttir**
**Jóhannes Árnason** **Sólveig Þóra Jónsdóttir**
**Jónas Ingi Árnason**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Hjartans þakkir til ykkar allra sem hafið sýnt okkur samhug, stuðning, hjálpsemi og vináttu eftir fráfall móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Agnesar Jóhannesdóttur,**
barnahjúkrunarfræðings.

Minning hennar lifir í hjörtum okkar.

**Helena Kristbjörg Hrafnkelsdóttir**
**Jóhanna Hrafnkelsdóttir**
**Svava Snæberg Hrafnkelsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Elskulegur bróðir okkar,*

**Gunnólfur Sigurjónsson**
Hátúni 8, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 22. september.
Útför hans verður auglýst síðar.

**Sigrún Sigurjónsdóttir**
**Sverrir Sigurjónsson**
**og fjölskyldur.**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skott, **6.** hæð, **8.** meðal, **9.** framkoma, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** í röð, **17.** viður, **18.** skelfing, **20.** klaki, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** létu, **3.** fæddi, **4.** ölvun, **5.** þróttur, **7.** sammála, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** andaðist, **16.** stal, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rófa, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** tu, **17.** tré, **18.** ógn, **20.** ís, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** ól, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** tók, **19.** nr.






# Svíar > Danir

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Svíþjóð var heimsótt í sumarfríinu. Ferðalagið var reyndar allt of stutt – ég yfirgaf Ísland á fimmtudegi með tóma ferðatösku og fulla vasa af seðlum og aðfaranótt mánudags var ég kominn heim – fátækari en nokkru sinni með stútfulla tösku sem komst framhjá vökulum augum tollstjóra *og* hátæknivædda gegnumlýsingu. Atli 1 - Ísland 0.

**SVÍAR** eru töff þjóð sem hefur efni á því að vera töff. Þeir geta ekki samið lag án þess að það fari á toppinn einhvers staðar í heiminum, þeir geta ekki framleitt bíla án þess að þeir séu ógeðslega flottir og öruggir, svona eins og leikkonan Jessica Alba væri með brynvarða húð. Þá virðast þeir ekki geta búið til stelpur án þess að þær séu sætar og yfirleitt líka töff. Fjandinn hirði þig, Karl Gústaf!

**DANIR** eru ekki eins töff. Þeir eru yfirleitt hallærislegir, framleiða ekki bíla og eru í þokkabót leiðinlegir og hrokafullir. Afgreiðslustúlkurnar í Svíþjóð heilsuðu manni alltaf eins og þær væru ánægðar að sjá mann: „Heey!“ – sögðu þær skærri, en vinalegri röddu áður en þær lögðu hornstein að óumflýjanlegu gjaldþroti mínu með því að strauja kortið sem greiddi fyrir óhóflega neysluna. Einu Danirnir sem hafa heilsað mér jafn vinalega voru í bjórafgreiðslunni á Hróarskeldu. Og þeir voru örugglega fullir í vinnunni.

**Á MEÐAN** aðrar þjóðir býsnast yfir fjármálaerfiðleikum okkar og handahófskenndum eldsumbrotum úr iðrum jarðar reyndu Svíar að hlífa sárþjáðri sál minni með tilgerðarlegri fávisku. Ég var t.d. oftar en ekki spurður hvernig lífið væri í Finnlandi. Það er oft talað um að ég sé með finnsk kinnbein þannig að ég kunni vel að meta hugulsemina og svaraði: „olen kunnossa, kiitos“.

**EINA** sem Svíþjóð mætti bæta er afgreiðslutími skemmtistaða. Bjórþyrstir Íslendingar á síðasta kvöldinu sínu í framandi landi eiga erfitt með að kyngja því að þurfa að fara heim klukkan þrjú. Þessu geta Svíarnir auðveldlega kippt í liðinn fyrir næstu heimsókn mína sem verður skipulögð strax eftir að skilanefndin hefur endurskipulagt fjármál mín og lánardrottnar afskrifað skuldirnar.


**BRUEN**

**NLP-Practitioner NÁM** (120 kennslust.)

Öflugt og áhrifaríkt nám fyrir alla sem vilja bæta færni sína í samskiptum og stjórnun. Kennsla hefst 12. okt. og líkur með diplomu 13. des. (kl. 9-18 alla kennslud.)

Kennari: **Hrefna Birgitta Bjarnadóttir,** alþjóðlegur NLP-Trainer/Coach.

Ath. Styrkir frá stéttarfélögum/Vinnumálastofnun.

Nánari upplýsingar um kennsludaga, verð og skráningu eru á **www.bruen.is** og hjá Jóni Bjarna NLP-Practitioner/ACC-Coach í síma: **898 0714** / netfang: **solris.jbb@simnet.is**


## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







**Munum eftir að kveikja útiljósin!**

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Póst:húsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is





„Hollywood“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um stjörnurnar í Hollywood, vini þeirra, gæludýr og samkvæmislíf – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi.
Það eina sem þarf er leitarorð.
**Vísir er með það.**

vísir.is
...ég sá það á Vísi

# Líf eftir Harry Potter

Emma Watson er þegar farin að leggja grunn að lífi eftir að Harry Potter-ævintýrinu lýkur en síðasta myndin um töfrastrákinn verður tekin til sýningar á næsta ári. Og þá þurfa leikararnir að finna sér eitthvað annað að gera. Emma, sem nýlega varð tvítug, hefur samkvæmt breskum blöðum tryggt sér lítið hlutverk í stórmyndinni My Week with Marilyn en meðal mótleikara hennar í þeirri mynd yrðu Kenneth Branagh og Michelle Williams, ekkja Heaths Ledger.

Emma myndi leika aðstoðarkonu Colins Clark en hann var aðstoðarmaður sir Laurence Oliver þegar hann gerði kvikmyndina The Prince and the Showgirl með bandarísku þokkagyðjunni Marilyn Monroe. Sagan segir að Colin þessi hafi orðið hugfanginn af frú Monroe en myndin er byggð á ævisögu hans. Samkvæmt heimildum bresku blaðanna gæti Emma, sem nú stundar nám í Brown-háskólanum í Bandaríkjunum, tekið upp sín atriði á tiltölulega skömmum tíma þannig að vinnan kæmi ekki til með að hafa áhrif á skólagönguna.



**UNDIRBÝR FRAMHALDSLÍF** Emma Watson gæti leikið í kvikmynd á móti Kenneth Branagh og Michelle Williams.



**MEÐ THE CHARLIES** Þorvaldur Örn Kristmundsson með stúlkunum í The Charlies á opnuninni í Los Angeles.

# Kókflöskusýning í Los Angeles

**Ljósmyndasýning með verkum Þorvaldar Arnar Kristmundssonar var opnuð í Los Angeles á dögunum. Stúlkurnar í The Charlies sungu fyrir gesti.**

„Þetta var hrikalega flott „sjóv“. Kaninn kann að gera þetta,“ segir ljósmyndarinn Þorvaldur Örn Kristmundsson.

Sýning með verkum Þorvaldar Arnar var opnuð í Los Angeles á dögunum í hinu virta KONA-galleríi. Sýningin nefnist Náttúra er vörumerki, eða Nature is a Brand og er sú sama og Þorvaldur hélt í Gerðarsafni í vor þar sem þemað var kókflöskur úti í íslenskri náttúru.

Fjöldi fólks úr bandaríska fjölmiðlaheiminum mætti á opnunina, þar á meðal yfirmenn hjá sjónvarpsstöðinni NBC, blaðamaður Los Angeles Times og ljósmyndarinn Renee C. Byer, sem hlaut Pulitzer-verðlaunin fyrir þremur árum. Þorvaldur hafði í nógu að snúast við að taka á móti öllum gestunum en þekkti ekki næstum því alla sem hann heilsaði. „Menn eru ekkert að flagga titlum þegar þeir eru að heilsa manni,“ segir hann.

Hljómsveitin The Charlies steig á svið undir lok kvöldsins við góðar undirtektir. „The Charlies stóð sig rosalega vel. Þær eru miklu betri núna en þær hafa nokkurn tímann verið. Þær eru orðnar mjög þjálfaðar í að syngja og röddin er flott hjá stelpunum,“ segir Þorvaldur Örn. Gestirnir hrifust mjög af stúlkunum. „Þeim fannst ótrúlegt að fá stelpurnar til að syngja, út af Íslandstengingunni. Það elska allir Ameríkanar Ísland og tala um að Ísland sé eins og tunglið eða að Ísland sé frábært.“

Sýningin hans fer líklega til Atlanta í Georgíu í desember, auk þess sem honum hefur verið boðið að sýna í New York á næsta ári í galleríi í Tribeca-hverfinu. „Það er spurning hvort ég fái Björk til að koma þar fram,“ segir Þorvaldur og hlær.

freyr@frettabladid.is

# Berst gegn hungri

Söngkonan Christina Aguilera tjáir sig um hungursneyð í nýju hvatningarmyndbandi. Þar skorar hún á fólk að láta sig málið varða. „Ég sá andlit vannærðra barna á Haítí og í Gvatemala þegar ég fór þangað með matvælahjálp Sameinuðu þjóðanna og það var virkilega erfitt,“ sagði hin 29 ára söngkona, sem er sendiherra Sameinuðu þjóðanna í matvælaaðstoðinni. „Sem móðir veit ég hversu mikilvægt er að fólk fái rétta matinn á réttum tíma og þess vegna er ég staðráðin í að berjast gegn hungursneyð.“



**CHRISTINA AGUILERA** Söngkonan tjáir sig um hungursneyð í nýju myndbandi.







Kammerkór Reykjavíkur getur bætt við nokkrum sópran og alt röddum, sem gætu jafnframt tekið að sér að syngja einsöng með kórnum.

Æft er á þriðjudags-kvöldum.

Á efnisskránni er G-dúr messa Franz Schubert.

Hafið samband í síma 6612345 eða 8981792.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Næsta listmunauppboð 4. október

Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Frumsýning laugard. 9. október kl. 20 – UPPSELT
Fimmtud. 14. október kl. 20 – ÖRFÁ SÆTI LAUS
Föstud. 29. október kl. 20 – UPPSELT
Sunnud. 31. október kl. 20 – ÖRFÁ SÆTI LAUS
Laugard. 6. nóvember kl. 20 – UPPSELT
Sunnud. 7. nóvember kl. 20 – ÖRFÁ SÆTI LAUS



GIUSEPPE VERDI
RIGOLETTO
ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
ÞÓRA EINARSDÓTTIR · JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON · SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR
BERGÞÓR PÁLSSON · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR
LEIKMYND: ÞÓRUNN SIGRÍÐUR ÞORGRÍMSDÓTTIR
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON · LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

WWW.OPERA.IS SÍMI MIÐASÖLU 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

# Helstirnið

Leikhús ★★★★

**Enron - Borgarleikhúsið**
Höfundur: Lucy Prebble

Leikstjóri: Stefán Jónsson

Aðalhlutverk: Stefán Hallur Stefánsson, Bergur Þór Ingólfsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Hjalti Rögnvaldsson.



Á fimmtudagskvöld var ein „heitasta“ leiksýning nútímans, Enron eftir Lucy Prebble, frumsýnd í Borgarleikhúsinu.

Sagan um Enron, ris þess og fall, er flestum kunn. Hún átti eftir að endurtaka sig hér á Íslandi þegar fjármálakerfið hrundi.

Höfundur velur mjög nákvæma heimildarvísun raunverulegu atburðanna sem leiddi til stærsta gjaldþrots vestanhafs, fram að þeim tíma. Lucy Prebble ræðst hér inn í karlaveldið og sýnir okkur vel nokkrar staðlaðar myndir þeirra jakkafataklæddu „snillinga“ sem í ábyrgðarlausum tryllingslegum leik rústa líf ekki aðeins þúsunda manna heldur milljóna.

Fimmtán manna leikhópur kemur sögunni til skila. Kvikmyndir, klipp úr sjónvarpsþáttum, forsetaframboð Bush yngri, Clinton og sannleikurinn auk fleiri myndskeiða vefjast inn í leikinn og litskrúðugar tölur (sem segja ekki neitt) æsa hina gráklæddu piltstúfa og kauphallarbrjálæðinga sem dansa, rappa og sturlast jöfnum höndum eftir því sem hlutabréf hníga og falla. Í hópatriðum er vel sýnt hvernig sefjunin á sér stað, ekki ósvipað og hjá öfgatrúarhópum.

Stefán Hallur Stefánsson fer með hlutverk forstjórans Jeffrey Skilling. Hann virðist í upphafi vera lærdómsfús, heldur við aðalgellu fyrirtækisins, sem auk þess að vera nokkuð glyðruleg er greinilega sú sem stjórnar fyrirtækinu fyrir hönd hins aldraða Ken Lay, sem hefur meiri áhuga á frístundabrasi og hinu ljúfa lífi heldur en rekstri fyrirtækisins. Í stað þess að velja Claudiu sem forstýru lætur hann Skilling tala sig til. Stefán Hallur skilar vel þessum unga metnaðargjarna einstefnumanni sem virðist í upphafi trúa á hugmyndafræðina.

Sér til aðstoðar fær Skilling fjármálasnillinginn Andy Fastow til þess að byggja nýtt viðskiptamódel: eðluétandi geymslu milljónataps, sem hér í daglegu tali gengur undir nafninu skúffufyrirtæki. Bergur Þór Ingólfsson leikur Andy eftirminnilega.

Persónur þeirra Stefáns Halls og Bergs Þórs eru flottar andstæður auk þess sem samleikur þeirra er góður. Jóhanna Vigdís Arnardóttir fer með hlutverk Claudiu og sýnir að vanda styrk og útgeislun. Þótt Claudia sé vel að sér og hafi ratað á forsíður blaða sem ein valdamesta kona veraldar er hún engu að síður aðeins kyntákn þegar til kastanna kemur. Að bera Jóhönnu Vigdísi hér saman við vammlausu stúlkuna sem hún lék í „Fjölskyldunni“ sýnir hversu fantagóð leikkona hún er.

Enron er mikið sjónarspil og varla sú danshefð amerísk sem ekki brýst fram, né heldur atriði úr fjölmiðlum sem menn ekki kannast við. Sjónvarpsfréttakonan sem gjammar og strýkur meðhárs er líklega mörgum kunn. Halldóra Geirharðs sýndi snilldartakta í túlkun hennar.

Sterkustu atriðin voru þegar venjulega fólkið kom til fundar við „snillinginn“ og sagði frá sínum óförum. Halldór Gylfason í hlutverki öryggisvarðarins sem tapaði öllu verður eins og lóðið sem dregur loftbólurnar niður á jörðina.

Hjalti Rögnvaldsson fer með hlutverk Ken Lay, látinn vera fremur afskiptalaus með meiri áhuga fyrir pólitískum vinum sínum, en þó sá sem heldur um stjórnartaumana bakvið tjöldin. Skýrmæltur að vanda kemur hann klisjunum vel til skila. Vigdís Gunnarsdóttir og Ellert A. Ingimundarson sem þingmenn og hlutabréfasali voru frábær.

Það eru mörg hnyttin atriði í sýningunni sem koma skemmtilega á óvart, en að ósekju hefði mátt draga úr útskýringum. Leikur ljósa og tóna fylgdi vel og espaði upp hysteríuna sem einnig þróaðist vel með leikurum. Þetta var vel samsettur leikhópur og virðist sýn leikstjórans og markmið skýr þó svo að hópatriði hafi oft verið of löng í fyrri hlutanum.

Ein aðalsnilldin hjá Jeffrey Skilling var rafmagnsævintýrið í Kaliforníu, þar sem örfáir brjálæðingar í krafti frjálshyggjunnar slökktu í eiginlegri merkingu á sjötta stærsta hagkerfi veraldar. Fjárkúgun eftir að regluverkið hafði verið lagt í auðn. Er nokkur von til þess að Nýja Ísland dragi lærdóm af þessu?

**Elísabet Brekkan.**

**Niðurstaða:** Góð leikræn útskýring á hruninu.



## Laugardagurinn, 25. september / Sunnudagurinn 26.september
Saturday, September 25th / Sunday, September 26th

Reykjavík International Film Festival
September 23 – October 3 2010

| | Laugardagur 25. september | Sunnudagur 26. september | |
|---|---|---|---|
| 14:00 | Gaza's Winter/ Last truck Q&A | Aardvark | • Háskólabíó 2 |
| | | Soul Kitchen | • Háskólabíó 3 |
| | Elio Petri : Notes On An Filmmaker | Good Fortune | • Iðnó |
| | Tricks | Forest | • Bíó Paradís 1 |
| | In the Attic | In the Attic | • Bíó Paradís 2 |
| | Aurora | Silent Souls | • Bíó Paradís 3 |
| | Ploddy, The Police Car Makes A Splash | Tricks | • Bíó Paradís 4 |
| | Song of Tomorrow | Monica & David | • Hafnarhúsið |
| | The Eagle Hunter's Son | Winds Of Sand, Women Of Rock | • Norræna Húsið |
| 16:00 | Stand up girls (Uppistands-stelpur)/Island Uganda Q&A | Steam of Life | • Háskólabíó 2 |
| | Soul Kitchen | The Anchorage | • Háskólabíó 3 |
| | Strella – A Woman's Way | Womb | • Háskólabíó 4 |
| | Which Way Home | Do It Again | • Iðnó |
| | Forest | Honeymoons | • Bíó Paradís 1 |
| | One Hundred Mornings Q&A | Flowers of Evil | • Bíó Paradís 2 |
| | | The Blood of the Rose | • Bíó Paradís 3 |
| | Three Seasons in Hell | Ploddy, The Police Car Makes A Splash | • Bíó Paradís 4 |
| | Last Train Home | Silent Souls | • Hafnarhúsið |
| | Addicted in Afghanistan Q&A | Three Backyards | • Norræna Húsið |
| 18:00 | The Palace (Höllin)/The Last Ride (Kraftur)Q&A | Icelandic Shorts 1 Q&A | • Háskólabíó 2 |
| | Womb | A Somewhat Gentleman | • Háskólabíó 3 |
| | Little Blue Nothing Q&A | Toxic Playground | • Iðnó |
| | The Most Dangerous Man In America Q&A | Fake Orgasm Q&A | • Bíó Paradís 1 |
| | The Blood of the Rose Q&A | You are Not I | • Bíó Paradís 2 |
| | Genius Within - The Inner Life of Glenn Gould | Today Is Better Than Two Tomorrows | • Bíó Paradís 3 |
| | 18:30 Attenberg Q&A | Tomorrow | • Bíó Paradís 4 |
| | 18:30 The Experiment | 18:30 Bad Family | • Háskólabíó 4 |
| | A Sea Change | PilgrIMAGE Q&A | • Hafnarhúsið |
| | The Biggest Chinese Restaurant in The World | The Hunt For The Nordic Taste & Cooking Event | • Norræna Húsið |
| 20:00 | Cyrus | Last Train Home | • Háskólabíó 2 |
| | Housing | Where's the Snow ? Q&A | • Iðnó |
| | Jo for Jonathan Q&A | Three Seasons in Hell Q&A | • Bíó Paradís 1 |
| | The Edge of Dreaming Q&A | 21:00 How I Ended this Summer | • Bíó Paradís 2 |
| | 20:30 The Anchorage | The Cameramurderer | • Háskólabíó 3 |
| | 20:30 At Ellen's Age | Splinters | • Bíó Paradís 4 |
| | 21:00 Inside America | Shungu/Every Day But Sunday | • Bíó Paradís 3 |
| | Winds Of Sand, Women Of Rock | The Biggest Chinese Restaurant in The World | • Hafnarhúsið |
| | Do It Again | Kings of Pastry | • Norræna Húsið |
| 22:00 | The Edge | Manufacturing Consent Q&A | • Háskólabíó 2 |
| | 22:30 Big Man Japan | The Experiment | • Háskólabíó 3 |
| | Budrus | Aurora | • Iðnó |
| | Submarino Q&A | 22.30 Submarino | • Bíó Paradís 1 |
| | The Four Times | | • Bíó Paradís 2 |
| | Silent Souls | Gaza's Winter /Last truck Q&A | • Norræna Húsið |
| | | ODDSAC | • Bíó Paradís 3 |
| | 22:30 Nuummioq | 22:30 Mother Gogo | • Bíó Paradís 4 |
| Sérviðburðir: | | | |
| 12:00 - 15:00 | Ameríska kvikmyndarútan | Ameríska kvikmyndarútan | • Hartatorgið Hljómalindarreit |
| 13:00 - 16:00 | 13:00 Workshop Amy Hardy/16:00 Workshop Philipp Hoffman | 16:00 Workshop David Edelstein | • Þjóðminjasafnið |
| 20:00 | | Iceland Airwaves tónleikar/Q&A | • Iðnó |
| 21:00 | Stelpu-uppistand og fullnægingarkeppni | | • Næsti bar |

epli.is Iceland Express CENTER HOTELS

# HVER KVEIKIR Í ÞÉR?

## HASARGÓÐIR HÖRKUKRIMMAR FRÁ FORLAGINU

„[Åsa Larsson er] ný drottning sænskra glæpasagna.“
ELLE




„Ég gat ekki lagt bókina frá mér og mun hiklaust mæla með henni.“
IG / MBL




FORLAGIÐ

*Alvöru netbókabúð*

www.forlagid.is

> **STRÖNG MÓÐIR**

**Madonna** þykir mjög strangur uppalandi og mega börn hennar meðal annars hvorki neyta sykurs né horfa á sjónvarp. Elsta dóttir Madonnu, Lourdes, verður fjórtán ára í október og hefur fengið leyfi móður sinnar til að lita á sér hárið í fyrsta sinn. Stúlkan segist ætla lita hárið á sér rautt, en hún er dökkhærð.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Sólskinsdrengurinn lofaður í Ameríku

Íslenska heimildarmyndin Sólskinsdrengurinn fær lofsamlega dóma í bandarísku stórblöðunum New York Times og Los Angeles Times. Myndin var frumsýnd í Bandaríkjunum og Bretlandi í gær og því nokkuð skammt stórra högga á milli hjá Friðriki Þór Friðrikssyni, leikstjóra myndarinnar, því önnur kvikmynd hans, Mamma Gógó, hefur einnig fengið flotta dóma, meðal annars hjá Variety.

New York Times sparar ekki stóru orðin í sinni gagnrýni. Gagnrýnandinn Andy Webster segir enska talsetningu Kate Winslet hafa heppnast einstaklega vel og að þótt titill myndarinnar gefi það til kynna að Margrét Dagmar Ericsdóttir,



**JÁKVÆTT** Gagnrýnendur hjá New York Tims og Los Angeles Times hrósa Sólskinsdrengnum.

mamma sólskinsdrengsins Kela, sé í aðalhlutverki þá fjalli myndin meira um ástæður og eðil einhverfu. Webster segir í lokaorðum sínum að það hafi verið ótrúlegt að sjá Margréti ná loks sambandi við son sinn handan veggja einhverfunnar, það eigi eftir að hreyfa við áhorfendum.

Michael Ordoña hjá Los Angeles Times fer yfir sögu Margrétar og Kela eins og hún birtist í myndinni og til hvaða ráða þau hafi gripið. Ordoña segir hins vegar að myndin nái ákveðnum hæðum þegar fjölskyldan kemur til Texas og kynnist hinni indversku Soma. „Það er virkilega hjartnæmt að fylgjast með fjölskyldu sem þráir það eitt að geta tengst syni sínum. Og þeim, sem eru fullir efasemda um myndina eins og ég var, get ég sagt að þetta er virkilega falleg og heillandi mynd," skrifar Ordoña.

- fgg

# Beckham vill tæpan milljarð

Knattspyrnumaðurinn David Beckham hyggst láta sverfa til stáls í baráttu sinni við bandaríska tímaritið In Touch og vændiskonuna Irmu Nici. In Touch birti í fyrradag frétt þess efnis að Beckham hefði greitt Irmu og vinkonu hennar fúlgur fjár fyrir kynlífsleiki. Beckham hyggst krefja Irmu um fimm milljónir punda sem samsvarar rúmum níu hundruð milljónum íslenskra króna en hún ku vera horfin af yfirborði jarðar eftir að fréttin birtist, að því er fram kemur í breska blaðinu The Sun. Beckham segir að hann muni gera allt sem í hans valdi stendur til að finna hana, velta við hverjum steini.



**ÆTLAR AÐ VERJA SIG** Beckham lætur ekki vaða yfir sig.








**FLYTUR TIL ÚTLANDA Í FYRSTA SINN** Dóri DNA hlakkar mikið til að flytja til Þýskalands og er að eigin sögn altalandi á þýsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dóri DNA flytur til Þýskalands

**Rapparinn og uppistandarinn Dóri DNA segist þurfa á tilbreytingu að halda og flytur út eftir helgi.**

„Ég flyt út á þriðjudaginn og hlakka mikið til," segir Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, en hann er flytja til Þýskalands í skiptinám. Dóri nemur fræði og framkvæmd við Listaháskóla Íslands en hann hyggst vera úti í hálft ár. „Ég er mikill heimalningur í mér svo þetta er í fyrsta sinn sem ég flyt út fyrir landsteinana – en finn að ég þarf á því að halda," segir Dóri og bætir við að íslenskur samtími sé svo sorglegur að hann hlakki bara til að sleppa við að lesa blöðin á morgnana og gráta yfir örlögum landsins síns. „Þetta er eitthvað sem maður verður að prufa en skólinn er í litlum bæ fyrir utan Frankfurt og við erum tveir frá Íslandi að fara í saman," segir Dóri og viðurkennir að það eigi eftir að slá aðeins á heimþrána.

Þegar Fréttablaðið náði af Dóra tali var hann staddur í New York þar sem hann hefur verið að vinna að viðtölum fyrir heimildarmyndina HKL ásamt móður sinni, Guðnýju Halldórsdóttur. „Þetta er búið mjög skemmtileg ferð þar sem við erum búin að lenda í vandræðum fyrir utan Hvíta húsið, skoða frelsisstyttuna og fara um upptökustaði The Wire-þáttanna," segir Dóri en hann kemur heim í dag í tæka tíð fyrir kveðjupartýið sitt sem haldið verður á Prikinu í kvöld. „Ég vonast til að sem flestir sjái sér fært að skála við mig í kvöld. Allir velkomnir," segir Dóri glaður í bragði að lokum.

alfrun@frettabladid.is




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Í vondum málum



Írski söngvarinn **Bono** gæti verið í verulegum vandræðum eftir að New York Post upplýsti að aðeins eitt prósent úr góðgerðasjóði hans rynni í raun og veru til góðgerðarmála, stærstum hluta fjármunanna væri varið til launagreiðslna og markaðsmála. Bono gæti átt yfir höfði sér málssókn vegna málsins að því er kemur fram í New York Post. Talsmaður sjóðsins vísaði hins vegar ásökunum á bug.

### Fækka fötum



Fjölmiðlar birtu í gær fréttir þess efnis að bandaríska leikkonan Jessica Alba sæist heldur fáklædd í hasarspennumyndinni Machete. Þetta þótti sæta nokkrum tíðindum því Alba er kaþólsk og ætlaði aldrei að sýna allt fyrir framan tökuvélarnar. Það kemur hins vegar kannski minna á óvart að í þessari sömu mynd fækkar **Lindsay Lohan** fötum þannig að leikstjóri myndarinnar, Robert Rodrigues, virðist eiga fremur auðvelt með að sannfæra fólk.

### Lopez skömmuð



Skólastjóri Holy Family School hefur skammað bandarísku leikkonuna **Jennifer Lopez** fyrir að gefa ekki nægjanlega af sér. Lopez gekk í umræddan skóla en hefur víst lítið hirt um að hjálpa honum þrátt fyrir mikil fjárhagsvandræði. Claire La Tempa, skólastýran hvassyrta, segir Lopez ekki einu sinni hafa gefið geisladisk en hún vonist til að fá bleika demantshringinn sem Ben Affleck gaf henni þegar þau trúlofuðu sig.

### Radiohead tekur upp



**Thom Yorke** og félagar í hljómsveitinni Radiohead ætla að skella sér í hljóðver til að skoða þau lög sem hafa safnast í sarpinn að undanförnu. „Við höfum unnið að nýju efni með hléum í eitt ár," sagði trommarinn Phil Selway sem nýlega gaf út sína fyrstu sólóplötu. „Við ætlum að hittast og sjá hvort við getum notað efniviðinn og búið til eitthvað meira úr honum." Síðasta plata Radiohead, In Rainbows, var fáanleg ókeypis á Netinu. Bassaleikarinn Colin Greenwood segir óvíst hvenær nýja platan verður gefin út.





HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF



## Sértilboð til Antalya í Tyrklandi 26. október í 9 nætur frá kr. 139.700



Kr. **139.700** – Porto Bello *****
Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi, allt innifalið.
Sértilboð 26. október í 9 nætur.

Kr. **169.800** – Porto Bello *****
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið. Sértilboð 26. október í 9 nætur.

Kr. **157.140** – Sherwood Breezes Resort *****
Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi, allt innifalið.
Sértilboð 26. október í 9 nætur.

Kr. **187.900** – Sheerwood Breezes Resort *****
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið. Sértilboð 26. október í 9 nætur.

**Heimsferðir bjóða frábæra haustferð til Antalya í Tyrklandi þann 26.október í 9 nætur.**
Antalya er einn allra vinsælasti ferðamannastaður Tyrklands og þar er veðurlag mjög þægilegt í október og nóvember. Glæsileg hótel og fjölbreytt mannlíf og fyrsta flokks aðstæður í hvívetna fyrir ferðamenn.

Heimsferðir

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**FJÖLSKYLDAN HJÁLPAR** Michael Douglas leikari segir unga syni sína hjálpa sér í baráttunni við krabbameinið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Synir Douglas hjálpa til

**Leikarinn Michael Douglas segir að krabbameinið hafi að einhverju leyti sameinað fjölskyldu hans og að hann leyfi sonum sínum að koma með sér á spítalann í geislameðferðir. Douglas, sem greindist með krabbamein í tungunni fyrr í sumar, segir syni sína hjálpa sér í baráttunni við sjúkdóminn og ástæðulaust sé að halda þessu leyndu fyrir þeim. Synir hans eru sjö og tíu ára gamlir en þá á hann með konu sinni Catherine Zeta-Jones. Douglas segir í samtali við dagblaðið Daily Telegraph að hann sé farinn að snúa sér að íhugun og slökun til að vinna á krabbameininu.**

# Óttast um Michael

Fangelsismálayfirvöldum verður gert skylt að fylgjast grannt með andlegri heilsu breska söngvarans George Michael. Þetta kom fram í The Sun í gær. Samkvæmt dómara í máli hans er ljóst, af viðbrögðum hans við dómnum, að raunveruleg hætta sé á því að hann geti skaðað sjálfan sig á meðan á fangelsisvistinni stendur. Michael var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að hafa ekið á Range Rover-bifreið sinni inn í búð í London. Michael reyndist vera undir áhrifum kannabisefna.



**NÝJA DÓMNEFNDIN** Nýja dómnefndin í American Idol ætlar ekki að nota sömu aðferðir og Simon Cowell.

# Dómnefndin ekki grimm

**Framleiðandi American Idol, Nigel Lythgoe, hefur lofað því að í næstu þáttaröð verði dómnefndin ekki eins grimm og þegar Simon Cowell var formaður dómnefndar. „Keppendur verða ekki niðurlægðir," sagði hann. Nýju dómararnir, Steve Tyler og Jennifer Lopez, hafa einnig sínar skoðanir á dómarastarfinu. „Ég get alveg verið ströng en ég held að ég gæti aldrei verið grimm við annan listamann," sagði Lopez. „Það eru örugglega aðrar leiðir til að koma skilaboðunum á framfæri." Tyler talaði um að koma rokkinu meira að í þáttunum, endar syngur hann með rokksveitinni Aerosmith.**

# Fylgdist vel með gengi múm

Sellóleikarinn Gyða Valtýsdóttir, sem gerði garðinn frægan með hljómsveitinni múm hér á árum áður, heldur tónleika í Norðurpólnum í kvöld ásamt slagverksleikaranum Julian Sartorius. Þau hafa spilað saman sem tvíeyki í tæpt ár og eru þetta fyrstu tónleikar þeirra hér á landi.

„Ég var í múm á unglingsaldri en hætti í sveitinni til að einbeita mér að náminu í Listaháskóla Íslands. Eftir útskrift stakk ég svo af til Rússlands og var þar í einn vetur. Ég hafði verið að spila mikið af rússneskri tónlist á þessum tíma og í gegnum það vaknaði áhugi minn á landinu," útskýrir Gyða og bætir við að hún hafi svo endað í borginni Basil í Sviss þar sem hún hóf meistaranám í klassískum sellóleik.

Aðspurð segist Gyða hafa fylgst nokkuð vel með gengi múm í gegnum tíðina, en tvíburasystir hennar söng áfram með sveitinni eftir brotthvarf Gyðu. „Mér var reyndar boðið að spila með hljómsveitinni í Kraká fyrir stuttu og það fannst mér mjög gaman. Það var skemmtilegt að sjá hvert þau voru komin heilum átta árum síðar."

Gyða og Sartorius leika blöndu af spunatónlist og sönglögum sem þau hafa fundið á ferðum sínum og segir Gyða mikið frelsi felast í því að leika spuna. „Spuni er oft rangtúlkaður og vanmetinn og ég skil vel hvers vegna," segir Gyða „En spuni er þó ávallt til staðar í allri sköpun, þá flæðir óhindrað upp úr djúpum undirmeðvitundarinnar án ritskoðunar heilans."

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20 og er miðaverð 1.000 krónur. **- sm**



**TEKUR ÁHÆTTU** Gyða Valtýsdóttir heldur tónleika ásamt Julian Sartorius í Norðurpólnum í kvöld.




# sport

sport@frettabladid.is



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON** verður í sömu stöðu í dag og árið 2008. Þá, líkt og nú, var Tryggvi í leikbanni í lokaumferðinni þar sem hans lið átti möguleika á því að vinna titilinn. FH-liðið þá þurfti eins og Eyjaliðið nú að vinna bæði sinn leik og treysta á úrslit í öðrum leikjum. FH vann þá titilinn, þökk sé sigri Fram í Keflavík, og nú er að sjá hvort Eyjamenn fá sömu hjálp frá Stjörnumönnum í dag.

Hinn ungi Gunnar Jarl dæmir stórleik dagsins:

## Vonandi taka menn sem minnst eftir mér

**FÓTBOLTI** Hinn 27 ára gamli dómari, Gunnar Jarl Jónsson, fær það verðuga verkefni að dæma stórleik dagsins í Garðabænum. Gunnar Jarl er næstyngsti dómari deildarinnar en hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir góða dómgæslu í sumar. Hann er svo verðlaunaður með því að fá þennan risaleik í dag.

„Þetta er klárlega minn stærsti leikur á ferlinum. Ég hef dæmt nokkra stóra leiki í sumar og þar á meðal leik Hauka og FH. Það toppar samt ekki þennan leik þar sem allt er undir,“ sagðu Gunnar Jarl en hann átti ekki von á því að dæma leik í lokaumferðinni. Taldi sig vera búinn með leikjakvóta sumarsins. En er hann stressaður?

„Nei, ég get ekki sagt það. Ég verð ekki stressaður fyrir leiki. Ég stefni á að dæma eins og ég geri venjulega og vonandi taka menn sem minnst eftir mér í leiknum. Svona leikir eiga að ráðast á fótboltanum en ekki dómgæslunni.“

Hina stórleikina dæma dómararnir þrautreyndu, Jóhannes Valgeirsson og Kristinn Jakobsson.

Kristinn fær að dæma Framleikinn þó svo hann sé KR-ingur enda afar litlar líkur á því að Fram geti náð KR í deildinni.

Það vekur síðan athygli að Jóhannes Valgeirsson fái stórleikinn í Keflavík en dómgæsla Jóhannesar í síðustu tveim leikjum sínum hefur verið afar umdeild og hann ekki upp á sitt besta í þeim leikjum eftir að hafa dæmt mjög vel í sumar. - hbg



**EFNILEGUR** Hinn 27 ára gamli Gunnar Jarl dæmir leik Stjörnunnar og FH.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Dómarar í dag

| | |
|---|---|
| Stjarnan-Breiðablik | Gunnar Jarl Jónsson |
| Keflavík-ÍBV | Jóhannes Valgeirsson |
| Fram-FH | Kristinn Jakobsson |
| KR-Fylkir | Þóroddur Hjaltalín |
| Selfoss-Grindavík | Örvar Sær Gíslason |
| Haukar-Valur | Erlendur Eiríksson |





**ENSKI BOLTINN** 25. SEPTEMBER 2010 — 1 X 2

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Liverpool – Sunderland | ÚRV.D. | |
| 2. | Arsenal – W.B.A. | | |
| 3. | Birmingham – Wigan | | |
| 4. | Blackpool – Blackburn | | |
| 5. | Fulham – Everton | | |
| 6. | West Ham – Tottenham | | |
| 7. | Leeds – Sheff. Utd. | | |
| 8. | Scunthorpe – Ipswich | 1. D. | |
| 9. | Burnley – Bristol City | | |
| 10. | Nottingham Forest – Swansea | | |
| 11. | Q.P.R. – Doncaster | | |
| 12. | Reading – Barnsley | | |
| 13. | Watford – Middlesbro | | |

38. LEIKVIKA — SÖLU LÝKUR 25. SEPT. KL. 13.00

**Stærstu nöfnin** eru í Enska boltanum og nú er **potturinn** orðinn **ennþá stærri**. Vertu með og tippaðu fyrir kl. 13 í dag.

68.000.000 (13 R.)
25.500.000 (12 R.)
20.400.000 (11 R.)
42.500.000 (10 R.)

1X2

TIPPAÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á 1X2.IS


# Bara einn leikur af 22

**Í dag ráðast úrslitin í Pepsi-deild karla. Þrjú lið – Breiðablik, ÍBV og FH – eiga möguleika á að vinna Íslandsmeistaratitilinn. Blikar eru á toppnum en Ólafur Kristjánsson, þjálfari liðsins, lítur á leikinn eins og hvern annan á tímabilinu.**

